Bliki

20

FEBRÚAR 2000

TÍMARIT UM FUGLA

Bliki

TÍMARIT UM FUGLA
Nr. 20 – febrúar 2000

Bliki er gefinn út af Náttúrufræðistofnun Íslands í samvinnu við Flækingsfuglanefnd, Fuglaverndarfélag Íslands, Líffræðistofnun háskólans og áhugamenn um fugla. Birtar eru greinar og skýrslur um íslenska fugla ásamt smærri pistlum um ýmislegt sem að fuglum lýtur.

Ritnefnd: Guðmundur A. Guðmundsson (ritstjóri), Arnór Þ. Sigfússon, Arnþór Garðarsson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson, Jóhann Óli Hilmarsson og Kristinn H. Skarphéðinsson.

Afgreiðsla: Náttúrufræðistofnun Íslands, Hlemmi 3, pósthólf 5320, 125 Reykjavík. – Sími: 562 9822. – Bréfasími: 562 0815. – Tölvupóstur: bliki@ni.is.

Áskrift: Ritið kemur út a.m.k. einu sinni á ári. Hvert hefti er verðlagt sérstaklega og innheimt með gíróseðli (gíróreikningur nr. 29822-0). Þeir sem þess óska geta látið skrá sig á útsendingarlista og fá þá ritið við útgáfu.

Greinar, sem óskast birtar, skulu sendar ritstjóra *Blika* á Náttúrufræðistofnun. Höfundar fá 25 sérprent af greinum sínum endurgjaldslaust.

Bliki is published by the Icelandic Institute of Natural History in cooperation with the Icelandic Rarities Committee, the Icelandic Society for the Protection of Birds, the Institute of Biology (University of Iceland), and birdwatchers. The primary aim is to act as a forum for previously unpublished material on Icelandic birds, in the form of longer or shorter papers and reports. The main text is in Icelandic, but summaries and figure and table texts in English are provided, except for some shorter notes.

Editorial board: Guðmundur A. Guðmundsson (editor), Arnór Þ. Sigfússon, Arnþór Garðarsson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson, Jóhann Óli Hilmarsson and Kristinn H. Skarphéðinsson.

Circulation: Icelandic Institute of Natural History, PO Box 5320, IS-125 Reykjavík, Iceland. – Phone: +354-562 9822. – Fax: +354-562 0815. – E-mail: bliki@ ni.is.

Subscription: *Bliki* appears at least once each year. Each issue is priced and charged for separately, hence there is no annual subscription. Those wishing to receive future issues of the magazine, will be put on the mailing list. Payment is by an invoice or postal giro (account no. 29822-0). Offers of exchange of bird journals, will be considered.

Articles and contributions should be sent to the editor. Authors of major articles receive 25 reprints, free of charge.

Veffang: http://ni.is/bliki.htm

© 2000 Bliki – ISSN 0256-4181

Ábyrgðarmaður: Guðmundur A. Guðmundsson.
Umbrot: Gunnlaugur Pétursson / BLIKI
Filmugerð og litgreining: Prentsmiðjan Grafík hf.
Prentun og bókband: Prentsmiðjan Grafík hf.

Note to foreign readers: The Icelandic letters Ðð, Þþ, Ææ, Öö and vowels with an acute accent (Áá, Éé, Íí, Óó, Úú, Ýý) are used in all Icelandic and foreign texts. In the reference lists "HEIMILDIR" Icelandic authors are listed by their Christian name, as is customary in Iceland.

Forsíðumynd – *Front cover*:
Flórgoði *Podiceps auritus* á hreiðri við Mývatn.
9. júní 1974.
Ljósm. Hjálmar R. Bárðarson.

Árni Einarsson

Flórgoðavarpið í Mývatnssveit

Undanfarna áratugi hefur flórgoðum fækkað víða um land og talning á höfuðstöðvum hans í Mývatnssveit sumarið 1990 sýndi fækkun þar. Ítarleg talning á varppörum flórgoða við Mývatn og nágrenni sumarið 1998 leiddi í ljós að flórgoðum hafði fjölgað umtalsvert að nýju miðað við gögnin frá 1990. Árlegar talningar á vatnafuglum við Mývatn að vorlagi, sem fram hafa farið síðan 1975, sýna sömu þróun.

Inngangur

Flórgoðinn *Podiceps auritus* (1. mynd) er vatnafugl, sem er algengur í Þingeyjarsýslum, einkum Mývatnssveit, en fremur fátíður í öðrum landshlutum. Mestu flórgoðavötnin hér á landi eru Mývatn og Sandvatn (ytra) í Mývatnssveit og Víkingavatn í Kelduhverfi, en flórgoðinn verpur einnig við smávötn, tjarnir og straumvötn. Flórgoðinn kemur snemma á varpstöðvarnar, yfirleitt í apríl, áður en ísa hefur leyst til fulls af Mývatni eða nærliggjandi vötnum. Fuglarnir halda til í gisnum hópum á vökunum, en þegar ísinn hverfur dreifast pörin og helga sér óðul. Fuglarnir eru þegar komnir í varpskrúðann er þeir birtast á vorin, og næstu vikurnar eru iðkaðir flóknir biðilsleikir með tilkomumiklum dansi þar sem pörin bera hreiðurefni í nefinu og reisa glæsilega fjaðurskúfana. Flórgoðinn gerir sér hreiðurdyngju úr vatnaplöntum, og flýtur hún venjulega í vatnagróðri eða slútandi runnum við vatnsbakkann. Stundum gera flórgoðarnir auka dyngju í nágrenninu sem þeir nota til mökunar en ekki varps. Ungarnir, einn til tveir að tölu, sjaldnar þrír, eru lítt sjálfbjarga í fyrstu.



1. mynd. Flórgoði í vorbúningi. – *A Slavonian Grebe in breeding plumage.* – Jóhann Óli Hilmarsson.

2. mynd. Varpland flórgoðans við Mývatn. – *Breeding habitat of Slavonian Grebe at Lake Mývatn.* – Árni Einarsson.

Þeir dvelja stutt í hreiðrinu en halda sig gjarnan á baki foreldranna, sem mata þá. Fjölskyldan heldur sig i nánd við hreiðrið fyrsta kastið, fuglarnir sitja stundum á hreiðrinu, en fara í leiðangra út á vatnið með ungana á bakinu er þeir stækka. Seinna um sumarið, þegar ungarnir taka að kafa á eigin spýtur, rofna fjölskylduböndin og hópar myndast á nokkrum stöðum á stærstu vötnunum. Oft eru tugir fugla i hverjum hópi. Hóparnir hvílast þar sem vatnagróður nær til yfirborðs og vatnið er kyrrt, en fuglarnir fara i ætisleiðangra þaðan lengra út á vatn. Fullorðnu fuglarnir missa flugfjaðrirnar og verða ófleygir á tímabili, líkt og gerist með öndum, gæsum og álftum.

Fyrstu rannsóknir á flórgoðanum við Mývatn voru gerðar árið 1958 er fjórir breskir háskólanemar komu þangað frá Cambridge og könnuðu varpið (Clase o.fl. 1960). Árin 1969-70 stundaði Norðmaðurinn Jon Fjeldså (1973a,b) rannsóknir á flórgoða þar og kortlagði varpið. Varp flórgoðans var ekki kannað á ný fyrr en árið 1990, en það gerði Ólafur Karl Nielsen ásamt hópi líffræðinema frá Háskóla Íslands (Ólafur K. Nielsen 1998). Hafði þá flórgoðahreiðrum fækkað mikið frá því um 1970 og ljóst, að sá samdráttur stofnsins, sem vart hafði verið víða um land, náði einnig til Mývatnssveitar (Ólafur K. Nielsen 1998). Árlegar talningar vatnafugla á Mývatni, sem hófust 1975, höfðu einnig bent til fækkunar. Árin 1993 og 1995 gáfu fuglatalningar til kynna, að flórgoðastofninn í Mývatnssveit væri að rétta við á ný. Vorið 1997 var varpið við Ytriflóa Mývatns kannað á vegum Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn, og hafði hreiðrum fjölgað svo um munaði frá 1990. Vorið eftir (1998) stóð rannsóknastöðin fyrir heildarúttekt á varpinu í Mývatnssveit, og í ritgerð þeirri sem hér birtist er gerð grein fyrir niðurstöðum hennar.

Aðferðir

Leitað var að hreiðrum á tímabilinu 9. júní til 24. júlí 1998, en aðalleitin stóð 9.-30. júní. Heita má að allt hugsanlegt búsvæði flórgoðans (2. mynd) í Mývatnssveit hafi verið heimsótt. Kannaðir voru allir bakkar Ytriflóa og Sandvatns. Bakkar Sandvatns og austur- og norðurbakki Ytriflóa voru gengnir, en vesturbakki Ytriflóa var kannaður á báti. Suðurstrendur Landteiga og Neslandatanga milli Ytri Neslanda og Geiteyjarstrandar voru gengnar auk innsta hluta Neslandavíkur. Aðrar strendur Syðriflóa voru ekki kannaðar, enda hvergi heppilegt búsvæði að finna. Eyjar og hólmar, þar sem líkur voru taldar á að flórgoði yrpi, voru heimsóttar, þ.á m. Stórey og Litley i Sandvatni og i Mývatni Ölveshólmi, Víðir, Kirkjugrunn, Langagrunn, Flúðir, Tófukílshólmi, Varpteigar, Þórólfsteigur, Kiðey, Strandarhólmar, hólmi austan Varp-

teiga, Hrúteyjarnes, Vöttur, Klettur, Hrútey, hólmar við Höfða, hólmi við Landteiga, Kríuhólmi og Hjallklettur. Svo má heita, að allar tjarnir í Belgjarskógi, Neslandatanga, Framengjum og Garðsmýri hafi verið heimsóttar, auk þess Slýin norðan við Reykjahlíð. Þá voru bakkar Arnarvatns gengnir vestan megin og að austan (norðan við ós Gautlandalækjar). Stararflögur og slútandi viður i Blátjörn, Laxá, Kritartjörn og Stakhólstjörn ásamt Skipalæk, Syðri Vogatungum, Norðurvogum og Smiðjutjörn voru athugaðar. Loks voru tjarnir við Kálfaströnd og Geiteyjarströnd kannaðar, auk þess gengið með öllum bökkum i Höfða. Aðeins efsti hluti Sortulækjar var skoðaður, en samkvæmt upplýsingum Finnboga Stefánssonar verpur flórgoði ekki annars staðar við lækinn. Hólmi við Gýgjarnes og hólmar í Neslandavík voru ekki kannaðir. Ekki voru heldur heimsóttir hólmar i Syðrivogum, en þar sjást aldrei flórgoðar.

Leitarmennirnir (venjulega fjórir) gengu yfirleitt tveir og tveir saman. Var það einkum gert í öryggisskyni, því að sums staðar eru stararflögurnar ótryggar. Þeir klæddust vöðlum og höfðu löng prik meðferðis til að geta greitt störina sundur út við kantana þar sem mestar líkur voru á að finna hreiður, en varasamt gat verið að vaða. Sums staðar þar sem viður slúti langt út í vatn var vaðið fyrir utan hann (Sandvatn) eða báti stjakað meðfram bakkanum (Slútnes, Hrúteyjarnes, Kiðey). Flestallir sefkantar og viðargrónir bakkar voru þræddir. Staðsetning allra hreiðra var færð inn á nákvæmt kort af vatni og votlendum, teiknað eftir loftmyndum. Árið 1997 var allur vestur- og norðurbakki Ytriflóa kannaður, en kerfisbundin hreiðurleit var ekki gerð annars staðar, þótt hreiður væru skráð þar sem þau fundust. Við hvert hreiður var fjöldi eggja skráður, einnig var oft skráð hvort egg væru volg og hvort breitt væri yfir þau. Fjarlægð hreiðra frá föstu landi og opnu vatni var skráð, eins hvort hreiðrið væri í gróðri eða ekki, og þá hvers konar gróðri. Þess má geta að veður var að jafnaði kyrrt á talningartímabilinu svo að afföll á hreiðrum vegna öldugangs hafa verið lítil sem engin.

Allt frá árinu 1975 hafa flórgoðar verið taldir um leið og aðrir vatnafuglar í Mývatnssveit. Aðferðum við þær talningar er lýst ítarlega af Arnþóri Garðarssyni (1979) og Arnþóri Garðarssyni og Árna Einarssyni (1994). Í meginatriðum felst talningin í því að farið er á góða útsýnisstaði og fuglar sem sjást þaðan i fjarsjá (22-45x stækkun) lesnir upp og skráðir af ritara. Allur vatnsflötur og bakkar Mývatns, Grænavatns, Sandvatns, Arnarvatns og stærstu tjarna er skoðaður af þessum útsýnisstöðum. Tjarnir í Belgjarskógi eru kannaðar af tindi Belgjarfjalls og af Grímsstaðaborgum. Gengið er með bökkum Laxár. Tjarnir á Neslandatanga eru kannaðar úr bíl af vegi, en einnig er gengið frá botni Neslandavíkur að Hrauney og frá Syðri Neslöndum að Gýgjarnesi. Víkur austan á Neslandatanga eru skoðaðar úr Hrauney. Talningar eru þannig skipulagðar að góð mynd fáist af fjölda anda á svæðinu og tölur séu sambærilegar milli ára. Gönguleiðir eru í föstum skorðum, en heimsóknir á útsýnisstaði eru með nokkuð mismunandi hætti eftir veðri og birtu. Ekki er talið fyrr en eftir klukkan 9 á morgnana og sjaldan eftir kl. 7 á kvöldin, en á nóttunni flytja fuglarnir sig gjarnan af Mývatni á nærliggjandi votlendi. Reynt er að hafa talningarsvæði hvers dags sem mest samhangandi til að minnka hættu á skekkju vegna færslu fuglanna. Aðeins er talið einu sinni á hverju svæði. Þótt talningarnar séu ekki sérstaklega skipulagðar til að finna flórgoða ná þær til allra helstu svæðanna og fara fram áður en störin er sprottin að ráði. Talningarnar ættu því að bjóða upp á góðan samanburð milli ára þótt víst sé að ekki sjáist allir flórgoðarnir. Talið er á tímabilinu 15. maí - 10. júní, nema ís fari óvenju seint (t.d. árin 1979, 1983, 1989 og 1995), en talning hefst aldrei fyrr en ís er allur farinn af Mývatni. Nokkrir helstu talningarstaðir eru: Sviðinshöfði, Krísuhóll, Nónhóll, Belgjarhöfði, Krókhöfðar, Ytri Hamar, Skefilshólar, Hamarshólar, Mannhöfði (Grænavatn), Belgjarfjall, Fellshóll,

Sviðinsey, Þorbjargarhólmi, Arnarbæli við Grænalæk, Arnarbæli í Helgey, Arngarðshólar, Þorlákshöfði, Háey, Harðbakshóll við Grímsstaði, Ytri Höfði, Syðri Höfði, Hraunney, Dagmálahóll (við Skútustaði), Grímsstaðaborgir, Gýgjarklettur, Klettur við Syðrivoga og klettur norðan við Geiteyjarströnd.

Þeim lesendum sem vilja kynna sér náttúrufar og fuglalíf í Mývatnssveit skal bent á bókina Náttúra Mývatns, sem Hið íslenska náttúrufræðifélag gaf út árið 1991 (ritstj. Arnþór Garðarsson og Árni Einarsson 1991).

Niðurstöður

Fjöldi hreiðra

Alls fundust 323 flórgoðahreiður sem telja má vist að hafi verið orpið i sumarið 1998. Klakist hafði úr 20 þeirra þegar þau fundust. Innifalin i tölunni eru einnig 22 hreiður sem ekki var skoðað í vegna þess að fugl lá á eggjunum (9 hreiður) eða torvelt var að komast að hreiðrunum (13 hreiður; 1. tafla). Af 323 hreiðrum voru 103 (31,9%) við Sandvatn, 153 (47,4%) á bökkum Mývatns og 67 (20,7%) við tjarnir, smávötn, ár og læki (2. tafla). Auk ofangreindra hreiðra fundust 67 hreiður eða dyngjur sem ekki voru með eggjum.

1. tafla. Fjöldi eggja í flórgoðahreiðrum sem fundust sumarið 1998. – *Number of eggs in Slavonian Grebe nests found in 1998.*

Fjöldi eggja *No. of eggs*	Fjöldi hreiðra *No. of nests*
0	67
1	36
2	36
3	64
4	104
5	39
6	1
7	0
8	1
Klakið – *Hatched*	20
Lá á – *Bird on nest*	9
Sást ekki – *Not checked*	13
Alls – *Total*	390

Algengast var að hreiðrin væru í trjágreinum sem lágu út í vatnið (3. og 5. mynd, 3. tafla). Oftast var það gulvíðir *Salix phylicifolia*, en fyrir kom að hreiðrin væru í birkihríslum *Betula pubescens*. Ríflega þriðjungur hreiðra var i vatnagróðri, yfirleitt tjarnarstör *Carex rostrata* en stöku sinnum í gulstör *Carex lyngbyei* (4. og 5. mynd). Nokkur hreiður voru í breiðum af horblöðku *Menyanthes trifoliata* (13 hreiður), engjarós *Potentilla palustris* (7 hreiður)

2. tafla. Dreifing flórgoðahreiðra eftir svæðum í Mývatnssveit sumarið 1998. Tóm hreiður eru ekki talin með. – *Distribution of Slavonian Grebe nests in the Mývatn district in 1998. Empty nests not included.*

Svæði *Locality*	Fjöldi hreiðra *No. of nests*	Hlutdeild (%) *Percent*
Ytriflói	120	37,2
Sandvatn	103	31,9
Neslandatangi og Belgjarskógur (tjarnir – *ponds*)	47	14,6
Syðriflói og Bolir*	33	10,2
Framengjar og Garðsmýri (tjarnir – *ponds*)**	10	3,1
Laxá í Mývatnssveit	4	1,2
Arnarvatn	3	0,9
Kálfaströnd (tjarnir – *ponds*)	3	0,9
Alls – *Total*	323	100,0

* Þ.m.t. hreiður á Kritartjörn og Gegni.

** Þ.m.t. hreiður á Grænalæk og Blátjörn.

3. mynd. Flórgoðahreiður í viði. – *A Slavonian Grebe nest in an overhanging willow.* – Árni Einarsson.

eða lófæti *Hippuris vulgaris* (1 hreiður; 3. tafla). Flórgoðar gerðu sér víða hreiður á gróðurlitlum stöðum, t.d. á steinum úti í vatni eða við vatnsbakkann (27 hreiður) eða í torfbökkum (18 hreiður). Tvö hreiður höfðu verið byggð upp beint af vatnsbotninum. Ellefu hreiður voru í einhverri blöndu af ofangreindum búsvæðum, t.d. í stör sem hulin var víði (6 hreiður; 3. tafla).

Af hreiðrum með eggjum við Mývatn voru langflest (120 eða 78,4%) við Ytriflóa, 45 hreiður við austurbakkann en 75 við vestanverðan flóann (frá Teigasundi til Grímsstaða). Hreiðrin við Syðriflóa voru flest í norðausturhorni flóans, þ.e. nærri Geitey og við Hrútey. Hreiðrin við Sandvatn voru einkum á tveimur svæðum, annars vegar í Hofstaðatengum og nágrenni (59 hreiður), hins vegar í norðurenda vatnsins (landi Grímsstaða og Randar, 44 hreiður; 6. mynd).

Meðalfjöldi eggja í hreiðri var 3,30, en algengast var að 4 egg væru í hreiðri (104 hreiður; 1. tafla). Í mörgum hreiðrum voru fimm egg (39 hreiður), sex egg voru í einu hreiðri, og í einu hreiðrinu voru 8 egg og er það mjög óvenjulegt.

Þróun stofnsins

Milli 61 og 515 flórgoðar sáust í fuglatalningunum vorin 1975-98 (7. mynd). Fyrri hluta tímabilsins sáust í kringum 140 fuglar (allt upp í 191 árið 1977), en heldur fækkaði í stofninum þegar frá leið. Tölur í kringum eitt hundrað voru tíðar er leið á

4. mynd. Flórgoðahreiður í stör. – *A Slavonian Grebe nest in a sedge bed.* – Árni Einarsson.

3. tafla. Dreifing flórgoðahreiðra eftir búsvæðum í Mývatnssveit sumarið 1998. Tóm hreiður eru ekki talin með. – *Slavonian Grebe nesting habitats in the Mývatn district in 1998. Empty nests not included.*

Búsvæði *Habitat*	Fjöldi hreiðra *No. of nests*	Hlutdeild (%) *Percent*
Vatnagróður – *aquatic vegetation*		
Stör – *Carex beds*	95	30,1
Horblaðka – *Menyanthes trifoliata*	13	4,1
Engjarós – *Potentilla palustris*	7	2,2
Lófótur – *Hippuris vulgaris*	1	0,3
Stör og engjarós – *Carex and Potentilla*	1	0,3
Viður – *bushes*		
Gulvíðir – *Salix phylicifolia*	129	40,8
Birki – *Betula*	9	2,9
Birki og víðir – *Betula and Salix*	3	1,0
Steinar – *rocks*	27	8,5
Torfbakki – *turf bank*	18	5,7
Vatnsbotn – *lake bottom*	2	0,6
Blandað – *mixed*		
Stör og víðir – *Carex and Salix*	6	1,9
Horblaðka og víðir – *Menyanthes and Salix*	2	0,6
Hvönn og stör – *Angelica and Carex*	1	0,3
Stör og steinar – *Carex and rocks*	1	0,3
Víðir og steinar – *Salix and rocks*	1	0,3
Alls – *Total*	316	99,9

níunda áratuginn. Árin 1992 og 1993 tók stofninn kipp upp á við og fjölgaði mikið í honum næstu árin. Stærsta stökkið var milli 1997 og 1998, úr 283 í 515 flórgoða. Í fuglatalningunum vorið 1998 sáust því 515 (79,7%) af þeim að minnsta kosti 646 (=2×323) flórgoðum sem áttu hreiður á svæðinu.

Bresku háskólanemarnir sem töldu flórgoðahreiðrin 1958 fundu um 238 pör (111



5. mynd. Skýringarmynd af staðsetningu flórgoðahreiðra í stör og viði. – *Typical location of Slavonian Grebe nests in sedge beds and in overhanging willows.*

6. mynd. Útbreiðsla flórgoðahreiðra í Mývatnssveit 1998. – *Nesting distribution of Slavonian Grebe at Mývatn in 1998.*



við Mývatn sjálft) og 30 staka fugla. Jon Fjeldså (1973 b, bls. 126) áleit að fjöldi para í könnun Bretanna hafi verið nálægt 250 þar eð athuganir hafi sýnt, að stakir fuglar á tjörnunum séu oft í raun paraðir en makinn aðeins fjarverandi. Jon Fjeldså áleit, að fjöldi hreiðra hefði verið 240-270 árið 1966 (þar af 110 við Mývatn), 257 árið 1969 (þar af 116 við Mývatn) og 230-245 árið 1970 (þar af 105 við Mývatn) og árið 1974 (Fjeldså 1973b, 1975). Flórgoðastofninn virðist því hafa verið mjög stöðugur á árunum 1958-1974. Ólafur K. Nielsen fann um 140 flórgoðapör í hreiðurkönnun sinni árið 1990, svo að greinilega hafði orðið mikil fækkun, eins og talningar

7. mynd. Fjöldi flórgoða sem sáust í vatnafuglatalningum í Mývatnssveit vorin 1975-1998. Heildregna línan sýnir þriggja ára keðjumeðaltöl. – *Numbers of Slavonian Grebes seen in annual waterbird censuses in the period 1975-1998. The line shows three-year running averages.*



okkar höfðu einnig gefið til kynna. Hinn mikli fjöldi hreiðra (323, þar af 153 við Mývatn) árið 1998 er einnig í takt við þá miklu fjölgun sem fuglatalningarnar gefa til kynna. Árið 1990 komu aðeins 110 flórgoðar fram í venjubundnum fuglatalningum af þeim 280 fuglum sem hreiðurtalningin gaf. Þetta er mun lægra hlutfall (39,3%) heldur en þau tæpu 80% sem sáust 1998 og getið er hér að ofan. Þessi munur bendir til þess að hlutfall flórgoða sem sést í árlegu talningunum sé háð stofnstærðinni, - meira sjáist til fuglanna þegar stofninn er stór. Einnig er hugsanlegt að í ört stækkandi stofni sé mikið af geldfugli, og stafi þessi munur af því.

Hluti af strönd Ytriflóa var kannaður vorið 1997, og er því hægt að bera saman fjölda flórgoðahreiðra þar árin 1997 og 1998. Á þessu svæði fjölgaði hreiðrum (með eggjum) um 87,5%, úr 40 í 75. Í Slútnesi hafði aðeins fjölgað um eitt hreiður (úr 21 í 22), en fjöldinn hafði fjórfaldast (úr 3 í 12) á svæðinu norðan við Slútnes. Sunnan við Slútnes var einnig mikil fjölgun: Milli Hrauneyjar og Slútness hafði fjölgað úr 7 í 26 hreiður (271% fjölgun); milli Hrauneyjar og Teigasunds hafði fjölgað úr 9 í 15 hreiður (66,7% fjölgun).

Vangaveltur

Flórgoðahreiðrin voru aðeins heimsótt einu sinni, og því er ekki ljóst hvort hreiður, sem voru án eggja þegar þau fundust, hafi einungis verið síðbúin hreiður sem eftir var að verpa í. Þessi hreiður voru það mörg (67 af 390) að þau gætu haft talsverð áhrif á stofnstærðarmatið (390 í staðinn fyrir 323 pör). Fleiri ástæður gætu verið fyrir tómu hreiðri. Pör geta hætt við varp eftir að hreiður er nær fullbyggt, hreiður getur hafa verið rænt, og loks er þess að geta, að sum flórgoðapör byggja fleiri en eina dyngju á óðali sínu. Í raun verður þessum spurningum ekki svarað með vissu nema með sérstakri rannsókn á tímasetningum varps og afkomu hreiðra hjá flórgoðanum. Hægt er þó að nálgast svarið að vissu marki. Ef hreiður eru tóm vegna þess að varp er ekki



8. mynd. Samanburður á hreiðurbúsvæðum flórgoða í Mývatnssveit árin 1958 (skv. Clase o.fl. 1960) og 1998. – *Nesting habitat of Slavonian Grebe at Mývatn in 1958 (Clase et al. 1960) and 1998.*

hafið má búast við að hlutfall tómra hreiðra lækki eftir því sem líður á rannsóknartímann. Með þetta í huga var rannsóknatímabilinu skipt í tvennt, fyrir 15. júní og frá og með 15. júní. Hlutfall tómra hreiðra var 15,9% á fyrra tímabilinu, en 22,6% á hinu síðara. Munurinn var ekki tölfræðilega marktækur (kí-kvaðrat = 1,24, frítala = 1, fjöldi hreiðra = 281), og er því ólíklegt að hreiðrin hafi verið tóm vegna þess að fuglarnir hafi ekki verið komnir lengra í heimilishaldinu. Á hinn bóginn er athygli vert, að tómu hreiðrin voru sérlega algeng í ákveðinni gerð búsvæðis, þ.e. vatnagróðri. Í vatnagróðri voru 21,5% hreiðranna án eggja, en samsvarandi hlutfall í annars konar búsvæðum var 10,1%. Þessi munur er tölfræðilega marktækur (kí-kvaðrat = 10,19, frítala 1, fjöldi hreiðra = 343, líkur á að munurinn stafi af tilviljun eru minni en 1%). Þess skal getið, að álíka hátt hlutfall hreiðra fannst í vatnagróðri á fyrri hluta rannsóknatímabilsins (40,4%) og á hinum síðari (43,4%) svo að tímasetning hreiðurfundanna hefur ekki haft áhrif á niðurstöðurnar. Þessi háa tíðni tómra hreiðra í vatnagróðrinum er torskýrð. Ekki fannst marktækur munur á eggjafjölda í hreiðrum á hinum mismunandi búsvæðum (fervikagreining, F=1,63, frítölur 3 og 266, p=0,181).

Athyglisverð er breyting sem orðið hefur á búsvæðanotkun flórgoðans í Mývatnssveit

(8. mynd). Þegar bresku háskólanemarnir könnuðu varpið árið 1958 voru langflest hreiðrin i sefi (72,6%) en tæp 10% í viði. Árið 1998 voru aðeins 37% hreiðranna í vatnagróðri en 44,6% í viði. Þessi mikla breyting gæti átt sér tvær orsakir. Önnur er sú, að sefið hafi verið orðið fullsetið og mestöll stækkun stofnsins verði því í öðru kjörlendi (viði). Bretarnir fundu 82 hreiður í sefi, en við fundum 95. Fjölgun hreiðra i sefinu er því fremur lítil, og styður það ofangreinda hugmynd. Hin orsökin gæti verið sú, að viður hefur aukist mjög á vatnsbökkunum hin síðari ár, líklega vegna minnkandi beitar (Ragnar Sigfinnsson, munnl. uppl.). Nú eru sums staðar varpskilyrði þar sem engin voru áður. Á þetta einkum við um norðurhluta Sandvatns. Þar er nú mikið flórgoðavarp en var lítið sem ekkert áður fyrr (Ragnar Sigfinnsson, munnl. uppl.). Breyting á búsvæðavali flórgoðans gæti því einum þræði stafað af fjölgun i stofninum, en öðrum þræði af breytingum á gróðri á vatnsbakkanum.

Ómögulegt er að spá fyrir um framhaldið á þróun flórgoðastofnsins. Fjölgunin i stofninum 1997-98 er ekki meiri en sem nemur þeim fjölda stálpaðra unga sem sást á Mývatni sumarið áður. Líklega standa nokkrir góðir árgangar undir fjölguninni, en langlífi fuglanna og afkoma unga næstu árin ræður sennilega mestu um framhald stofnsins. Mjög spennandi verður að fylgjast með breytingum i öðrum landshlutum á næstunni og sjá hvort flórgoða fjölgar þar aftur og aflögð flórgoðasetur verða numin á ný.

Talning vorið 1999

Meðan ritgerð þessi beið birtingar náðist að bæta einni flórgoðatalningu við talningarununa sem hófst 1975 (7. mynd). Vorið 1999 sáust 310 flórgoðar i Mývatnssveit, og er það um 40% fækkun frá árinu áður. Stofninn hefur því ekki náð að haldast í því hámarki sem hann var kominn i eftir hina miklu fjölgun milli áranna 1997 og 1998.

ÞAKKIR

Yann Kolbeinsson, Þorkell Lindberg Þórarinsson, Eyjólfur K. Örnólfsson og Eija Hurme aðstoðuðu við leit að flórgoðahreiðrum. Arnþór Garðarsson, prófessor lagði til gögn úr fuglatalningum 1975-1984. Sigrún Jónsdóttir aðstoðaði við fuglatalningar. Öll fá þau bestu þakkir. Einnig skal þakka landeigendum fyrir velvilja og langlundargeð, og mun á engan hallað þótt Ragnars Sigfinnssonar á Grímsstöðum sé getið sérstaklega.

HEIMILDIR

Arnþór Garðarsson 1979. Waterfowl populations of Lake Mývatn and recent changes in numbers and food habits. – Oikos 32: 250-270.

Arnþór Garðarsson 1991. Fuglalíf við Mývatn og Laxá. – Bls. 278-319 í: Náttúra Mývatns. Ritstj. Arnþór Garðarsson og Árni Einarsson. Hið íslenska Náttúrufræðifélag, Reykjavík.

Arnþór Garðarsson og Árni Einarsson (ritstj.) 1991. Náttúra Mývatns. Hið íslenska Náttúrufræðifélag, Reykjavík.

Arnþór Garðarsson og Árni Einarsson 1994. Responses of breeding duck populations to changes in food supply. – Hydrobiologia 279/280: 15-27.

Clase, H.J., F. Cooke, T.A. Hill & W.J. Roff 1960. A survey of the slavonian grebe at Mývatn, Iceland. – Bird Study 7: 76-81.

Fjeldså, J. 1973a. Feeding and habitat selection of the horned grebe, *Podiceps auritus* (Aves), in the breeding season. – Vidensk. Meddr dansk naturh. Foren. 136: 57-95.

Fjeldså, J. 1973b. Territory and the regulation of population density and recruitment in the horned grebe *Podiceps auritus arcticus* Boje, 1822. – Vidensk. Meddr dansk naturh. Foren. 136: 117-189.

Fjeldså, J. 1975. Recent changes in the waterfowl situation in the lakes Mývatn and Vikingavatn, Iceland. – Dansk ornitologisk Forenings Tidsskrift 69: 89-102.

Ólafur Karl Nielsen 1998. Hrun flórgoðastofnsins á Íslandi. – Bls. 197-205 í: Íslensk votlendi. Verndun og nýting. Ritstj. Jón S. Ólafsson. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

SUMMARY

The Slavonian Grebe *Podiceps auritus* at Lake Myvatn

This paper reports the results of a census of the population of Slavonian Grebes in the Mývatn district NE Iceland in the summer 1998. All potential nesting habitat in the area was searched in the period 7 June - 24 July, the main search effort was in the period 9 - 30 June. The study was intended to confirm evidence of a recent increase in the population indicated by annual waterfowl censuses in the area and to calibrate an index

of abundance obtained by those censuses. Altogether 323 active nests were found. The great majority of those were found on the North Basin (Ytriflói) of Lake Mývatn (37%) and on Lake Sandvatn (32%). Ponds on the north side of Lake Mývatn harboured 15% of the nests, 10% were found on the southern part of Lake Mývatn (Sydriflói and Bolir) and the remaining 6% on the river Laxá and small lakes, ponds and streams south of Mývatn. In addition 67 nests or nest-like constructions without eggs were recorded. Nests were most frequently located in overhanging bushes, mostly willow (45%), but 37% of the nests were in emergent vegetation, mostly along the fringes of sedge beds. Bare rock and turf banks were also used (14%). The relative use of these habitats is in sharp contrast to that reported by Clase et al. (1960) who found emergent vegetation to be the far most frequently used nesting habitat in the Mývatn area. The reason for this shift may be related to the increased size of the grebe population and a subsequent colonization of less preferred habitat (shrubs). Alternatively it may be related to an increased availability of willows because of less grazing by domestic animals.

Árni Einarsson, Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn / Myvatn Research Station, IS-660 Mývatn.

Flórgoði á Mývatni. – *A Slavonian Grebe at Lake Myvatn.* – Jóhann Óli Hilmarsson.

Anthony D. Fox,
Ólafur Einarsson, Jóhann Óli Hilmarsson,
Hugh Boyd og Carl Mitchell

Viðdvöl heiðagæsa á Suðurlandi að vori

Heiðagæsir dvelja í stuttan tíma á láglendi Suðurlands áður en þær halda til varpstöðva á hálendinu. Rannsóknir voru gerðar á viðdvöl þeirra á Suðurlandsundirlendi á árunum 1989-1992. Allar gæsir sem sáust voru taldar og búsvæðaval heiðagæsa og grágæsa rannsakað sérstaklega. Fyrstu heiðagæsirnar koma til landsins 18.-24. apríl og fjöldi þeirra á viðkomustöðum á Suðurlandi nær hámarki í byrjun maí. Á þessum tíma nota heiðagæsir ræktað land í mun meira mæli og halda sig meira inn til landsins en grágæsir.

Inngangur

Meirihluti heildarstofns heiðagæsa (*Anser brachyrhynchus)* verpur á Íslandi og eru vetrarstöðvar íslenska stofnsins eingöngu á Bretlandi. Rannsóknir á stofnvistfræði heiðagæsa hafa verið stundaðar í mörg ár á vegum Wildfowl & Wetlands Trust (sjá t.d. Boyd 1955, 1956, Boyd & Ogilvie 1969, Fox o.fl. 1989, Pettifor & Rowcliff 1995). Um miðja tuttugustu öldina áttu sér stað umfangsmiklar merkingar á heiðagæsum á varpstöðvum i Þjórsárverum (Scott o.fl. 1953, 1955). Frá árinu 1996 hefur Náttúrufræðistofnun Íslands og Wildfowl & Wetlands Trust staðið fyrir litmerkingum á heiðagæsum á varpstöðvum á Íslandi (Mitchell o.fl. 1997). Heiðagæsastofninn er talinn á vetrarstöðvunum, talningar þessar sína að mikil fjölgun hefur átt sér stað síðastliðna áratugi. Stofninn hefur vaxið frá því að vera 30.000 fuglar árið 1950 uppí um 230.000 á síðari hluta níunda áratugsins (Mitchell o.fl. 1999). Fjölgun heiðagæsa má rekja til lægri dánartíðni fullorðinna fugla og aukins fæðuframboðs á vetrarstöðvum ásamt friðunar mikilvægra náttstaða á þeim slóðum (Fox o.fl. 1989a).

Varpárangur hefur verið mjög breytilegur á milli ára og ekki sýnt neitt ákveðið mynstur á meðan stofninn hefur verið i vexti. Yfir 50% breytileikans i varpárangri hefur verið tengdur veðurfarsþáttum á vetrar- og varpstöðvum á vorin (Fox o.fl. 1989a). Því var ákveðið að afla frekari upplýsinga um dreifingu og atferli heiðagæsa á Íslandi, áður en þær leita til varpstöðvanna á vorin. Rannsóknir þeirra Francis og Fox (1987) á viðkomustöðum blesgæsa (*Anser albifrons flavirostris*) á Suðurlandsundirlendi 1986, sýndu að mikið af heiðagæsum hefur þar viðdvöl. Þeir félagar fundu allt að 800 heiðagæsir í Biskupstungum og Hreppum, en færri annars staðar. Fátt annað hefur birst á prenti um viðdvöl heiðagæsa á láglendi Suðurlands fyrir varptíma.

Athuganir okkar á Suðurlandsundirlendi i apríl og maí árin 1989-1992 hafa gefið grunnupplýsingar um heiðagæsir á þessu svæði og hvernig fuglarnir haga undirbúningi fyrir varp (að hluta birt í Fox o.fl. 1989b, 1991, 1992). Hér birtist hluti af niðurstöðum þessara rannsókna.

Aðferðir

Þjórsárver á Miðhálendinu er stærsti og mikilvægasti varpstaður heiðagæsa á Íslandi (og i heiminum). Eftir miklar merkingar i Verunum á árunum 1951 og 1953 endurheimtust nokkrar merktar heiðagæsir hér á landi að vorlagi (Scott o.fl. 1953). Vorveiði gæsa er ólögleg á Íslandi, en þrátt fyrir það er alkunna að hún á sér stað í nokkrum mæli. Við notuðum endurheimtugögn um fugla merkta í Þjórsárverum til að meta vordreifingu heiðagæsa hérlendis.

Heiðagæsir hafa verið merktar á vetrarstöðvum á Bretlandi með hvítum fót-

1. mynd. Heiðagæsir í fóðurkálsakri á Suðurlandi snemma vors. Vegamót í Holtum 28. apríl 1990. – *Pink-footed Geese in a stubble field at the Southern Lowlands of Iceland in early spring. – Jóhann Óli Hilmarsson.*

hringjum úr plasti, sem i er grafin þriggja stafa áletrun (Fox o.fl. 1989c). Hægt er að lesa áletrunina á allt að 300 m færi með fjarsjá sem stækkar 20-60x og má þannig þekkja merkta einstaklinga. Þó tilgangur merkinganna hafi verið að kanna ferðir milli staða á Bretlandi, þá nýttust merktir einstaklingar vel til þess að fá hugmynd um ferðir gæsa á Suðurlandsundirlendinu.

Árin 1989-1992 fóru fram viðamiklar talningar á gæsum og álftum (*Cygnus cygnus)* sem höfðu viðdvöl á Suðurlandi (1. mynd). Athugnarsvæði okkar var Suðurlandsundirlendi, frá Ölfúsi í vestri til ósa Markarfljóts í austri (2. mynd). Athuganir voru gerðar frá 24. apríl til 10. maí 1989 og var þá einnig talið í Skaftafellssýslum, frá 12. apríl til 7. maí 1990, frá 16. apríl til 12. maí 1991 og frá 22. apríl til 10. maí 1992. Notaðar voru þrjár aðferðir við talningarnar:

(1) Til að meta heildartölu gæsa á Suðurlandsundirlendi voru eknir flestir færir vegir neðan 200 metra hæðarlínu. Árið 1989 var farin ein yfirferð dagana 28. apríl til 1. maí, en 5 talningar á 5-7 daga fresti í apríl og maí 1990. Við athuganir þessar voru allar gæsir og álftir taldar og dreifing þeirra skráð, ásamt því kjörlendi sem hver hópur dvaldi i. Við skilgreindum um 30 mismunandi kjörlendi á vettvangi, en hér eru þær athuganir einungis settar fram í þremur höfuðflokkum (tún, akrar og óraskaður úthagi/votlendi; sjá 8. mynd).

(2) Til að meta búsvæðaval og tímasetningu farsins staðbundið, þá var 40 km snið á Skeiðum og í Biskupstungum ekið nær daglega á árunum 1990-1992.

(3) Til að kanna nánar notkun á kjörlendi, voru ítarlegar athuganir gerðar á Spóastöðum í Biskupstungum. Þar var talið nær daglega á nokkrum túnum og aðliggjandi votlendi einhverntima milli kl. 07:00 og kl. 10:00 á ofangreindu tímabili á árunum 1989-1992.

Gerður var samanburður á búsvæðavali, dreifingu og komu heiðagæsa og grágæsa (*Anser anser*).

Niðurstöður

Dreifing endurheimta

Átta þeirra heiðagæsa sem merktar voru í Þjórsárverum og endurheimtar að vori (apríl, maí og júní 1954-1960), náðust á láglendi Suðurlands, á svæði sem nær frá Hvítá í vestri og austur að Skeiðará (3. mynd). Þessar endurheimtur sýna að heiðagæsir úr Þjórsárverum höfðu viðdvöl á Suðurlandsundirlendi á sjötta áratugnum. Fjórar heiðagæsir voru endurheimtar við refagreni i júní. Ein heiðagæs var endurheimt i Nesjum í Austur-Skaftafellsýslu og



2. mynd. Kort af Suðurlandi sem sýnir snið í uppsveitum Árnessýslu. Punktalínan er 100 m hæðarlína. Rauða línan sýnir sniðið á Skeiðum. – *Map of the South Iceland study area showing transect postion. Broken line shows the 100 m contour. Red line marks a transect of 40 km through Skeið area, and the location of the Spóastaðir farm study site is indicated.*

önnur í Hrafnkelsdal í Norður-Múlasýslu (3. mynd).

Álestrar á litmerktum fuglum

Lesið var á 43 heiðagæsir á Suðurlandi í apríl og maí árin 1989-1992 sem litmerktar höfðu verið á Bretlandi. Auk þess var lesið á eina heiðagæs þann 27. apríl 1991 sem hafði verið merkt á Grænlandi árið 1988. Fimm af gæsunum voru merktar í Grampian í norðaustur Skotlandi, aðrar í Martin Mere, Lancashire, norðvestur Englandi. Einungis tvær gæsir sáust fleiri en eitt vor. Önnur þeirra sem bar einkennisstafina ACY sást við Þrándarholt, Gnúpverjahreppi 7. til 12. maí 1991 og aftur ári síðar við Sandlæk, Gnúpverjahreppi 7. til 9. maí 1992. Hin, AZT, sást við Krók í Biskupstungum 5. maí 1991 og aftur 29. apríl 1992 við Arakot á Skeiðum. Skammt er á milli þessara bæja, annars vegar 2 km og hins vegar 20 km fjarlægð. Þrettán af þessum 43 fuglum héldu sig í sama túninu (oft í sama hluta túnsins) í 2 til 9 daga (4,2 að meðaltali).

Fjöldi gæsa á Suðurlandi að vori

Dagana 28. apríl til 1. maí 1989 fundum við 17.000 heiðagæsir á láglendi Suðurlands; 6800 í Árnes- og Rangárvallasýslum, 9900 í Vestur-Skaftafellssýslu og 370 í Austur-Skaftafellssýslu. Niðurstöður talninga árið 1990 eru sýndar á 4. mynd. Flestar heiðagæsir fundust 3.- 4. maí, en þá sáust 11.329 í Árnes- og Rangárvallasýslum. Athuganir okkar sýna að heiðagæsir eru í stærri hópum og koma nokkru síðar en grágæsir, sem nýta sér sams konar ræktarland (4. og 8. mynd). Mest sást af grágæsum þann 24. apríl 1990.

Tímasetning vordvalar

Erfitt er að ákvarða brottfarartíma heiðagæsa frá Bretlandi, þvi gæsir eru á ferðinni í norðurátt frá því í janúar og fram á vor (Fox o.fl. 1994). Heiðagæsir hafa ekki reglulega vetursetu á Suðureyjum, en stórir hópar fara yfir á fartíma vor og haust. Heiðagæsir sjást þar frá miðjum mars og stendur farið fram í miðjan júní (sjá t.d. Dix & Cunningham 1992). Venjulega sjást heiðagæsahópar fyrst um 16. apríl og er mest umferð síðustu daga aprílmánaðar (T. Dix, munnl. uppl.), t.d. sáust 18 fljúga í norðurátt 16. apríl 1991 og síðan 200 þann 27. apríl sama ár.

Fyrstu heiðagæsirnar sjást venjulega á Suðurlandi dagana 18. til 24. apríl og fjölgar þeim stöðugt uns hámarki er náð í byrjun maí. Á athugunartímanum fjölgaði gæsunum hratt á sniðinu á Skeiðum og hámarki náðu þær milli 26. apríl og 5. maí



3. mynd. Dreifing endurheimtra heiðagæsa sem merktar voru í Þjórsárverum 1951 og 1953. Einungis eru sýndar endurheimtur í apríl, maí og júní næstu árin. Ferhyrningar tákna endurheimtu á greni, hringur aðrar endurheimtur. – *Distribution of all Pink-footed Goose recoveries of birds ringed in Þjórsárver in 1951 and 1953 and recovered in April, May and June of subsequent years. Square means a recovery at a fox den, ring means other recoveries.*



5. mynd. Talningar á heiðagæsum á sniði í Árnessýslu, apríl til maí 1990-1992. Stjörnur sýna snjókomudaga vorið 1992. – *Total counts of Pink-footed Geese counted on the Skeið transect, Árnessýslu, Southern Iceland, April-May 1990-1992. Stars indicate days with snowfall in spring 1992.*



6. mynd. Talningar á heiðagæsum í túnum að Spóastöðum, Biskupstungum, Árnessýslu, apríl til maí 1989-1992. Stjörnur sýna snjókomudaga vorið 1992. – *Total counts of Pink-footed Geese counted in the hayfields of Spóastaðir farm, Biskupstungur, Árnessýsla, southern Iceland, April-May 1989-1992. Stars indicate days with snowfall in spring 1992.*

4. mynd. Talningar á heiðagæsum og grágæsum á Suðurlandsundirlendi 13. apríl til 4. maí 1990. – *Total counts of Greylag and Pink-footed Geese counted in the lowlands of Southern Iceland, 13 April to 4 May 1990.*



(5. mynd). Nokkuð breytilegt var milli ára hvenær fjölgun átti sér stað. Vorið 1990 leysti snjóa síðar en hin árin og þá var aðalhámark heiðagæsa þann 5. maí. Í kjölfar snjókomu dagana 4. og 6. maí 1992 fylgdi síðbúið innstreymi heiðagæsa á Skeiðin.

Mynstrið var jafnvel enn breytilegra ef litið er á einstaka bújörð eins og Spóastaði (6. mynd). Árið 1989 gerðu gæsir stuttan



stans, umferðin hófst 25. apríl, náði hámarki 29. apríl og þær síðustu sáust 6. maí. Árið eftir komu nokkrar gæsir síðla í apríl, en aldrei sáust fleiri en 40 fyrir 3. maí. Árið 1991 fjölgaði fuglum á svipaðan hátt og annars staðar á láglendinu og voru allar gæsir horfnar þann 12. maí. Gæsum fjölgaði hratt árið 1992 og náðu hámarki 26. apríl, á sama tíma og fyrra hámarkið á Skeiðum. Síðan fækkaði þeim mikið en fjölgaði svo aftur eftir mikla snjókomu og hélst fjöldinn stöðugur (yfir 80 fuglar) vel fram í maí. Ástæður fyrir þessu misræmi tengjast að hluta til hversu hratt gæsirnar færa sig inn til landsins, því áberandi er að heiðagæsirnar koma fyrst að suðurströndinni og færa sig smám saman inn til landsins. Niðurstöður okkar sýna að heiðagæsir dreifa sér meira inn til landsins á vorin en grágæsir, sem héldu sig nær ströndinni (7. mynd).

Búsvæðaval

Heiðagæsir nota ræktarland, aðallega slegin tún, í mun meira mæli en grágæsir (8. mynd). Fyrst eftir komuna til landsins leita heiðagæsir í nokkru mæli í akra (kornakra, kartöfluakra eða fóðurkálsakra). Þær nýttu votlendi í mjög litlum mæli, helst var það í kuldaköstum eins og gerði fyrir talninguna 28. og 29. apríl 1990. Grágæsir voru mest í ökrum fyrri hluta athugunartímans, en færðu sig meira yfir á tún til beitar þegar á leið, á þeim tíma sáust þær þá aðeins meira í votlendi en heiðagæsir (8. mynd).



7. mynd. Dreifing (a) heiðagæsa og (b) grágæsa frá ströndu Suðurlands í fjórum talningum vorið 1990. Dreifing þessara tveggja tegunda er marktækt frábrugðin fyrir 23.-24. apríl (Kolmogorov-Smirnov próf P<0,01), 29.-30. apríl (P<0,001) og 3.-4. maí (P<0,001). – *Percentage distribution of (a) Pink-footed Goose and (b) Greylag numbers relative to the distance from the coast in southern Iceland, spring 1990. The distributions for the two species are significantly different for 23/24 April (Kolmogorov-Smirnov test P<0.01), 29/30 April (P<0.001) and 3/4 May (P<0.001).*

Umræða

Samkvæmt athugunum á árunum 1943 til 1971 á Kvískerjum í Öræfum, sáust fyrstu heiðagæsirnar að meðaltali 21. apríl (Arnþór Garðarsson & Jón Baldur Sigurðsson 1972), en það er um svipað leyti og við sáum fyrstu gæsirnar á Suðurlandsundirlendi. Eftir að gæsirnar sáust fyrst í Öræfum, liðu að jafnaði nokkrir dagar áður en þær helltust inn af fullum þunga (Hálfdán Björnsson 1976) og er það einnig í samræmi við okkar athuganir.

Varpafkoma einstakra kvenfugla er háð líkamlegu atgervi þeirra (Ankney & MacInnes 1978, Thomas 1983). Hjá gæsum, sem eru farfuglar, ræðst afkoma af ástandi þeirra þegar þær yfirgefa vetrarstöðvarnar, orkunotkun á farflugi og möguleikum á að bæta á sig næringarforða á viðkomustöðum í grennd við varpstöðvarnar (Budeau o.fl. 1991, Gauthier & Tardiff 1991). Athuganir okkar hafa sýnt að heiðagæsir hafa viðdvöl á Suðurlandsundirlendi og nærast aðallega á túngróðri áður en þær halda til varpstöðvanna. Gæsir nota viðkomustaði á Suðurlandi í allt að þrjár vikur, frá um 18. apríl vor hvert. Undantekningar eru þó ekki óalgengar, og má sem dæmi má nefna að vorið 1991 voru nokkur hundruð heiðagæsir í túnum við Drumboddsstaði í Biskupstungum þar til um 20. maí.

Merktar gæsir hafa sést á sama stað í allt að níu daga, en nánari athuganir þarf til að skera úr um það hve einstakar gæsir dveljast lengi á viðkomustöðum og þýðingu þeirra í varporkubúskap kvenfugla. Paraðir fuglar sýna einkennandi atferli á viðkomustöðum. Karlfuglinn stendur á verði hjá maka sínum og verndar hana, á meðan kvenfuglinn ver nær öllum sínum tíma í að afla sér fæðu (óbirt gögn). Þessi næringaröflun gæsanna á viðkomustöðum fyrir varpið, bendir til mikils gildis þessarar viðbótar fyrir gæsirnar. Heiðagæsir hafa sést makast á þessum viðkomustöðum (Boyd & Fox 1992), nokkuð sem sjaldan sést á varpstöðum (Inglis 1977).

Heiðagæsir éta nær eingöngu í vallarfoxtúnum. Vallarfoxgras (*Phleum pratense*)



8. mynd. Dreifing grágæsa og heiðagæsa eftir búsvæðum á Suðurlandi vorið 1990. Akrar eru t.d. kartöflu-, fóðurkáls- eða kornakrar. – *Percentage frequency distribution of habitat use by Greylag and Pink-footed Geese in southern Iceland 1990.*

hefur einungis verið ræktað hér á landi síðastliðin 40 ár. Því miður eru engar heimildir til um not á náttúrulegum eða lítt röskuðum lífvistum á láglendi áður en túnrækt hófst. Arnþór Garðarsson og Jón Baldur Sigurðsson (1972) segja hins vegar í skýrslu sinni að heiðagæsir komi lítið sem ekkert við á láglendi Suðurlands á vorin, heldur haldi beina leið til varpstöðvanna í hálendinu. Niðurstöður okkar benda hins vegar til þess að þær hafi a.m.k. frá því um miðja þessa öld, þegar túnrækt hófst á Suðurlandi fyrir alvöru, vanið komu sína í einhverju mæli á viðkomustaði á Suður-

landi fyrir varp. Vera má að heiðagæsir nýti sér viðkomustaði á láglendi nú í auknum mæli í kjölfar vaxandi stofns.

Gæsirnar velja vallarfoxgras frekar en aðrar grastegundir, þar sem að það inniheldur meira prótein en önnur innlend grös. Vallarfoxgras víkur smám saman úr túnum, þegar frá líður sáningu, fyrir innlendum grastegunum. Vöxtur vallarfoxgrass hefst áberandi snemma á norðlægum slóðum, miðað við aðrar grastegundir. Próteininnhaldið er hæst á þeim tíma þegar gæsirnar koma (Fox 1993), en hraðminkar svo þegar líður á vorið (Guðni Þorvaldsson 1987). Heiðagæsirnar velja greinilega af kostgæfni nýjustu og stystu blöð vallarfoxgrasins, en forðast treljaríkari eldri blöð með lægra próteininnihaldi (Fox 1993).

Grasvöxtur er síðbúnari eftir því sem fjær dregur ströndu (óbirt gögn). Því er líklegt að hreyfingar heiðagæsanna frá strandsvæðum syðst á Suðurlandi og inn til landsins þegar líður á vorið, séu tengdar sprettutíma grasanna og að mismunandi dreifing gæsanna milli ára ráðist af árferði.

Veðurfarsþættir á vetrarstöðvum síðla vetrar og varpstöðvum hérlendis að vori skýra stærstan hluta breytileika í varpafkomu heiðagæsa. Veðurfar það sem mætir gæsunum fyrir varpið getur haft mikil áhrif á varpárangur stofnsins ár hvert (Fox o.fl. 1989a). Hlutfall unga að haustlagi á vetrarstöðvum er oft lágt í kjölfar kaldra vora. Árið 1992 var vorið frekar kalt framan af og kann það að hafa haft sitt að segja, en það sem hafði úrslitaáhrif hefur sjálfsagt verið kuldakastið sem kom síðla í júní (svokallað „Jónsmessuhret", sjá Veðráttuna mánaðaryfirlit júní 1992) og hefur það eflaust orðið mörgum unganum að aldurtila. Eftir snjókomu þann 6. og 8. maí flykktust gæsirnar aftur niður í láglendið. Hitastigið hélst lágt og kann það að hafa truflað fæðuöflunarmynstur á þeim tíma þegar gengið hefur verið á orkubirgðir og viðbótarnæringarforði fyrir varp var mikilvægastur. Hvað sem öðru leið var hlutfall unga haustið 1992 eitt það lægsta sem mælst hefur (Mitchell o.fl. 1999).

Á síðari árum hafa heiðagæsir fundist verpandi á láglendi Íslands, langt frá hinum hefðbundnu hálendisvarpstöðvum. Gæsirnar hafa möguleika á að verpa fyrr á láglendi vegna þess að þar hlánar fyrr en á hálendinu.

Nýir fæðumöguleikar á láglendi hafa þjappað heiðagæsunum saman á tiltölulega afmörkuðum svæðum, sem veldur því að stofninn er viðkvæmur fyrir ólöglegum veiðum. Við urðum átta sinnum vitni að ólöglegum veiðum þessi fjögur vor, svo það fer ekki milli mála að veiðar eru stundaðar á þessum tíma. Veiðarnar eru venjulega stundaðar af aðkomumönnum, því bændur á Suðurlandi virðast yfirleitt vera nokkuð sáttir við gæsir í túnum sínum. Gæsirnar éta nýsprottið grasið í stuttan tíma þegar enginn búsmali er í túnum. Í kjölfar kvótakerfis í landbúnaði er hugsanlegt að ræktað land eigi eftir að breytast í úthaga eða mýrar á ný, heiðagæsum í óhag.

Upplýsingar um dreifingu og mikilvægi náttstaða á Suðurlandsundirlendi eru takmarkaðar. Meirihluti gæsanna flýgur á náttstað í ljósaskiptunum. Gæsir nota helst áreyrar jökulána þar sem þær telja sig öruggar gegn rándýrum. Mikilvægt er að friða helstu náttstaði heiðagæsa sem og annarra gæsategunda sem eru nærri mikilvægustu fæðuuppsprettunum.

ÞAKKIR

Við þökkum öllum þeim sem tóku þátt í vorleiðöngrunum 1989-1992, sérstaklega Einari Ó. Þorleifssyni og Ingólfi Guðnasyni fyrir hjálpina öll árin. Karólína R. Guðjónsdóttir útbjó kort í greininni. Einar Ólafsson og Guðfinna Kristjánsdóttir veittu ómældan stuðning með því að lána sumarhús sitt í Laugarási sem aðstöðu fyrir leiðangursmenn, auk ýmiss konar annarrar aðstoðar. Heimilisfólki og húsráðendum á Fljótshólum í Flóa þökkum við gestrisnina. Þakkir fá einnig Alyn Walsh, Andrew Stewart, Arnþór Garðarsson, Arthur Thomas, Chris Tomlinson, Clive Stacey, David Stroud, Frank Salisbury, Habiba Gitay, Ian Francis, Jesper Madsen, John Bowler, Jouke Prop, Mike Bell, Myrfyn Owen, Nigel Jarrett, Stephanie Warren, Þorfinnur Þórarinsson, Þóra Ellen Þórhallsdóttir og Ævar Petersen fyrir aðstoð við verkefnið. Ólafur Karl Nielsen og ritnefndarmenn Blika lásu yfir handrit. Vísindaráð Íslands veitti rannsóknarleyfi. Arctic Experience Ltd., the Joint Nature Conservation Committee og the Wildfowl & Wetlands Trust veittu fjárstuðning til verkefnisins. Okkar innilegustu þakkir til þeirra allra.

SUMMARY

Spring staging by Pink-footed Geese in southern Iceland.

Analysis of historical ringing information showed that Pink-footed Geese (*Anser brachyrhynchus)* marked at Þjórsárver in 1951 and 1953 were mainly recovered in Iceland during April - June in the Southern Lowlands. This suggests that these areas may be the spring staging areas for breeding birds from this important colony. Extensive ground surveys in 1989-1992 showed that the lowlands of Rangárvallarsýsla and Árnessýsla supported up to 12,000 Pink-feet during late April-early May. First arrivals were seen during 18-24 April, numbers peaked during 28 April-1 May but Pink-feet had left the lowland areas by mid May. This was slightly later than the Greylag Geese which use the same southern lowlands as a staging area, with some individuals remaining to breed. Individually marked Pink-feet were present in the same fields on the same farm for up to 9 days. Pink-feet feed predominantly on intensively managed reseeded grassland cut for hay in the previous summer. This also differed from the Greylags feeding in the same areas which foraged more on stubbles and wetlands than the Pink-feet. Analysis of diet from one area showed that Pink-feet were highly selective for the most nutritious species of grass (*Phleum pratense*) during the early phase of growth when protein content is highest. Pink-feet tended to arrive in the more southerly parts and gradually move inland, probably in response to growth patterns of the grass, following the progress of the thaw. It is generally considered that the condition of breeding female geese at the onset of egg-laying has considerable influence over breeding success, so this pre-nesting feeding phase may have great significance for the reproductive output of this element of the population. The significance of this important new and artificial feeding resource is discussed in the context of the recent expansion in the population of the Pink-footed Goose.

HEIMILDIR

Ankney, C.D. & C.D. MacInnes 1978. Nutrient reserves and reproductive performance of female Lesser Snow Geese. – Auk 95: 459-471.

Arnþór Garðarsson 1982. Andfuglar og aðrir vatnafuglar. – Rit Landverndar 8:77-116.

Arnþór Garðarsson & Jón Baldur Sigurðsson 1972. Skýrsla um rannsóknir á heiðagæs í Þjórsárverum sumarið 1971. – Orkustofnun, Raforkudeild.

Boyd, H. 1955. The role of tradition in determining the winter distribution of Pink-feet in Britain. – Wildfowl Trust Ann. Rep. 7:107-122.

Boyd, H. 1956. Statistics of the British population of the Pink-footed Goose. – J. Animal Ecol. 25: 225-273.

Boyd, H & M.A. Ogilvie 1969. Changes in the British wintering population of the Pink-footed Goose from 1970 to 1975. – Wildfowl 20:33-46.

Boyd, H. & A.D. Fox 1992. Sexual activity of Pink-footed Geese *Anser brachyrhyncus* at a staging area in Iceland. – Wildfowl 43: 117-120.

Budeau, D.A., J.T. Ratti & C.R. Ely 1991. Energy dynamics, foraging ecology and behaviour of pre-nesting Greater White-fronted Geese. – J. Wildl. Manage. 55: 556-563.

Dix, T. & W.A.C. Cunningham 1992. Outer Hebrides Bird Report 1991. – Outer Hebrides Ornithologists Group, Stornoway.

Fox, A.D. 1993. Pre-nesting feeding selectivity of Pink-footed Geese *Anser brachyrhyncus* in artificial grasslands. – Ibis 135: 417-423.

Fox, A.D., H. Gitay, M. Owen, D.G. Salmon & M.A. Ogilvie 1989a. Population dynamics of Icelandic-nesting geese. – Ornis Scand. 20:289-297.

Fox, A.D., H. Gitay, H. Boyd, & C. Tomlinson 1989b. The Wildfowl & Wetlands Trust 1989 spring Pink-footed expedition to Iceland. – Report to The Wildfowl & Wetlands Trust, Slimbridge.

Fox, A.D., C.R. Micthell, D. Fletcher & J.V.T. Turner 1989c. The Wildfowl & Wetlands Trust Pink-footed Goose *Anser brachyrhyncus* project: a report on the first three seasons. – Wildfowl 40: 153-157.

Fox, A.D., H. Gitay, H. Boyd & C. Tomlinson 1991. Snow-patch foraging by Pink-footed Geese in Iceland. – Holarctic Ecology 14: 81-84.

Fox, A.D, H. Boyd, & S.M. Warren 1992. The phenology of spring staging of pre-nesting geese in Iceland. – Ecography 15: 289-295.

Fox, A.D., C. Mitchell, A. Stewart, J.D. Fletcher, J.V.N. Turner, H. Boyd, P. Shimmings, D.G. Salmon, W.G. Haines & C. Tomlinson 1994. Winter movements and site-fidelity of Pink-footed Geese *Anser brachyrhynchus* ringed in Britain, with particular emphasis on those marked in Lancashire. – Bird Study 41: 221-234.

Francis, I.S. & A.D. Fox 1987. Spring migration of Greenland White-fronted Geese through Iceland. – Wildfowl 38: 7-12.

Gauthier, G. & J. Tardif 1991. Female feeding and male vigilance during nesting in Greater Snow Geese. – Condor 93: 701-711.

Guðni Þorvaldsson 1987. The effects of weather on the nutritional value of Timothy in Northern Sweden. – Acta Agric. Scand. 37: 305-319.

Hálfdán Björnsson 1976. Fuglalíf í Öræfum. – Náttúrufræðingurinn 46: 56-104.

Inglis, I.R. 1977. The breeding behaviour of the Pink-footed Goose: Behavioural correlates of breeding success. – Animal Behaviour 25: 747-764.

Kirby, J., J.R. Ferns, R.J. Waters, & R.P. Prys-Jones 1991. Wildfowl and Wader Counts 1990-91. – The Wildfowl & Wetlands Trust, Slimbridge.

Mitchell, C., Arnór Þ. Sigfússon, R. Hearn, D. Patterson & A. Lauder 1997. Grey Goose studies in Iceland, 1996. – WWT Slimbridge.

Mitchell, C., A.D. Fox, H. Boyd, Arnór Þ. Sigfússon & D. Boertman 1999. Pink-footed Goose *Anser brachyrhynchus*: Iceland/Greenland. – Bls. 68-81 í: Madsen, J., G. Cracknell & A.D. Fox (ritstj.)

Goose populations of the Western Palearctic. A review of status and distribution. Wetlands International Publication no. 48. National Environmental Research Institute, Denmark.

Pettifor, R. & J.M. Rowcliff 1995. Population viability analysis of Icelandic/Greelandic Pink-footed Geese. – WWT report to SNH.

Scott, P., J. Fisher & Finnur Guðmundsson 1953. The Severn Wildfowl Trust Expedition to Central Iceland. – Wildfowl Trust Ann. Rep. 5: 78-124.

Scott, P., H. Boyd & W.J.L. Sladen 1955. The Wildfowl Trust´s second Expedition to Central Iceland, 1953. – Wildfowl Trust Ann. Rep. 7: 63-98.

Thomas, V.G. 1983. Spring migration: the prelude to goose reproduction and a review of its implications. – Bls. 73-81 í: Boyd, H. (ritstj.) First Western Hemisphere Waterfowl and Waterbird Symposium. Special Canadian Wildlife Service publication for IWRB, Ottawa.

Veðráttan 1992. Mánaðaryfirlit fyrir júní 1992. – Veðurstofa Íslands.

Anthony D. Fox, The Wildfowl & Wetlands Trust, Slimbridge, Gloucester GL2 7BT, England. Núverandi heimilisfang / present address: Danmarks Miljøundersøgelser, Grenåvej 12, Kalø, DK-8410 Rønde, Danmark.

Ólafur Einarsson, The Wildfowl & Wetlands Trust, Slimbridge, Gloucester GL2 7BT, England. Núverandi heimilisfang / present address: Náttúrufræðistofnun Íslands, Pósthólf 5320, IS-125 Reykjavík.

Jóhann Óli Hilmarsson, Pósthólf 12049, IS-132 Reykjavík.

Hugh Boyd, Canadian Wildlife Service, Environment Canada, Ottawa, Ontario K1A OE7, Canada.

Carl Mitchell, The Wildfowl & Wetlands Trust, Slimbridge, Gloucester GL2 7BT, England.

Heiðagæs. – *Pink-footed Goose.* – Einar Ó. Þorleifsson.

Gaukur Hjartarson og
Yann Kolbeinsson

Grænfinka á Íslandi

Tegundir sem sjást hér í fyrsta sinn vekja ávallt athygli. Meðal slíkra tegunda sem fundust hér árið 1997 er grænfinka, sem kom að Þorvaldsstöðum á Langanesströnd í mars.

Þann 22. mars 1997 kom grænfinka *Carduelis chloris* (1. mynd) að Þorvaldsstöðum á Langanesströnd, en þetta er í fyrsta sinn sem þessi fuglategund sést með vissu hérlendis. Það voru systkinin Auðunn Haraldsson og Ingveldur Haraldsdóttir að Þorvaldsstöðum sem fundu fuglinn og tilkynntu til Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Grænfinka tilheyrir finkuætt Fringillidae. Aðeins ein finka, auðnutittlingur *C. flammea,* er reglulegur varpfugl hérlendis, en fjallafinka *Fringilla montifringilla*, bókfinka *F. coelebs* og barrfinka *C. spinus* eru tíðir flækingsfuglar og hafa allir reynt varp í nokkur skipti. Nokkrar aðrar finkur hafa að auki flækst til Íslands. Grænfinkur, sérstaklega karlfuglar, eru fremur auðgreindar frá öðrum finkum, en visað er til greiningarhandbóka varðandi útlit.

Fuglinn fannst aðframkominn við útidyrnar að Þorvaldsstöðum þar sem hann leitaði skjóls fyrir veðrinu. Hann flaug inn í húsið og dvaldi i upphituðum kjallara þar sem honum var gefið snjótittlingafóður og fleira tilfallandi. Þann 18. maí komu greinarhöfundar að Þorvaldsstöðum ásamt Brynjúlfi Brynjólfssyni og var fuglinn þá enn í hitakompunni. Hann var myndaður og merktur og síðan sleppt út í garðinn við Þorvaldsstaði. Um var að ræða karlfugl og af vængmynstri má ætla að fuglinn hafi verið á 2. ári. Hann hélt til í kringum

1. mynd. Grænfinka *Carduelis chloris* á Þorvaldsstöðum. – *The Greenfinch at Þorvaldsstaðir.* – Yann Kolbeinsson.

Þorvaldsstaði til 21. maí og flakkaði milli garðsins og útihúsa. Eftir það hefur ekki spurst til fuglsins.

Um svipað leyti og grænfinkan kom að Þorvaldsstöðum kom þar önnur gulleit finka, minni en grænfinkan, og hefur þar trúlega verið barrfinka á ferð. Einnig sáust þá þrjár vepjur *Vanellus vanellus* við bæinn. Næstu daga á eftir sáust margir flækingsfuglar víða á landinu og voru t.d. á Húsavík þrjár erlendar finkutegundir, barrfinka, bókfinka og fjallafinka. Í ljósi þessarar flækingagöngu og fundarstaðar fuglsins, virðist ekki ástæða til að efast um að hann hafi borist hingað til lands án aðstoðar manna.

Grænfinka verpir um alla Evrópu, nema á nyrstu svæðum Skandinavíu, Íslandi og Færeyjum (Cramp & Perrins 1994, Clement 1993). Hún er staðfugl víðast hvar, en á nyrstu svæðum útbreiðslunnar er hún þó farfugl. Tegundinni er skipt í nokkrar undirtegundir. Þær einu sem eru líklegar til að flækjast til Íslands eru *C. c. chloris* sem verpir í norður Evrópu, þ.m.t. á Norðurlöndum og e.t.v. norðurhluta Skotlands og *C. c. harrisoni* á Bretlandseyjum. Þessar undirtegundir eru torgreindar hvor frá annarri, en um er að ræða lítilsháttar litarmun. Varpstofnar á Norðurlöndum hafa stækkað umtalsvert á undanförnum áratugum og útbreiðsla hefur aukist í norðurátt. Útbreiðsla grænfinku nær nú norður að 70° norðlægrar breiddar i Noregi. Í ljósi þessa má álykta að meiri líkur séu nú en áður á að grænfinkur flækist hingað til lands. Grænfinkur eru sjaldgæfir flækingsfuglar í Færeyjum (Bloch & Sørensen 1984). Tveir fuglar sáust 1994, annar að vori og hinn að hausti, og eru það fyrstu fuglar frá 1949. Áður höfðu sést þar 12 fuglar (*British Birds* 88: 279).

Í nokkrum eldri heimildum er grænfinku getið sem flækingsfugls á Íslandi. Bjarni Sæmundsson taldi sig hafa séð eina eða tvær í garði sínum í Reykjavík 28. ágúst 1930 og aftur tvo fugla 25. nóvember 1933 (Bjarni Sæmundsson 1933-1934, 1936). Litlar lýsingar fylgja þessum athugunum og hafa fuglarnir því ekki verið teknir gildir. Einnig er í gömlum heimildum getið um rytju af grænfinku sem fannst í Kaupangssveit i Eyjafirði haustið 1936 (Magnús Björnsson 1937 og Timmermann 1949). Sá fugl reyndist við nánari athugun vera skarlatstáni *Piranga olivacea*.

ÞAKKIR

Auðunn og Ingveldur fá þakkir fyrir að tilkynna fuglinn og gefa öðrum fuglaskoðurum tækifæri til skoða hann. Þau veittu einnig nánari upplýsingar um fuglinn og lásu greinina yfir og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir. Gunnlaugur Pétursson fær bestu þakkir fyrir aðstoð við heimildaöflun og Brynjúlfur Brynjólfsson og Gunnlaugur Þráinsson fá þakkir fyrir yfirlestur.

HEIMILDIR

Bjarni Sæmundsson 1933-34. Zoologiske Meddelelser fra Island. XVI . Nogle ornithologiske Iagtagelser og Oplysninger. – Videnskabelige Meddelelser 97: 25-86.

Bjarni Sæmundsson 1936. Íslensk dýr III - Fuglarnir. – Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar, Reykjavík.

Bloch, D. & S. Sørensen 1984. Yvirlit yvir Føroya Fuglar. – Føroya Skúlabókagrunnur, Þórshöfn.

Clement, P. 1993. Finches & Sparrows. – Christopher Helm , London.

Cramp, S. & C.M. Perrins (ritstj.) 1994. The birds of the Western Palearctic. Vol. VIII. Crows to Finches. – Oxford University Press, Oxford.

Magnús Björnsson 1937. Úr árbókum fuglanna. – Náttúrufræðingurinn 7:90-92.

Timmermann, G. 1949. Die Vögel Islands. Erster Teil, 2. Hälfte und Zweiter Teil: 241-524. – Vísindafélag Íslendinga, XXVIII, Reykjavík.

SUMMARY

A Greenfinch in Iceland

A male Greenfinch *Carduelis chloris* was seen at the farm Þorvaldsstaðir in Bakkafjörður in NE Iceland on 22 March 1997. It took a shelter in a house and survived there fed by the farmers, until it was photographed, ringed and released outside the house on 18 May. It was seen in the garden at Þorvaldsstaðir until 21 May. This is the first record of Greenfinch in Iceland.

Gaukur Hjartarson, Háageröi 7, 640 Húsavík.
Yann Kolbeinsson, Sólheimum 30, 104 Reykjavík.

Hólmfríður Sigþórsdóttir,
Ester Rut Unnsteinsdóttir og
Páll Hersteinsson

Fuglalíf í Hlöðuvík á Hornströndum sumarið 1998

Fylgst var með fuglalífi samhliða rannsóknum á refum í Hlöðuvík sumarið 1998. Alls var staðfest varp 10 fuglategunda en líklegt er að 12 aðrar tegundir hafi einnig orpið á rannsóknarsvæðinu. Gerð er grein fyrir þessum athugunum og þær bornar saman við tiltæk eldri gögn frá svæðinu.

Inngangur

Sumarið 1998 dvöldust höfundar við rannsóknir á refum *Alopex lagopus* í Hlöðuvík og Kjaransvík, í Sléttuhreppi hinum forna, þar sem nú er Hornstrandafriðland (1. mynd). Komið var á svæðið 9. júní og lauk viðveru hinn 28. ágúst. Þá var einnig dvalist á svæðinu 18. til 22. nóvember 1998. Upplýsingum um fuglalíf á svæðinu var haldið til haga ef að gagni mætti koma við síðari rannsóknir á fuglalífi enda eru birtar heimildir um það af skornum skammti. Helst má þar nefna grein eftir Christian Hjort (1984) sem dvaldist í Hælavík og Hlöðuvík í dagana 15.-23. júlí 1983. Glue (1970, 1972) hefur fjallað um fuglalíf á nærliggjandi svæðum, Arnþór Garðarsson (1995, 1997) hefur ritað um svartfugla (*Alcidae*) í Hælavíkurbjargi og Hornbjargi og dreifingu sjófugla vestan Íslands.

Bækistöð okkar var í Búðabæ, húsi sem reist var af Hallvarði Guðlaugssyni við rústir Búða í austanverðri Hlöðuvík (2. mynd), en Hallvarður er fæddur og uppalinn þar.

Í Hlöðuvík var eitt tófugreni í notkun sumarið 1998 en tvö í Kjaransvík. Refir voru því algeng sjón á svæðinu. Ekki varð vart neinna ummerkja eftir mink *Mustela vison*. Selir sáust sjaldan úti fyrir ströndinni en kjálkalausan útsel *Halichoerus grypus* og hræ landselskóps *Phoca vitulina* rak á fjörur. Hagamýs *Apodemus sylvaticus* er að finna í Hlöðuvík og urðum við vör við þær undir Álfsfelli og við Búðabæ. Sjóbleikja *Salvelinus alpinus* hélt sig í sjónum og neðst í Hlöðuvíkurósi allt frá því um miðjan júlí og veiddu sumir ferðamenn allvæna silunga þar. Þá var algengt að sjá smásilung, lækjalontu, skjótast í lækjum og tjörnum í Hlöðuvík.

Leifur Símonarson (1979) hefur lýst jarðfræði Hornstranda. Berggrunnurinn er blágrýti og rísa jökulsorfin fjöll víðast frá sjó. Undirlendi er víðast hvar lítið en það á þó ekki við um Hlöðuvík sem er fremur flatlend og liggja u.þ.b. 3 km^2 hennar undir 50 m.y.s. Hlöðuvík er umlukin illkleifum fjöllum á þrjá vegu, í austri, suðri og vestri.

Um gróðurfar í Hornstrandafriðlandi vísast til ritgerða Ingólfs Davíðssonar (1937), Áskels Löve (1948) og Eyþórs Einarssonar (1975) en líklegt þykir að gróðurfar á Hornströndum öllum sé nokkuð svipað og beri keim af hráslagalegu og stormasömu loftslagi sem þar ríkir. Á fjöllum er lítill gróður nema í skjólgóðum lautum. Í víkum, dölum og í skjóli bjarga vaxa margar grastegundir (Poaceae), hvannir (*Angelica* spp.), burknar (Pterophytes), steinbrjótar (*Saxifraga* spp.) og fleiri jurtir (Áskell Löve 1948). Þá er hvönn áberandi við rústir bæja og útihúsa. Starir (*Carex* spp.) eru algengar þar sem jarðvegur er rakur. Engir skógar eru á svæðinu (Áskell Löve 1948) en innst í Hlöðuvík er kræklótt, lávaxið birki *Betula pubescens*. Fjalldrapi *Betula nana* er nokkuð algengur og fjórar víðitegundir (*Salix* spp.) sáust. Blágresi *Geranium sylvaticum* og brennisóley *Ranunculus acris* voru mjög víða í Hlöðuvík. Einnig var berjalyng *Vaccinium uliginosum, V. myrtillus* og *Empetrum nigrum* algengt.

Hér verður greint frá hverri fuglategund er sást á rannsóknasvæðinu árið 1998 en samantekt er að finna í 1. töflu, ásamt samanburði við athuganir Hjort (1984) frá árinu 1983.

Fuglar

Lómur *Gavia stellata* sást öðru hverju allt sumarið bæði í Kjaransvík og Hlöðuvík. Mest sáust 6 lómar saman á sjónum neðan við Búðabæ 10. júní. Hinn 14. sama mánaðar sást lómur á Lómatjörn (1. mynd), þótt ekki yrði vart við varp þar. Mest sáust 3 lómar þar 11. ágúst. Árið 1976 var lómapar á svipuðum slóðum (Ólafur K. Nielsen 1976) og 1983 sást lómapar í Hlöðuvík (Hjort 1984). Líklegt er að lómar séu þar árlega (Hallvarður Guðlaugsson, munnl. uppl.).



1. mynd. Kort af Hlöðuvík og nágrenni er sýnir helstu kennileiti og örnefni á svæðinu. – *Map of the study area.*

Himbrimi *Gavia immer*. Hinn 3. júlí sáust tveir himbrimar á sjónum út af Álfsfelli.

Fýll *Fulmarus glacialis* var algengur á svæðinu og fýlsvörp i Ófærubjargi, Álfsfelli og Kjalarárnúpi og oftast sást eða heyrðist til fýla þegar setið var við grenin sitt hvorum megin Álfsfells. Fýll var algeng fæða refanna á svæðinu.

Dílaskarfur *Phalacrocorax carbo*. Tveir ungir dílaskarfar sáust þrisvar í Hlöðuvík 12.-25. ágúst en hinn 18. ágúst flugu 3 dílaskarfar yfir Búðabæ. Stakir dílaskarfar sáust 19. og 22. nóvember i Hlöðuvík.

Álft *Cygnus cygnus* varp í Hlöðuvík sumarið 1998. Hinn 9. júní fannst hreiður með 5 eggjum á mótum Hornsár og Hlöðuvíkuróss (1. mynd). Hinn 14. júní voru álftirnar enn á hreiðrinu en daginn eftir sáust þær á tjörn u.þ.b. 1 km sunnar í víkinni og tveim dögum síðar sáust þær með þrjá unga við tjörn enn sunnar. Hinn 24. júní höfðu álftirnar misst ungana, en þær sáust nokkrum sinnum það sem eftir var sumars, oftast á beit í mýrlendi austan undir Álfsfelli. Ekki er vitað um afdrif unganna. Að sögn Hallvarðs Guðlaugssonar, sem komið hefur árlega i Hlöðuvík undanfarna tvo áratugi, hafa álftir reynt varp á svæðinu flest ár en aldrei komið upp ungum svo vitað sé. Árið 1983 sá Hjort (1984) álftarpar án unga í Hlöðuvík. Hinn 30. júní sáust 3 álftir á sjónum innan um æðarfugl. Síðast sást til álfta 16. ágúst en þá voru tvær álftir á sjónum undan Bakkaendum.

Grágæs *Anser anser* sást 5. júlí í fjöru i Hlöðuvík og 9. júní sáust 3 ógreindar gæsir á flugi við Hlöðuvíkurós.

Stokkönd *Anas platyrhynchos*, kolla, sást 9. júní á flugi við Hlöðuvíkurós. Árið 1983 fannst par í Hlöðuvík (Hjort 1984).

Hávella *Clangula hyemalis* sást ekki á rannsóknarsvæðinu sumarið 1998 og Hjort (1984) sá þær ekki heldur þar sumarið 1983. Hinn 22. nóvember töldust hins vegar 5-10 hávellur með ströndinni frá Búðum að Hlöðuvíkurósi.

Straumönd *Histrionicus histrionicus*, par, sást synda á Hlöðuvíkurósi hinn 9. júní. Slæðingur var af blikum fyrir ströndum og neðst á Hlöðuvíkurósi allt sumarið. Um 40 blikar voru i hópi 20. júní og 70 tveim dögum síðar. Fjöldi blika fór vaxandi þegar leið á júlímánuð og náði hámarki 30. júlí þegar 250 fuglar töldust i Hlöðuvík og Kjaransvík. Árið 1983 sá Hjort (1984) 5 blika og 8 kollur á sjónum út af Hlöðuvík en fann engin ummerki um varp. Fimm straumendur (4 blikar og ein kolla) sáust saman i Hlöðuvík 22. nóvember 1998.

Æðarfugl *Somateria mollissima*. Fyrstu dagana eftir komu okkar sáust nokkrir tugir æðarfugla á sjónum. Þeim fjölgaði mjög næstu daga og var fjöldi þeirra u.þ.b. 1000 um miðjan júní, þar af um 95% blikar. Samtals voru 600-700 fuglar í stærsta hópnum. Fjöldinn hélst mikill fram eftir sumri. Hinn 24. júní sáust um 20 æðarfuglar á Hlöðuvíkurósi og var meirihlutinn kollur. Um 500 æðarfuglar sáust daglega á sjónum út af Hlöðu- og Hælavík upp úr miðjum júlí 1983 (Hjort 1984).

Líklegt þykir að eitthvert æðarvarp hafi verið í Hlöðuvík þar sem pör sáust alloft á tjörnum innarlega i vikinni en engin hreiður fundust. Hinn 4. júlí voru komnar 5-10 æðarkollur með unga í Kjaransvík og ein kolla sást með 25 unga í Hlöðuvík. Æðarkollum með unga fjölgaði mikið á næstu dögum en þær voru dreifðar um Hlöðuvík og Kjaransvík og heildarfjöldi var ekki áætlaður. Yfirleitt sáust nokkrir tugir kollna samtímis í grýttum þangfjörum, svo sem undir Álfsfelli og víðar. Þar sem æðarvarp var mjög lítið, ef nokkurt, á svæðinu, er liklegt að margar kollurnar hafi verið langt að komnar.

Hinn 22. nóvember voru 10-20 æðarfuglar á svæðinu frá Búðum að Hlöðuvíkurósi, aðallega kollur eða ókynþroska fuglar.

Æðarkóngur *Somateria spectabilis* sást 11. júní í hópi æðarfugla á sjónum undan Búðabæ.

Smyrill *Falco columbarius* virtist ekki verpa á svæðinu en á tímabilinu 15.-24. ágúst sáust stakir smyrlar nokkrum sinnum og tveir saman einu sinni.

Rjúpa *Lagopus mutus*. Algengt var að finna rjúpnasaur. Óðalskarrar, sumir í fylgd

1. tafla. Samandregnar niðurstöður um fugla sem höfundar sáu í Hlöðuvík og Kjaransvík 9.6.-28.8. og 18.-22.11. árið 1998 með samanburði við athuganir Hjort (1984) á tímabilinu 15.-23.7.1983 frá Hlöðuvík og Hælavík sumarið 1983. – *Summary of observations of birds made by the authors in Hlöðuvík and Kjaransvík during 9.6.-28.8.1998 and 18.-22.11.1998 in comparison with observations made by Hjort (1984) in Hlöðuvík and Hælavík during 15.-23.7.1983.*

Tegund	Latneskt heiti	1983	1998
Lómur	*Gavia stellata*	+b	+b
Himbrimi	*Gavia immer*	-	+
Fýll	*Fulmarus glacialis*	BB	++bbv
Súla	*Morus bassanus*	+	-
Dílaskarfur	*Phalacrocorax carbo*	-	+v
Álft	*Cygnus cygnus*	B	+B
Grágæs	*Anser anser*	-	+
Heiðagæs	*Anser brachyrhynchus*	+	-
Stokkönd	*Anas platyrhynchos*	+	+
Hávella	*Clangula hyemalis*	-	v
Straumönd	*Histrionicus histrionicus*	++	++bv
Æðarfugl	*Somateria mollissima*	BB	++bv
Æðarkóngur	*Somateria spectabilis*	+	+
Smyrill	*Falco columbarius*	-	+
Rjúpa	*Lagopus mutus*	+	++bb
Tjaldur	*Haematopus ostralegus*	+	+
Sandlóa	*Charadrius hiaticula*	-	++BB
Heiðlóa	*Pluvialis apricaria*	++bb	++bb
Hrossagaukur	*Gallinago gallinago*	+b	+b
Spói	*Numenius phaeopus*	+	+B
Stelkur	*Tringa totanus*	+	-
Sendlingur	*Calidris maritima*	++B	++BBv
Lóuþræll	*Calidris alpina*	-	+
Óðinshani	*Phalaropus lobatus*	++B	++b
Kjói	*Stercorarius parasiticus*	++	+B
Svartbakur	*Larus marinus*	++B	++Bv
Hvítmáfur	*Larus hyperboreus*	++b	++bbv
Hettumáfur	*Larus ridibundus*	+	-
Rita	*Rissa tridactyla*	BB	++v
Kría	*Sterna paradisaea*	+	+B
Álka	*Alca torda*	BB	-
Langvía	*Uria aalge*	BB	-
Stuttnefja	*Uria lomvia*	BB	-
Lundi	*Fratercula arctica*	+b	-
Teista	*Cepphus grylle*	BB	+b
Hrafn	*Corvus corax*	+	+v
Músarrindill	*Troglodytes troglodytes*	-	v
Skógarþröstur	*Turdus iliacus*	+	+B
Svartþröstur	*Turdus merula*	-	v
Steindepill	*Oenanthe oenanthe*	++b	++bb
Þúfutittlingur	*Anthus pratensis*	BB	++BB
Maríuerla	*Motacilla alba*	B	+b
Snjótittlingur	*Plectrophenax nivalis*	BB	++BBv

Táknin í töflunni þýða – *symbols used*: + séður að sumarlagi – *observed in summer*, ++ margir séðir að sumarlagi – *many observed in summer*, **b** líklega varpfugl – *probably breeding*, **bb** líklega algengur varpfugl – *probably a common breeder*, **B** varp staðfest – *breeding confirmed*, **BB** varp staðfest, algengur varpfugl – *breeding confirmed, a common breeder*, **-** sást ekki – *not observed*, **v** séður í nóvember – *observed in November*.

kvenfugla, sáust á nokkrum stöðum. Fjórir karrar voru í Þórishorni, tveir í Krókholtum, einn á Bakkaendum, tveir á Skálakambi og tveir í Kjaransvík. Ólafur K. Nielsen (1976) varð var við fimm karra á svæðinu frá Skálakambi að Þönglaá i Hælavík árið 1976 og Hjort (1984) fann rjúpnasaur á Skálakambi 1983 en sá engar rjúpur. Engar rjúpur sáust meðan á viðdvöl stóð í nóvember 1998 en ferskur rjúpnasaur fannst í Krókholtum 19. nóvember.

Tjaldur *Haematopus ostralegus.* Tveir tjaldar sáust í fjöru i Hlöðuvík 12. júní.

Sandlóa *Charadrius hiaticula* var útbreidd og algeng á svæðinu og má segja að sandlóur hafi barmað sér og reynt að draga til sin athygli hvar sem gengið var um mela og berangur. Eitt hreiður fannst rétt austan við Hlöðuvíkurós 8. júlí og dagana 24. og 25. júlí sáust tveir ungar þar en stálpaður ungi 8. ágúst á sama stað.

Heiðlóa *Pluvialis apricaria.* Pör voru á þrem óðulum með sjónum milli Búðabæjar og Hlöðuvíkuróss 9. og 12. júní. Lóur voru á óðali í Krókholtum 11. júní og a.m.k. tvö lóupör voru með Álfsfelli austanverðu 24. júní. Hinn 19. júní barmaði lóa sér ofarlega á Skálakambi er við gengum þar. Yfirleitt mátti heyra i lóum daglega en heldur virtist meira af þeim í Kjaransvík en Hlöðuvík enda mólendi meira þar. Hinn 2. ágúst sáust 7 heiðlóur fljúga saman í hópi í Hlöðuvík og nokkrar lóur sáust í hópi hinn 17. sama mánaðar í Hælavík. Ólafur K. Nielsen (1976) sá allmargar heiðlóur í Hlöðuvík sumarið 1976 en Hjort (1984) segir að heiðlóur hafi verið fáliðaðir varpfuglar á Hlöðuvíkur- og Hælavíkursvæðinu árið 1983.

Hrossagaukur *Gallinago gallinago.* Hneggjandi hrossagaukar sáust og heyrðust mjög oft er setið var við tófugreni norðaustan i Álfsfelli sumarið 1998. Hinn 9. júní sást hrossagaukur við ströndina milli Búðarbæjar og Hlöðuvíkuróss og tveim dögum síðar flugu tveir hrossagaukar norðan við Búðabæ. Í júní varð einnig vart hrossagauka i Þórishorni. Um og eftir miðjan ágúst varð viða vart við hrossagauka í Hælavík, Hlöðuvík og Kjaransvík. Árið 1983 sá Hjort (1984) einn hneggjandi fugl.

Spói *Numenius phaeopus.* Spóahreiður með 4 eggjum fannst 10. júní við grunna tjörn sunnan Lómatjarnar. Annað spóapar var nokkru norðar en hreiður fannst ekki. Auk þess sást spói og heyrðist vella norðaustan við Álfsfell dagana 13.–15. júní. Þá var nær alltaf vellandi spói rétt ofan sjávarbakka austan við Hlöðuvíkurós er gengið var um í júní, júlí og ágúst. Samkvæmt þessu voru allt að fjögur óðalsbundin spóapör í Hlöðuvík. Árið 1976 varð vart við eitt par og einn stakan fugl í Hlöðuvík (Ólafur K. Niesen 1976) og árið 1983 sást einn spói í Hlöðuvík (Hjort 1984).

Sendlingur *Calidris maritima* var algengur á svæðinu. Mestallt sumarið mátti sjá þá í fjöru, t.d. sáust 11 saman á steini 10. júní. Sama dag sást sendlingur með óðalshegðun í Krókholtum i Hlöðuvík. Sendlingshreiður með 4 eggjum fannst 11. júní um 100 m suðaustan Búðabæjar og 18. júní fannst sendlingur með unga í Kjaransvík. Hinn 19. júní sást mikið af sendlingi í fjöru í Hælavík. Mest virtist þó af sendlingi í Kjaransvík og hinn 6. júlí börmuðu sendlingar sér á a.m.k. fjórum stöðum þar. Auk þess fannst sama dag hreiður með 4 eggjum á flöt rétt neðan við Miðaftansfell i Kjaransvík. Hinn 22. júlí fannst sendlingshreiður með 4 eggjum i mýrinni austan Álfsfells og voru eggin enn í hreiðrinu 25. og 27. júlí þegar að var gáð. Árið 1983 varð ekki vart við sendling í Hlöðuvík en einn fugl sást í Hælavík (Hjort 1984). Töluvert var af sendlingi i fjörunni i Hlöðuvík og Kjaransvík i nóvember 1998, bæði stakir og i hópum. Í stærstu hópunum voru 10–15 einstaklingar.

Lóuþræll *Calidris alpina.* Fimm lóuþrælar sáust saman um 500 metrum sunnan við Búðabæ 25. júní. Næstu tvo daga sáust tveir lóuþrælar með lóum í Hlöðuvík. Hinn 6. júlí sáust nokkrir lóuþrælar innst í Kjaransvík. Engin merki fundust um varp.

Óðinshani *Phalaropus lobatus.* Óðinshanar sáust alloft á tjörnum, á Hlöðuvíkurósi og á sjónum í Hlöðuvík. Oftast voru

2. mynd. Hlöðuvík. Myndin er tekin út Skálinni í Skálakambi. Í fjarska sést Álfsfell og Kjaransvík handan þess en Búðabær er hægra megin við miðju í forgrunni. – Páll Hersteinsson.

þeir stakir í júní og fyrri hluta júlí en einu sinni tveir saman á tjörn og tvisvar sinnum fjórir á sjó. Hinn 19. júní sást einnig óðinshani á Máfatjörn í Hælavík. Hinn 17. júlí voru 10-20 misskrautlegir óðinshanar saman á Hlöðuvíkurósi. Hjort (1984) varð ekki var við óðinshana í Hlöðuvík árið 1983 en sá 10 fugla saman á flugi í Hælavík og þann 19. júlí sama ár fann hann vikugamlan unga og hreiður með 4 eggjum þar.

Kjói *Stercorarius parasiticus*. Þrjú kjóahreiður fundust í Hlöðuvík í júní og voru þau líklega ekki fleiri. Í einu hreiðrinu voru tvö egg en eitt í hinum tveimur hreiðrunum. Allt bendir til að ungar hafi skriðið úr öllum eggjunum og að flestir þeirra hafi komist upp. Það parið sem var með tvö egg, var af ljósa og dökka litarafbrigðinu. Báðir einstaklingar af öðru hinna paranna voru af ljósa litarafbrigðanna en í þriðja tilvikinu var annar einstaklingurinn dökkur og hinn blandaður. Algengt var að sjá landamæraskærur milli paranna.

Tófur virtust forðast óðul kjóanna og sáust t.d. dökki og blandaði kjóinn steypa sér að tófu í Krókholtum hinn 25. júlí. Tófan hljóp undan þeim en lagðist rétt á meðan þeir steyptu sér að henni.

Eftir 28. júlí sáust þrír ljósir kjóar, foreldrar og ungi, alloft fljúga saman í Hlöðuvík. Hinn 15. ágúst voru tveir dökkir, fullorðnir kjóar með fleygan unga á mýrunum austan við Álfsfell. Þar sem litir fullorðnu fuglanna áttu ekki við um pörin í Hlöðuvík, verður að teljast líklegt að þessir fuglar hafi komið að eftir að unginn varð fleygur, líklega úr Kjaransvík, en þar höfðu sést kjóar alloft fyrr um sumarið.

Ólafur K. Nielsen (1976) sá eitt dökkt par og annað dökkt og ljóst með unga sumarið 1976 i Hlöðuvík. Árið 1983 sá Hjort (1984) kjóa daglega en fann engin merki um varp í Hlöðuvík eða Hælavík.

Svartbakur *Larus marinus*. Ekkert svartbaksvarp var í Hlöðuvík árið 1998. Hins vegar voru að minnsta kosti fjögur svartbakspör með hreiður á Langakambi i

Kjaransvík 13. júní en þar sáust 7 fullorðnir fuglar þann dag og létu mjög í sér heyra bæði þá og síðar er við nálguðumst staðinn. Einhverjir ungar komust þar úr hreiðrum því að ferðamenn, sem komið höfðu til þess að njóta náttúrunnar i friðlandinu, greindu frá því að þeir hefðu snúið fjóra unga úr hálsliðnum á Langakambi i fyrstu viku júlímánaðar. Svartbakar áttu sér setstað við Hlöðuvíkurós, 100-150 metra frá sjó. Hóparnir sem þar mátti sjá voru að jafnaði blanda af svartbökum og hvítmáfum, fullorðnum sem ókynþroska. Heildarfjöldinn var oftast á bilinu 40-70 fuglar. Hinn 19. júní voru um 40 máfar, meirihlutinn svartbakar, við Máfatjörn í Hælavík, en 17. ágúst samanstóð álika stór hópur á sama stað jöfnum höndum af svartbaki og hvítmáfi.

Hinn 9. ágúst sáust 12 svartbakar í fjörunni fyrir neðan Álfsfell og voru tveir þeirra ungar frá sumrinu, tveir aðrir voru liklega á 4. sumri en 8 voru kynþroska. Svartbakar sáust fljúga með ströndinni daglega meðan á viðdvöl stóð í nóvember. Ólafur K. Nielsen (1976) staðfesti svartbaksvarp á Ófæruhillu i Ófærubjargi sumarið 1976. Árið 1983 urpu u.þ.b. 10 pör af svartbökum á dranga milli Hælavíkur og Hlöðuvíkur (Hjort 1984). Þetta svæði var ekki athugað sumarið 1998.

Hvítmáfur *Larus hyperboreus*. Líklegt er að hvítmáfur hafi orpið norðan i Álfsfelli en þar var jafnan nokkur umferð fullorðinna hvítmáfa sem kvörtuðu undan nærveru okkar. Annars var algengt að sjá hvítmáfa, bæði kynþroska og yngri fugla, fljúga með ströndinni í Hlöðuvík sumarið 1998, sem og í nóvember. Hvítmáfsvarp var i Ófærubjargi sumarið 1976 (Ólafur K. Nielsen 1976) og árið 1983 sáust hvítmáfar víða (Hjort 1984).

Rita *Rissa tridactyla* verpur ekki á svæðinu. Í byrjun ágúst urðu rituungar hins vegar algeng sjón í Hlöðuvík. Dagana 13. og 14. ágúst gerði hvassa norðanátt með rigningu og hröktust rituungar í nokkrum mæli á land. Sumir þeirra voru ófleygir af bleytu og vosbúð og því auðveld bráð fyrir refi. Hinn 17. ágúst sáum við ummerki um mikla rituveislu refa i Hælavík. Það sem eftir lifði mánaðarins voru rituungar algengir á sjónum í Hlöðuvík, stundum í hópi með stálpuðum æðarungum. Í nóvember sást rita tvisvar i Hlöðuvík, ein á ferð í bæði skiptin.

Kría *Sterna paradisaea* sást alloft við ströndina í Hlöðuvík en hinn 21. júní fannst kríuhreiður með 2 eggjum um 2 metra frá spóahreiðri. Bæði hreiðrin voru innan 50 metra frá kjóahreiðri rúma 500 metra frá sjó. Líklegt er að nokkur önnur kríuhreiður hafi verið á svæðinu en mest sáust 6 kríur samtímis við fæðuleit úti fyrir ströndinni. Tvær kríur sáust stinga sér og ná í fæðu í tjörn í Krókholtum 26. júlí.

Hjort (1984) segir kríur sjaldséðar i Hælavík og Hlöðuvík árið 1983.

Svartfuglar (Alcidae). Ekkert svartfuglavarp var í Hlöðuvík. Teista *Cepphus grylle* sást á syllu við Langakamb í Kjaransvík 13. júní og voru þar nokkrar gjótur eða glufur sem voru liklegar varpstöðvar. Teistuvarp eða varphegðun var þó ekki staðfest. Hinn 28. júní sáust 3 teistur á sjónum með 3 æðarfuglum undan Álfsfelli. Álkur *Alca torda*, langvíur *Uria aalge* og stuttnefjur *U. lomvia* fundust meðal fæðuleifa á grenjum en sáust ekki lifandi fyrir ströndum. Einn lundi Fratercula arctica fannst meðal fæðuleifa á greni.

Hrafn *Corvus corax* var sjaldgæfur i Hlöðuvík. Hinn 11. júní flaug krunkandi hrafn i Skálinni en ekki sást hrafn aftur á svæðinu fyrr en 3. júlí. Þá flugu tveir hrafnar með Álfsfellinu úr Kjaransvík i Hlöðuvík. Eftir það sáust hrafnar öðru hverju bæði í Kjaransvík og Hlöðuvík. Dagana 19. og 20. nóvember heyrðist til hrafna í Hlöðuvík og 22. nóvember sáust tveir saman í grennd við Búðir.

Músarrindill *Troglodytes troglodytes* sást ekki sumarið 1998 og ekki heldur sumarið 1983 (Hjort 1984). Hinn 19. nóvember 1998 sást hins vegar einn músarrindill við bæjarlækinn að Búðum.

Skógarþröstur *Turdus iliacus*. Skógarþrastarpar hélt til í hvannstóði í rústum

norðaustan við Búðabæ allt sumarið. Engir ungar sáust þó fyrr en 11. ágúst þegar skógarþröstur var að fóðra unga á norðurbakka bæjarlækjarins. Hinn 14. júní sást skógarþröstur í grennd við greni norðaustan í Álfsfellinu og er hugsanlegt að hann hafi orpið innan um hvannir í rústum Hlöðuvíkurbæjar. Þá sást skógarþröstur 17. ágúst innan um hvönn í rústum bæjarhúsa í Hælavík. Samkvæmt þessu var skógarþrösturinn fyrst og fremst bundinn hvannstóði í bæjarrústum á svæðinu. Það var einnig reynsla Ólafs K. Nielsens (1976) og Hjort (1984).

Svartþröstur *Turdus merula*. Svartþrestir eru sjaldgæfir varpfuglar á Íslandi. Fyrsta varptilraun sem vitað er um með vissu var árið 1960 og ekki er vitað til að þeir verpi á Vestfjörðum (Ævar Petersen 1998). Þeir sáust heldur ekki um sumarið en hinn 19. nóvember 1998 voru 7 svartþrestir í fæðuleit í fjörunni fyrir neðan Búðabæ. Svartþrestir sáust við Búðir alla dagana sem dvalið var á staðnum í nóvember en aðeins í þetta eina sinn svo margir. Hinn 22. nóvember sást stakur svartþröstur í Kjaransvík.

Steindepill *Oenanthe oenanthe* sást 18. júní í Kjaransvík. Þrem dögum síðar var einn syngjandi við greni austan í Álfsfelli og annar með lirfu í gogginum við greni vestan í Álfsfelli. Flesta daga það sem eftir var sumars sáust steindeplar við þessi greni. Þeirra varð vart við fleiri urðir og má gera ráð fyrir að steindeplar hafi orpið hér og hvar á svæðinu. Steindepils varð vart 8. ágúst í urð í Krókholtum í Hlöðuvík en eftir það sáust tveir steindeplar þar nær daglega til 28. ágúst. Hinn 17. ágúst sáust steindeplar á Trippabrekku á Hælavíkurbjargi. Ólafur K. Nielsen (1976) sá steindepil í Skálakambi sumarið 1976.

Þúfutittlingur *Anthus pratensis* var algengasti mófuglinn í Hlöðuvík. Margir þúfutittlingar sáust daglega í móum, mýrum og innan um rekaviðarstafla við ströndina, bæði í Hlöðuvík og Kjaransvík. Einnig sáust þúfutittlingar víða í Hælavík í þau tvö skipti sem við fórum þangað, 19. júní og 17. ágúst.

Algengt var að ganga fram á þúfutittlingshreiður. Hinn 9. júní fannst hreiður með 5 eggjum. Tvö hreiður fundust 10. júní og voru 3 egg í öðru en ungar (ljóldi óljós) í hinu. Hinn 14. júní fannst þúfutittlingshreiður með 5 eggjum, annað með 6 eggjum og hið þriðja með 6 dúnungum. Í Kjaransvík fannst hreiður 17. júní og sama dag sást þúfutittlingur fóðra unga í hreiðri á lækjarbakka rétt neðan við Búðabæ. Síðasta hreiðrið, með fimm eggjum, fannst 6. júlí í vestanverðri Kjaransvík. Fyrstu fleygu ungarnir sáust 26. júní og voru tveir kjóar að reyna að hremma einn þeirra. Sá slapp í það sinnið. Eftir þetta var algeng sjón að sjá þúfutittlinga fóðra nýfleyga unga.

Glue (1970) mældi varpþéttleika þúfutittlings í Hrafnsfirði og Furufirði árið 1967. Í Hrafnsfirði var þéttleiki þúfutittlinga u.þ.b. 8 varppör/km^2 en Furufirði var hann u.þ.b. 12 varppör/km^2. Í Önundarfirði og Dýrafirði hefur varpþéttleiki þúfutittlinga mælst mun meiri, eða allt að 100 varppör/km^2 (Ólafur K. Nielsen 1980). Ekki var reynt að áætla stofnstærð þúfutittlinga í Hlöðuvík en ljóst er að þéttleiki var mjög mikill. Við vorum ekki ein um að ganga fram á þúfutittlingshreiður fyrir tilviljun; við sáum refi gera það líka nokkrum sinnum. Þess má geta að Ólafur K. Nielsen (1976) sá ekki þúfutittlinga í Hlöðuvík sumarið 1976.

Maríuerla *Motacilla alba* var sjaldséð í Hlöðuvík. Hinn 11. júní sást ein við Búðabæ, önnur 26. júní á flugi á Bakkaendum og loks tvær hinn 13. ágúst við Búðabæ. Ólafur K. Nielsen (1976) sá maríuerlu við Búðir og aðra skammt frá sumarið 1976.

Snjótittlingur *Plectrophenax nivalis* var mjög algengur í Hlöðuvík og liklega næstalgengasti mófuglinn á svæðinu. Söngur sólskríkjunnar var sú hljómlist sem mest var áberandi á svæðinu í heild.

Snjótittlingsóðul voru i stórgrýti á Bakkaendum, í Skálinni, Þórishorni, hlíðunum neðan Jökladala, í hlíðunum neðan Ólafsdals og Bæjardals, i Krókholtum, i hliðum Álfsfells, bæði að austan- og vestan-

verðu, í sjávarbökkunum milli Búðabæjar og Hlöðuvíkuróss og upp með Hlöðuvíkuróssi. Í reynd má segja að sólskríkjur virðist hafa orpið hvar sem stórgrýti og grófar urðir var að finna í Hlöðuvík. Þær voru t.d. algengar í grennd við grenin bæði norðvestan og norðaustan í Álfsfelli. Þá sáust sólskríkjur 19. júní við greni norðan í Skálakambi, sem og á fleiri stöðum i Hælavík. Hinn 26. júní sáust tveir fleygir ungar á bökkunum milli Óssins og Búðabæjar og sólskríkja sást mata unga á steini á Bakkaendum. Það varð algeng sjón eftir þetta og sáust t.d. allmargir ungar og fullorðnar sólskríkjur saman innan um rekavið við ósa Kjaransvíkurár 3. júlí.

Snjótittlingar voru algengir í Hlöðuvík í nóvember 1998. Hinn 19. nóvember flugu t.d. 108 snjótittlingar fram hjá athugendum þar sem þeir voru staddir í Krókholtum. Stefndu fuglarnir frá sjó í átt að Jökladölum, flugu stuttar vegalengdir í einu og settust á milli eins og þeir væru í fæðuleit.

Samanburður við fyrri athuganir

Þeir fuglar sem höfundar sáu sumarið 1998 en Hjort (1984) ekki sumarið 1983, voru himbrimi, dílaskarfur, grágæs, smyrill, rjúpa, sandlóa og lóuþræll. Hjort (1984) fann reyndar rjúpnasaur.

Hjort (1984) sá nokkrar tegundir árið 1983 sem við urðum ekki vör við sumarið 1998. Þar á meðal var ein heiðagæs *Anser brachyrhynchus* í sárum og tveir stelkar *Tringa totanus* í Hlöðuvík þann 20. júlí og einn í Hælavík 21. júlí. Ólafur K. Nielsen (1976) sá einnig þrjá stelka í Hlöðuvík sumarið 1976. Þann 21. júlí 1983 sást skúmur *Catharacta skua* í Hlöðuvík og annar í Hælavík daginn eftir, e.t.v. sami fuglinn (Hjort 1984). Einn fullorðinn hettumáfur *Larus ridibundus* sást í Hlöðuvík 1983 og kynblendingur hvítmáfs og silfurmáfs *Larus argentatus* sást þar einnig (Hjort 1984).

Hjort (1984) getur varps nokkurra svartfugla sem ekki verpa í Hlöðuvík, en það stafar af því að athugunarsvæði hans náði einnig til Hælavíkurbjargs. Ólafur K. Nielsen (1976) getur um teistuvarp undir Ófærubjargi en þangað fórum við ekki.

Ofangreindur munur milli ára er óverulegur. Þó kemur okkur á óvart að ekki skuli hafa orðið vart við sandlóu árið 1983 í ljósi þess hve algeng hún var á svæðinu sumarið 1998. Við urðum einnig meira vör við rjúpur en það kann að stafa af því hve langt var liðið á sumar þegar Hjort var á staðnum.

Lokaorð

Upptalningin hér að framan á að vera tæmandi listi yfir þær tegundir fugla sem héldu til í Hlöðuvík sumarið 1998. Einnig er að nokkru getið fugla sem sáust í Kjaransvík og Hælavík. Sjaldgæfari gestir gætu vissulega hafa farið fram hjá okkur og ekki voru allar athuganir á algengari tegundum skráðar í dagbók.

Alls gátum við staðfest varp 10 fuglategunda en líklegt er að 12 aðrar tegundir hafi einnig orpið á rannsóknarsvæðinu. Við reyndum ekki að áætla stofnstærðir eða þéttleika enda hefði það krafist mun meiri tima en við höfðum aflögu. Tilgangurinn með dvöl okkar var fyrst og fremst sá að fylgjast með atferli refa á svæðinu, þar á meðal að halda skrá um þá fæðu sem fullorðnir refir færðu heim á greni. Greint verður frá niðurstöðum þeirra rannsókna á öðrum vettvangi. Ljóst er þó að rannsóknir á stofnstærðum fugla í Hornstrandafriðlandi væri þarft og áhugavert viðfangsefni.

ÞAKKIR

Hallvarður Guðlaugsson fær sérstakar þakkir fyrir að bjóða okkur afnot af húsi sínu í Hlöðuvík og fyrir yfirlestur handrits. Einnig viljum við koma á framfæri þakklæti til Þorleifs Eiríkssonar og Reimars Vilmundarsonar sem sáu til þess að okkur skorti ekkert í mat og drykk meðan á dvölinni stóð. Reimar fær miklar þakkir fyrir að leggja sig allan fram um að koma höfundum til og frá staðnum að sumri sem vetri. Arnþóri Garðarssyni þökkum við ábendingar um eldri athuganir á fuglalífi á Hornströndum. Ástríður Pálsdóttir fær kærar þakkir fyrir aðstoð í vettvangsferðinni í nóvember 1998. Ólafi K. Nielsen og Árna Einarssyni þökkum við fyrir að lesa handrit og margar góðar ábendingar. Dvölin í Hlöðuvík var kostuð af Vísindasjóði, Veiðikortasjóði og Náttúrustofu Vestfjarða.

HEIMILDIR
Arnþór Garðarsson 1995. Svartfugl í íslenskum fuglabjörgum. – Bliki 16: 47-65.
Arnþór Garðarsson 1997. Dreifing sjófugla vestan Íslands. Fjölstofna rannsóknir, 1992-1995 – Hafrannsóknastofnunin, fjölrit 57: 241-248.
Áskell Löve 1948. Gróður nyrst á Hornströndum. – Náttúrufræðingurinn 18: 97-112.
Eyþór Einarsson 1975. Gróðurfar á Hornströndum og í Jökulfjörðum. – Náttúrufræðingurinn 45: 43-52.
Glue, D. E. 1970. The bird communities of two contrasting valleys in North-west Iceland. – Bird Study 17: 247-259.
Glue, D. E. 1972. Observations on the passage of migrant geese and waders in Northwest Iceland. – Bird Study 19: 252-254.
Hjort, C. 1984. Fuglaathuganir á Hornströndum sumurin 1982 og 1983. – Bliki 3: 2-12.
Ingólfur Davíðsson 1937. Gróðurrannsóknir á Hesteyri og í Aðalvík. – Náttúrufræðingurinn 7: 15-24.
Leifur A. Símonarson 1979. Jarðfræði Hornstranda og Jökulfjarða. – Kaldbakur 6-7: 24-33.
Ólafur K. Nielsen 1976. Fuglaathuganir 1976 í Norður-Ísafjarðarsýslu og Árneshreppi í Strandasýslu. – Handrit. 19 bls.
Ólafur K. Nielsen 1980. Þéttleiki mófugla við Mývatn, Önundarfjörð og Dýrafjörð. – Handrit. *Tilvitn. í*: Arnþór Garðarsson, Ólafur K. Nielsen & Agnar Ingólfsson 1980. Rannsóknir í Önundarfirði og víðar á Vestfjörðum 1979: Fuglar og fjörur. Líffræðistofnun Háskólans. Fjölrit nr. 12, 65 bls.
Ævar Petersen 1998. Íslenskir fuglar. – Vaka-Helgafell, Reykjavík.

SUMMARY
The birdlife of Hlöðuvík (NW Iceland) in the summer of 1998

Notes were taken on the birdlife of Hlöduvík and Kjaransvík in Hornstrandir Nature Reserve, NW Iceland (Fig. 1) in the periods 9 June to 28 August and 18-22 November 1998 during our study of arctic foxes *Alopex lagopus*. Throughout the paper a comparison is made with bird observations made in 1976 by Ólafur K. Nielsen (1976) and in 1983 by Hjort (1984) in almost the same area. Our main emphasis throughout was in Hlöduvík proper which is bordered in the west by the mountain Álfsfell, in the east by the mountain Skálakambur and in the south by the valleys termed Jökladalir.

The area is characterised by a broad bay, mostly with a gravel coastline but in parts by a rocky seashore. The valley itself is broad and low-lying with numerous undisturbed ponds and a river draining the mountain valleys. Vegatation in low lying areas is characterized by mosses, grasses (Poaceae), ling *Vaccinium uliginosum*, *V. myrtillus* and *Empetrum nigrum*, dwarf birch *Betula nana*, and *Salix* spp. rarely exceeding 10-15 cm in height. Birch *Betula pubescens* was found in a small area some distance from the sea. In more fertile areas *Gereanium silvaticum* and *Ranunculus acris* were prominent. In some sheltered areas ferns (Pterophytes) and *Angelica* spp. were abundant, as was *Angelica archangelica* around ruins of old homesteads.

The bird observations in 1998 are summarized in Table 1 and compared to observations made in 1983 (Hjort 1984). Except for the seabirds *Alca torda*, *Uria aalge*, *U. lomvia*, *Fratercula arctica* and *Rissa tridactyla* nesting in the Hælavíkurbjarg cliffs, an area not included in our study, the difference in the birdlife recorded in 1983 and 1998, respectively, was not pronounced. The fact that no Ringed Plovers *Chariadrius hiaticula* were observed in 1983 is surprising since this species was common in 1998.

The most common terrestrial species nesting in the area were the Meadow Pipit *Anthus pratensis* followed by the Snow Bunting *Plectrophenax nivalis*. However, population densities were not estimated. Fulmars *Fulmarus glacialis* appeared to nest in large numbers in the cliffs of Ófærubjarg and Álfsfell but due to inaccessiblity this was not confirmed by direct sighting of nests. Eiders *Somateria mollissima* were found in large numbers (700-1000 individuals) in the bay in late June but these were mostly males, with females and accompanying ducklings arriving in the area in smaller numbers in July.

In total, breeding was confirmed for 10 bird species while another 12 species probably bred in the area.

Hólmfríður Sigþórsdóttir, Líffræðistofnun Háskólans, Grensásvegi 12, 108 Reykjavík.
Ester Rut Unnsteinsdóttir, Náttúrustofu Vestfjarða, Aðalstræti 21, 415 Bolungarvík.
Páll Hersteinsson, Líffræðistofnun Háskólans, Grensásvegi 12, 108 Reykjavík.

Kristján Lilliendahl og
Jón Sólmundsson

Í lægðarmiðju á hafi úti

Í leiðangri á rannsóknaskipinu Bjarna Sæmundssyni austur af landinu haustið 1998 urðu menn varir við talsvert af spörfuglum í grennd við skipið í kjölfar djúprar lægðar. Höfundar lýsa atvikum og aðstæðum og skýra frá afdrifum nokkurra fugla. Þessi athugun gefur óvenjulega innsýn í þær ógöngur sem farfuglar geta ratað í á ferðum sínum yfir opið haf

Inngangur

Ferðir smáfugla til og frá Íslandi á vorin og haustin hafa löngum vakið undrun og aðdáun landsmanna. Einkum er þá hugsað til ratvísi og flugþols fuglanna en einnig áhættunnar á þessari löngu leið yfir úthafið. Litið er vitað um hversu hættulegar fuglunum svona ferðir eru. Okkur er raunar ekki kunnugt um neinar skjalfestar heimildir um ferðir smáfugla yfir íslensku hafsvæði. Aftur á móti þekkja margir sjómenn dæmi þess að fuglar af ýmsum tegundum setjist á skip, oft aðframkomnir. Í skýrslum um flækingsfugla á Íslandi sem birst hafa árlega frá árinu 1981, í tímaritinu Blika, eru skráðir allmargir flækingsfuglar sem komið hafa á skip á Íslandsmiðum. Þar er þó ekki að finna lýsingar á því hvernig aðstæður voru í hvert skipti. Haustið 1998 gafst okkur tækifæri til að athuga smáfugla á miðunum fyrir austan land. Markmið okkar með þessum skrifum er að veita ofurlitla innsýn í líf smáfugla á hafi úti, einkum vegna þess hversu sjaldgæfar slíkar upplýsingar eru.

Atburðarás

Á hádegi þann 22. október 1998 var miðja djúprar og víðáttumikillar lægðar um 200 km norðaustur af Austfjörðum (1. mynd). Lægð þessi hafði stjórnað veðurfari á norðaustur Atlantshafi um tvo sólarhringa þar á undan og valdið austlægri vindátt á hafinu á milli Íslands og Noregs. Þá vorum við höfundar þessa greinakorns staddir um borð í rannsóknaskipinu Bjarna Sæmundssyni um 100 km vestan við lægðarmiðjuna í hægum vindi (1. mynd). Fram til klukkan 15:00 var stefna skipsins norðlæg en þá var snúið við á suðlæga stefnu. Yfirferð var lítil því nokkrum sinnum var togað með botntrolli á lítilli ferð. Loftþrýstingur hjá okkur var nokkuð stöðugur í 958 hPa. Þokuslæðingur var á miðunum, skyggni á bilinu 300 - 500 m út frá skipinu en þó glitti af og til í heiðan himinn.

Erindi okkar var að telja sjófugla og í stuttu máli má segja að lítið var um fugla sitjandi á sjó en um 1000 fýlar *Fulmarus glacialis* og um 20 ritur *Rissa tridactyla* eltu skipið. Um morguninn hafði vakið athygli okkar talsverður fjöldi spörfugla sem ýmist flugu samsíða skipinu eða hringi i kringum það. Fjöldi þeirra var breytilegur næstu klukkutímana eða allt frá engum í um 30 fugla séða samtímis. Gott tækifæri gafst til að greina fuglana þegar þeir voru i nánd við skipið og reyndust flestir vera skógarþrestir *Turdus iliacus* (2. mynd).

Um klukkan 13:00 flaug fram með skipinu fugl sem var talsvert stærri en þrestirnir og aftan frá séð minnti fluglagið helst á stóran vaðfugl. Um 100 m fyrir framan skipið snéri fuglinn við og sáum við þá að þarna var skógarsnípa *Scolopax rusticola* á ferð. Fuglinn virtist vera nokkuð jafnlitur rauðbrúnn að ofanverðu en ljósbrúnn og þverrákóttur á kvið og bringu. Nefið var langt og beint og sást vel. Fuglinn minnti á hrossagauk *Gallinago gallinago* i byggingu en var áberandi þrekvaxnari og mun stærri.

Tæpum klukkutíma seinna sáum við fugl fljúga umhverfis skipið með þröstunum sem þó var lítið eitt minni en þeir. Við greindum

hann sem sönglævirkja *Alauda arvensis* einkum á breiðum vængjum, stærð og lit. Fuglinn var brúnn að ofan og á bringu en ljósleitur á kviðnum. Á stuttu færi mátti sjá að ystu stélfjaðrirnar voru hvítar en ekki brúnar eins og hinar fjaðrirnar í stélinu. Fuglinn flaug nokkra hringi umhverfis skipið og settist á þilfarið í tvígang en hafði sig í bæði skiptin aftur til flugs. Í þriðja skiptið sem fuglinn settist á skipið virtist hann vera örmagna og dó þegar hann var tekinn.

Klukkan 14:30 sást einn gráþröstur *Turdus pilaris* í hópi skógarþrasta. Fuglinn var greinilega ofurlítið stærri en hinir þrestirnir. Þá sást vel grár kollur og gumpur, brúnleitt bak og svart stél. Einnig voru mjög áberandi á flugi hvítir blettir undir vængjunum innanverðum. Fuglinn kom að skipinu í um 50 m færi og flaug tvo hringi umhverfis það áður en hann hvarf á braut.

Um 15 mínútum síðar sást lítill spörfugl á stærð við auðnutittling *Carduelis flammea* sitja á netabing á þilfarinu. Við komumst í um 3 m færi við fuglinn áður en hann flaug upp og hvarf aftur af skipinu. Þetta var hettusöngvari *Sylvia atricapilla*, kvenfugl með greinilega brúna hettu á kolli sem náði niður að augum. Annars var fuglinn ljósbrúnleitur á baki og vængjum en ljósleitur á kvið og bringu. Klukkustund síðar sáum við svo aftur gráþröst fljúga nokkra hringi umhverfis skipið og hverfa síðan.

Klukkan 16:15 kom gráskrofa *Puffinus griseus* að skipinu aftanverðu fljúgandi í gegnum fylagerið sem fylgdi okkur. Þetta er fugl sem í fjarlægð virðist vera svartur og er af svipaðri stærð og fýll og líkur í byggingu. Gráskrofa er þó heldur búkminni og er með hlutfallslega lengri og mjórri vængi en fýll. Fluglag fýls og gráskrofu er svipað því vængjum er haldið beint út frá búknum og svifflug er algengt. Þó virtist okkur gráskrofan fara mun hraðar yfir en fýlarnir. Á styttra færi sást að fuglinn var aldökkur ofan og neðan, grásvartur, nema hvað áberandi var ljós flekkur á undirvæng,



1. mynd. Miðja lægðarinnar á hádegi 22. október 1998 (dökkt "L") austan Íslands. Jafnþrýstilínur umhverfis lægðarmiðjuna eru með 10 hPa mismun. Vindátt er rangsælis umhverfis lægðarmiðjuna. Ljóst "L" sýnir staðsetningu lægðarmiðjunnar á hádegi 21. október og strikalínan feril lægðarinnar sólarhringinn á eftir. Staðsetning skipsins er sýnd með stjörnu. – *The centre of the cyclone east of Iceland at noon on 22 October 1998 is indicated with a filled "L", with 10 hPa between the isoclines. The wind direction is anti-clockwise. The open "L" shows the position of the centre of the cyclone at noon on 21 October 1998 and the broken lines the assumed movement of the centre during the following 24 h. The position of the research vessel is shown with an asterix.*

2. mynd. Skógarþröstur *Turdus iliacus* um borð í rannsóknaskipi á Íslandsmiðum. – *A Redwing resting on a research vessel.* – Kristján Lilliendahl.

ljósastur á miðjum vængnum við vænghnúann. Okkur virtist sem það færi nokkuð eftir birtu hve áberandi ljósa svæðið á undirvæng virtist vera, þannig að í meiri birtu virkaði ljósi flekkurinn stærri og sýndist hann ná yfir næstum allan undirvænginn að handflugfjöðrum undanskildum.

Um klukkan fimm síðdegis fór að bregða birtu og frekari fuglaskoðun því ekki möguleg. Skipið var þá á suðlægri stefnu þannig að fjarlægðin í lægðarmiðjuna sem stefndi í norðaustur jókst stöðugt. Við fylgdumst þó með þilfari skipsins fram undir miðnætti ef svo kynni að fara að fleiri fuglar settust þar. Sú varð ekki raunin.

Umræður

Við teljum sennilegast að spörfuglana og skógarsnípuna hafi hrakið af farleið sinni við vesturströnd Noregs. Þetta álit byggist á því að allir þessir fuglar eru algengir í norðanverðri Skandinavíu og leita í suðurátt þegar haustar. Ennfremur sýnist okkur þessi árstími falla vel að því sem vitað er um fartíma að hausti hjá þessum tegundum (Cramp & Perrins 1993). Við teljum ósennilegt að fuglarnir hafi borist með lægðinni úr suðvestri þótt lægðin hafi komið úr þeirri áttinni. Lægðin fór ekki hratt yfir þó djúp væri og ólíklegt er að þessar tegundir fugla geti haldið sér á lofti svo dögum skipti án hvíldar og fæðu.

Hvorki skógarsnípan né spörfuglarnir teljast mjög sjaldgæfir flækingar á Íslandi. Eins og flestir aðrir flækingsfuglar eru þessar tegundir algengastar hér á landi á haustin. Það er talið stafa af því að stór hluti þeirra fugla sem hingað fiækjast séu ungar frá vorinu áður, sem villist frekar en fullorðnu fuglarnir. Gráþrestir eru meðal algengustu flækingsfugla og hafa orpið hér á landi. Yfirleitt sjást hér á hverju ári margir tugir eða jafnvel hundruð fugla, einkum að haustlagi (Gunnlaugur Þráinsson o.fl. 1995). Hettusöngvari er einnig algengur flækingur, nokkrir tugir sjást árlega en ekki er vitað til þess að þeir hafi orpið hér á landi. Skógarsnípa sést á Íslandi yfirleitt síðla hausts eða að vetri, oftast rúmlega tíu fuglar árlega. Af þessum tegundum er sönglævirki sjaldgæfastur. Hann er ekki árviss en undanfarið hafa að jafnaði sést tveir á ári (Gunnlaugur Þráinsson & Gunnlaugur Pétursson 1998).

Um gráskrofuna gegnir öðru máli því hún hefur það fram yfir hinar tegundirnar að geta hvílst á sjó. Ennfremur virðist gráskrofa vera all algeng á miðunum umhverfis landið á þessum árstíma (eigin athuganir, Gunnlaugur Þráinsson & Gunnlaugur Pétursson 1998). Við teljum því að koma hennar að skipinu hafi ekki endilega verið bein afleiðing lægðarinnar þótt sýnt hafi verið fram á að djúpar lægðir geti haft áhrif á útbreiðslu gráskrofu á hafinu (Blom-

qvist & Peterz 1984). Gráskrofur eru stórir og öflugir fuglar sem varla hrekur mikið undan veðri sem þessu.

Annað sem athygli vekur er vera fuglanna, einkum smáfuglanna, i lægðarmiðjunni. Okkur virðist sennilegast að vegna mikils vindhraða umhverfis miðju lægðarinnar hafi fuglarnir safnast saman þar. Fuglar af þessari stærð eiga vafalaust erfitt með flug í miklum vindi og því má ætla að fuglarnir hafi á vissan hátt lokast inni í miðju lægðarinnar. Þá verður spurningin um líf eða dauða fuglanna einfaldlega um hvort þeir hafi nægan orkuforða til þess að halda sér á lofti þar til lægðarmiðjuna ber að landi.

Í nokkrum tilvikum vitum við afdrif þrastanna og reyndust þau afar ólík. Við tókum eftir því að riturnar áreittu þrestina á flugi, eltu þá og trufluðu. Þrisvar sáum við þresti detta í hafið við skipshlið, i eitt skiptið eftir að hafa reynt að vikja sér undan ritu. Sérstaka athygli okkar vakti að fuglarnir voru ekki fyrr lentir en fýlar settust hjá þeim og byrjuðu að pikka i þá. Ekki sáum við hvort fýlarnir átu þrestina. Í þessu samhengi má nefna að fýlar eiga það til að éta hræ af fuglum. Það sýna tveir fýlamagar sem innihéldu fiðraðar húðflyksur af svartfugli (Alcidae). Fýlarnir voru skotnir á Breiðafirði og Hornbanka fyrr í leiðangrinum.

Þremur þröstum náðum við aðframkomnum á dekkinu. Þeir voru teknir og settir i pappakassa sem var 30 x 40 x 60 sm stór. Ofan á kassanum höfðum við plast alsett götum til að loft skorti ekki, en auk þess voru göt á hvorri skammhlið kassans. Í kassanum komum við síðan fyrir grönnu priki handa fuglunum að sitja á. Við gáfum fuglunum vatn, epli sem skorin voru i helminga og hráa kindafitu með áföstum kjöttægjum sem við skárum í litla teninga. Fuglarnir tóku hraustlega til matar sins og vakti það raunar nokkra furðu hve miklu þeir gátu torgað. Þröstunum var síðan sleppt i Neskaupstað á laugardagsmorgni næstum tveimur sólarhringum eftir að við höfðum náð þeim. Þeir flugu i burtu og virtust hinir sprækustu.

ÞAKKIR

Við þökkum áhöfninni á Bjarna Sæmundssyni aðstoð við öflun gagna, Sigurborgu Jóhannsdóttur gerð myndar og Ólafi K. Nielsen greiningar á fjöðrum. Svanhildi Egilsdóttur, Kristjáni Kristinssyni, Gunnlaugi Þráinssyni og Guðmundi A. Guðmundssyni þökkum við lestur á handriti.

HEIMILDIR

Blomqvist, S. & Peterz, M. 1984. Cyclones and pelagic seabird movements. – Mar. Ecol. Prog. Ser. 20: 85-92.

Cramp, S. & Perrins C.M. (ritstj.) 1993. Birds of the Western Palearctic. Vol. 8. – Oxford Press, Oxford.

Gunnlaugur Þráinsson & Gunnlaugur Pétursson 1998. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1996. – Bliki 19: 13-42.

Gunnlaugur Þráinsson, Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson 1995. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1994. – Bliki 16: 11-45.

SUMMARY

Observations at sea of passerines in a centre of a cyclone

A short account of ship based observations of passerines at sea east of Iceland on 22 October 1998 is given. Up to 30 passerines were seen simultaneously in a centre of a relatively large cyclone. The majority of the birds were redwings *Turdus iliacus* but also some vagrant birds were observed. These were, in order of increasing commonness in Iceland, one sky lark *Alauda arvensis*, one woodcock *Scolopax rusticola*, one blackcap *Silvia atricapilla*, a fieldfare *Turdus pilaris* on two occasions and a sooty shearwater *Puffinus griseus*. Three redwings were observed falling into the sea, drawing the attention of nearby fulmars *Fulmarus glacialis*. Other three redwings were caught on board the ship, fed for two days and released in apparently good condition upon return to port in Iceland. We conclude that the passerines observed drifted from Scandinavia because of the species composition and the easterly winds over the North Atlantic the days before. Furthermore, we suggest that the passerines may have become confined to the centre of the low pressure area because of stronger winds surrounding it.

Kristján Lilliendahl & Jón Sólmundsson, Hafrannsóknastofnunin / Marine Research Institute, Skúlagata 4, IS-101 Reykjavik.

Örn Óskarsson

Veiðivötn - Konungsríki himbrimans

Veiðivötn eru einstök í náttúru Íslands og eru á náttúruminjaskrá vegna fagurs og sérkennilegs landslags og fjölskrúðugs lífríkis. Margt hefur verið ritað um jarðfræði þessa svæðis og árlega fara þar fram rannsóknir á fiskistofnum. Veiðivötn eru í hugum flestra fyrst og fremst paradís stangaveiðimanna en aðrir þættir lífríkisins eru ekki síður athyglisverðir. Fuglalíf er þar fjölskrúðugt og er það meginviðfangsefni þessarar greinar.

Inngangur

Veiðivötn er vatnaklasi norðan Tungnaár á Landmannaafrétti í Rangárvallasýslu (1. mynd). Í Veiðivötnum hefur silungsveiði sennilega verið stunduð frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Veiðisaga vatnanna er að mestu ókunn á fyrri öldum en þeirra er fyrst getið í Njálu og eru þar nefnd Fiskivötn. Um aldamótin 1700 minnast Árni Magnússon og Páll Vídalín (1913) á Veiðivötn í Jarðabók sinni og segja að þar sé nógur silungur. Á fyrri öldum var veiðin stunduð bæði úr Skaftártungu og Rangárvallasýslu en síðustu 200 árin einkum úr Rangárvallasýslu og nokkuð úr Árnessýslu. Sveinn Pálsson (1945) getur i Ferðabók sinni (1791-1797) um veiðiferðir í Fiskivötn á haustin en að veiðiferðirnar hafi lagst að nokkru niður eftir 1740. Veiði var mjög lítið stunduð á 18. öld og er ástæðan sennilega tíð eldgos sem eytt hafa silungi i vötnunum.

Á síðustu öld voru það einkum bændur úr Landsveit sem nytjuðu vötnin og hefur svo verið lengst af á þessari öld. Vatnaferðir voru stundaðar lítillega á vorin en haustið var þó alltaf aðalveiðitíminn. Veitt var með netum og lagðar lóðir (Þorvaldur Thoroddsen 1959) Á síðustu öld stunduðu bændur úr Landsveit álftaveiðar við vötnin (Guðmundur Árnason 1937, 1940). Sumarið 1880 reyndu Arnbjörn Guðbrandsson, Ampi, og kona hans Guðlaug Stefánsdóttir fasta búsetu í Veiðivötnum. Þau hugðust lifa á veiðum. Þeim var bjargað til byggða um haustið illa haldin af kulda og næringarskorti. Mörg örnefni í Veiðivötnum eru kennd við Ampa (Guðmundur Árnason 1937).

Löngum var fáförult í Veiðivötn enda var Tungnaá mikil hindrun. Árið 1950 fannst Hófsvað á Tungnaá og komust þá fjallabílar i Veiðivötn. Jeppavegur opnaðist til Veiðivatna árið 1964 með tilkomu kláfferjunnar á Tungnaá við Hald og eftir að brú kom á Tungnaá við Sigöldu árið 1968 var auðfarið inn í Veiðivötn og umferð mikil (Gunnar Guðmundsson 1991).

Eftir að Veiðifélag Landmannaafréttar var stofnað árið 1965 var tekinn upp sá háttur að leigja stangaveiðimönnum veiði i tvo mánuði, oftast frá 20. júní til 20. ágúst en þá tók netaveiði bænda við til 20. september. Fyrstu árin var stangafjöldinn takmarkaður við 30-40 stangir á dag. Þá voru mörg vötn friðuð að hluta eða öllu leyti. Á þessum árum var eitt sæluhús við Tjaldvatn en leyft að tjalda víða á vatnasvæðinu. Nú eru leyfðar 70 stangir á dag og veiði leyfð i öllum vötnum á svæðinu. Flestir veiðimenn eru að jafnaði við Litlasjó og í Hraunvötnum en mörg vötn á neðri hluta svæðisins, sem áður voru vinsæl, eru lítið nýtt. Tjöld eru nú aðeins leyfð við Tjaldvatn (2. mynd). Þar er seld gisting i 13 húsum bæði sumar og vetur. Að auki er sérstakt snyrtihús og skáli fyrir veiðiverði.

Árlega koma nokkur þúsund veiðimenn í Veiðivötn. Að auki er slangur af ferðamönnum sem leið eiga um svæðið til að njóta einstakrar náttúru. Mest eru þetta



1. mynd. Yfirlitskort af Veiðivötnum á Landmannaafrétti – *Map of the study area.*

Íslendingar. Veiðivötn eru því einn af fjölsóttustu stöðum á hálendinu. Síðustu árin hefur færst í vöxt að jeppa- og snjósleðamenn fari í Veiðivötn að vetrarlagi og leigi gistipláss í skálunum. Þessar ferðir eru mögulegar allt fram i apríllok. Nú er svo komið að Veiðivatnasvæðið er aðeins lokað fyrir umferð manna á meðan vorleysingar standa yfir i maí og fram í júní.

Sumarið 1969 kom höfundur i fyrsta skipti í Veiðivötn og síðan árlega eftir það. Fyrstu áratugina snerust ferðirnar fyrst og fremst um silungsveiðar en smám saman fóru fuglar að draga athyglina frá fisknum. Síðustu árin hefur oft farið meiri tími í fuglarannsóknir en veiðiskap og veiðistöngin jafnvel gleymst i bílnum.

Náttúrufar

Alls eru vötn og pollar i Veiðivötnum um 50 talsins. Vötnin liggja i aflangri dæld sem er breiðust um 5 km og um 20 km löng frá Snjóölduvatni i suðvestri að Hraunvötnum í norðaustri (1. mynd). Þau eru í 560-600 m hæð yfir sjávarmáli. Austan Veiðivatna liggur Snjóöldufjallgarður en Vatnaöldur vestan þeirra. Vatnaöldur eru taldar myndaðar i eldgosi um landnám (Guðrún Larsen 1988).

Mörg Veiðivatnanna eru gígvötn mynduð i Veiðivatnagosinu 1480 (Guðrún Larsen 1988). Þau eru flest lítil um sig, innan við 1 km^2, og oft hyldjúp. Eskivatn og Nýjavatn eru dýpst, um og yfir 30 m djúp (Sigurjón Rist 1975).

Stærstu vötnin eru Litlisjór, Grænavatn, Ónýtavatn og Snjóölduvatn. Litlisjór er langstærstur um 9,2 km^2, Grænavatn 3,3 km^2 og Snjóölduvatn 1,6 km^2 (Sigurjón Rist 1975). Þessi vötn eru ekki gígvötn og voru til fyrir tíma Veiðivatnagossins 1480 (Guðrún Larsen 1988). Ampapollur, Tjaldvatn og Breiðavatn eru grynnst, meðaldýpi þeirra er 1-3 m (Sigurjón Rist 1975).

Gróðurlitlar vikuröldur og melar eru áberandi i umhverfi vatnanna. Á gosprungunni frá 1480 eru víða úfin og mosavaxin hraun og gígar. Hraunin og klepragígarnir i Hraunvötnum eru sérlega tilkomumikil og í Fossvatnahrauni, við Skálavötn og i Pyttlum, eru fallegar hraunmyndanir. Talsvert votlendi er meðfram Vatnakvísl, sem einkennist af grunnum tjörnum, pollum og mýrarfenjum. Breiðaver og verin við Ampapoll eru stærst en minni ver eru við Nýjavatn, Snjóölduvatn og í Kvíslum neðan við Grænavatn. Verin eru stærstu samfelldu gróðursvæðin og mikilvægust fyrir fuglalífið í Veiðivötnum.

Veðurfar i Veiðivötnum líkist því sem gerist og gengur annarsstaðar á hálendi Íslands. Veðurlag fylgir yfirleitt því sem gerist á Suðausturlandi. Helstu úrkomuáttirnar eru SA- og A-áttir. Í Vatnaöldum eru veðraskil. Vötnin eru oft í regnvari í sunnan-, vestan- og norðanáttum. Oft er mjög snjóþungt á svæðinu. Í meðalári eru snjóskaflar allt fram i miðjan ágúst.

Oftast leggur vötnin i október og ísa leysir ekki fyrr en í júní, einna síðast af Litlasjó. Hann er stundum á ís fram i júnílok i köldum árum. Að jafnaði eru allstórar vakir á Stóra-Fossvatni og Tjaldvatni. Þar eru stór lindasvæði og endurnýjun vatns mjög ör (Guttormur Sigurbjarnarson 1972, Arnþór Garðarsson 1978). Minni vakir eru á Hraunvötnum, Langavatni, Eskivatni og Kvíslarvatni. Vatnakvísl og Fossvatnakvísl haldast að miklu leyti auðar (Arnþór Garðarsson 1978).

Jarðvegur á Veiðivatnasvæðinu er sandorpinn, blanda af sandi og ösku. Hann bindur vatn lítið og aðeins þurrkþolnar og harðgerðar plöntur dafna i slíkum jarðvegi. Í þurrum og snörpum vindi fykur sandur af Vatnaöldum og hraunbreiðum norður af Hraunvötnum og Litlasjó suður yfir vötnin. Moldarmyndun er mjög hæg. Moldarjarðveg er helst að finna meðfram vatns- og lækjarbökkum.

Gróðurfar í Veiðivötnum er með öræfasvip og er mosi er algengasti gróðurinn á vatnasvæðinu. Í hraunum myndar hann allvíða þykka dýnu og mosaklæddir móbergshólar við Fossvötn, Snjóölduvatn og Nýjavatn setja sterkan svip á landslagið. Mest er gróskan í gróðrinum þar sem einhvern raka er að finna svo sem á

2. mynd. Útsýni til suðvesturs af Miðmorgunsöldu 8. ágúst 1991. Tjaldvatn í forgrunni, en fjær til hægri er Langavatn og til vinstri Kvíar í Skálavatni. – *Örn Óskarsson.*

vatnsbökkum og meðfram ám og lækjum. Þar eru stórvaxnar blómplöntur svo sem ætihvönn *Angelica archangelica* og burnirót *Rhodiola rosea* áberandi. Holurt *Silene uniflora*, geldingahnappur *Armeria maritima*, fjallavíðir *Salix arctica*, krækilyng *Empetrum nigrum* og ýmis grös eru algengar tegundir þar sem jarðvegur er þurrari. Helstu gróðurlendin eru við Kvíslar milli Grænavatns og Ónýtavatns og í Breiðaveri og Ampaveri við Vatnakvísl. Einnig er gróðursælt víða á Hraunvatnasvæðinu, í Fossvatnahrauni og á skjólsælum, rökum stöðum eins og t.d. við Tjaldvatn (2. mynd), Skálavatn, í Slýdrætti og Snjóölduveri. Á þessum stöðum eru fjölbreytileg blómlendi, hvannastóð, fíflusund eða staraflóar allt eftir aðstæðum á hverjum stað. Við Litlasjó, Ónýtavatn og nokkur smávötn í Hraunvatnaklasanum er sáralítill gróður.

Þrjár tegundir villtra spendýra eru á Veiðivatnasvæðinu, minkur *Mustela vison*, refur *Alopex lagopus* og hagamús *Apodemus sylvaticus*. Minkurinn er þeirra algengastur og er talið að hans hafi fyrst orðið vart í Veiðivötnum árið 1964 (Gunnar Guðmundsson 1991) en dýr höfðu þó sést í nágrenninu mun fyrr eða árið 1948 (sbr. Karl Skírnisson & Ævar Petersen 1980). Hann er núna algengur enda nóg af fylgsnum í hraungjótum og æti bæði í vötnum og á landi. Refur sést árlega og fær stöku sinnum frið með greni í Fossvatnahrauni. Hagamýs eru sjaldgæfar en sjást gjarnan í Slýdrætti og við gömlu veiðikofana (Sæmundur Guðmundsson munnl. upplýsingar; fangamark þessa heimildarmanns (SG) verður notað héðan í frá).

Vötnin eru flest mjög lífauðug. Plöntusvif er víða ríkulegt. Einkum verða kísilþörungar Diatomeae áberandi i stóru vötnunum, Litlasjó og Grænavatni, þegar líða tekur á sumarið. Frumframleiðsla er einnig mest þar. Magn plöntusvifs og frumframleiðsla er um helmingi minni í Stóra-Fossvatni en í Grænavatni. Í flestum vötnum er botndýralífið ríkulegt en svifdýralíf aftur á móti fábreyttara. Í öllum vötnunum eru þyrildýr Rotatoria og augndílar Cyclo-

poidae ríkjandi í dýrasvifinu (Hákon Aðalsteinsson 1987). Af botndýrunum eru það lirfur rykmýs Chironomidae og vorflugu Trichoptera, skötuormar *Lepidurus arcticus* og vatnabobbar *Lymnea peregrea* sem eru mest áberandi og jafnframt mikilvægasta fæðan fyrir silung. Þéttleiki skötuorma er viða mikill í grunnum tjörnum og pollum t.d. í Breiðaveri, einkum þar sem lítið er um hornsíli og aðra fiska. Lirfur bitmýs Simuliidae eru algengar í ám og lækjum þar sem grýttan botn er að finna. Einkum er bitmý mikið við Fossvötn, Tjaldvatn, Langavatn og Eskivatn.

Þrjár tegundir fiska finnast í Veiðivötnum, urriði *Salmo trutta*, bleikja *Salvelinus alpinus* og hornsíli *Gasterosteus aculeatus*. Hornsíli finnast sennilega i flestum vötnum á svæðinu. Þau sjást víða í torfum við vatnsbakka. Í ölduróti rótast hornsílin upp í fjörur einkum við stóru vötnin. Þau eru mikilvæg fæða fyrir urriða og ýmsar fuglategundir. Frá náttúrunnar hendi eru Veiðivötn hrein urriðavötn. Urriðinn hefur sennilega einangrast ofan ófiskgengra fossa í lok ísaldar. Óvíða i heiminum er til hreinni stofn af þessum ísaldarurriða. Urriðar af þessum stofni eru sérlega hraðvaxta og verða stórvaxnari en aðrir urriðar (Magnús Jóhannsson 1993a). Líklega hafa menn frá fornu fari stundað fiskflutninga á milli vatna í Veiðivötnum og nú siðari árin hafa menn markvisst sleppt urriðaseiðum af Veiðivatnastofni i öll fisklaus vötn þar. Í Hraunvötn var fyrst sleppt seiðum árið 1965. Litla-Breiðavatn og Skálavatnspollur voru talin fisklaus til 1971 og Litlisjór til 1973 (Magnús Jóhannsson 1986, 1993b). Bleikja er ekki náttúruleg á Veiðivatnasvæðinu. Hún barst í Tungnaá í kjölfar sleppinga i vötn á Skaftártunguafrétti milli 1960 og 1970. Fyrst varð bleikju vart í Veiðivötnum árið 1972 en nú finnst hún i 11 vötnum. Það eru nánast öll vötn sem hafa samgang við Tungnaá nema Fossvötnin. Þar er fossinn neðan við Litla-Fossvatn hindrun (Magnús Jóhannsson 1986, 1993b).

Fuglalíf

Veiðivötn eru sannkölluð fuglaparadís á hálendi Íslands. Markvissar rannsóknir á fuglalífi svæðisins eru fáar og einkum frá síðari árum. Arnþór Garðarsson kannaði fuglalíf úr lofti 29. mars 1976 og 2. febrúar 1977. Erling Ólafsson, Ólafur Karl Nielsen og Örn Óskarsson könnuðu fuglalíf i Veiðivötnum 15.-16. júní 1980 (1. viðauki). Arnþór Garðarsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson rannsökuðu fuglalíf úr flugvél að vetrar- og sumarlagi á 9. áratugnum. Örn Óskarsson fór sérstakar ferðir til fuglarannsókna i Veiðivötnum 18. júní 1994, 27. júní 1996 og 9.-10. júlí 1997 (3. viðauki). Einar Þorleifsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson könnuðu fuglalífið 3.-4. júlí 1996 (2. viðauki). Einar Þorleifsson og Jóhann Óli Hilmarsson könnuðu fuglalífið 28. maí 1998 (4. viðauki).

Lítið er til af eldri athugunum á fuglalíf i Veiðivötnum sem byggjandi er á. Sveinn Pálsson (1945) kom að Veiðivötnum skömmu fyrir aldamótin 1800 og minnist lítils háttar á fugla í skrifum sinum. Fyrsti fuglaskoðarinn sem vitað er um að komið hafi til Veiðivatna (í ágúst 1884) var Peter Nielsen, faktor á Eyrarbakka og lét hann Þorvaldi Thoroddsen (1959) í té athuganir sínar úr vötnunum. Þorvaldur kom síðan í Veiðivötn nokkrum árum síðar (um mánaðamót júlí/ágúst 1889) og getur um fugla i Ferðabók sinni. Breskir ferðamenn og eggjasafnarar, Henry J. og Charles E. Pearson (1895) dvöldu í Veiðivötnum 18.-27. júlí 1894 og lýsa fuglalífi þar allítarlega og gefa nokkra mynd af fuglalífi i þar við lok 19. aldar.

Fuglalíf er einna líflegast i júní og fram í miðjan júlí. Júnímánuður er tími varps og álegu. Flestar heiðagæsir unga út um miðjan júní en aðrar tegundir síðar. Allflestar tegundir unga út í lok júní og byrjun júlí. Júlímánuður er því tími ungauppeldis. Síðsumars er oft líflegt fuglalíf i Veiðivötnum. Þá koma á svæðið fuglar i fæðuleit svo sem hópar af steindeplum, þúfutittlingum og maríuerlum og fuglar sem eiga leið um á farflugi.

1. tafla. Varpfuglar í Veiðivötnum og áætluð (ágiskuð) stofnstærð. **A** algengur og árviss varpfugl, **B** sjaldgæfur og ekki árviss varpfugl, **C** líklegur varpfugl við bestu skilyrði, **D** fyrrverandi varpfugl. – *The breeding birds in the Veiðivötn Lakes area, their breeding status and estimated population sizes. (A) Regular breeder, (B) Rare and not a regular breeder, (C) Species seen in the study area in the nesting season, (D) A former breeding bird.*

Tegund – *Species*	Staða *Status*	Áætluð varppör *Estimated number of breeding pairs*
Lómur *Gavia stellata*	C/D	0
Himbrimi *Gavia immer*	A	10-12
Álft *Cygnus cygnus*	A	7-9
Heiðagæs *Anser brachyrhynchus*	A	50-100
Grágæs *Anser anser*	C	<5
Urtönd *Anas crecca*	C	5-10
Stokkönd *Anas platyrhynchos*	A	20-40
Grafönd *Anas acuta*	C	0-5
Skúfönd *Aythya fuligula*	C	<5
Duggönd *Aythya marila*	B	20-30
Straumönd *Histrionicus histrionicus*	B	<5
Hávella *Clangula hyemalis*	A	40-60
Húsönd *Bucephala islandica*	D	0
Toppönd *Mergus serrator*	B	3-5
Gulönd *Mergus merganser*	C/D	0-1
Haförn *Haliaeetus albicilla*	D	0
Fálki *Falco rusticolus*	B	1
Rjúpa *Lagopus mutus*	B	5-10
Sandlóa *Charadrius hiaticula*	B	20-30
Heiðlóa *Pluvialis apricaria*	B	10-20
Sendlingur *Calidris maritima*	A	20-50
Lóuþræll *Calidris alpina*	B	10-20
Stelkur *Tringa totanus*	B	1
Óðinshani *Phalaropus lobatus*	A	50-100
Kjói *Stercorarius parasiticus*	C	0
Kría *Sterna paradisaea*	A	50-100
Sílamáfur *Larus fuscus*	C	0
Svartbakur *Larus marinus*	D	0
Þúfutittlingur *Anthus pratensis*	B	2-4
Maríuerla *Motacilla alba*	B	1
Steindepill *Oenanthe oenanthe*	B	1-2
Hrafn *Corvus corax*	B	1
Snjótittlingur *Plectrophenax nivalis*	A	200+

Flestar fuglategundir yfirgefa svæðið í lok ágúst eða byrjun september. Álftir, stokkendur, hávellur og himbrimar halda sig á vötnunum allt þar til þau leggur i október eða nóvember (Rúnar Hauksson og Bryndís Magnúsdóttir munnl. uppl; fangamörk þessara heimildarmanna (BM, RH) verða notuð héðan i frá). Yfir vetrartímann haldast ávallt smá vakir þar sem kvíslar renna í vötn. Þar sjást oft húsendur yfir vetrarmánuðina (SG). Rjúpur, og hrafnar halda sig á svæðinu yfir vetrarmánuðina (BM, RH).

Alls hafa 52 fuglategundir sést á Veiðivatnasvæðinu, þar af hafa 33 tegundir að öllum líkindum orpið og eru 22 þeirra árvissir varpfuglar. Árlega sjást fuglar sem teljast til flækings- eða hrakningsfugla á þessum slóðum. Alls hafa sést 19 tegundir hraknings- og flækingsfugla á svæðinu.

Nú á tímum eru Breiðaver og verin við Ampapoll mikilvægustu varpsvæði fugla á Veiðivatnasvæðinu. Einnig er talsvert af fuglum í verum við Nýjavatn og Snjóölduvatn, í Kvíslum neðan Grænavatns, við Tjaldvatn og í Slýdrætti.

Varpfuglar

Hér á eftir verður fjallað um þær fuglategundir sem vitað er að hafa orpið á Veiðivatnasvæðinu undanfarin ár og eru flestar þeirra árvissir varpfuglar (1. tafla).

Himbrimi *Gavia immer* er einn af einkennisfuglum Veiðivatna og sést á flestum vötnum (3. mynd). Gól himbrima á vatni eða jóðlandi köll fljúgandi fugla bergmála í gígbörmum og skapa ógleymanlegar minningar um kyrrlát sumarkvöld við vötnin. Varpstofninn er 10-12 pör. Árið 1993 urpu að minnsta kosti 10 himbrimapör á vatnasvæðinu og árin 1994-98 fundust árlega 12 hreiður. Sumarið 1999 urpu aðeins 5 pör. Flest ár verpa himbrimar við Stóra-Hraunvatn, Skeifuna, Rauðagíg, Litlasjó, Stóra-Fossvatn, Stóra-Skálavatn, Litla-Skálavatn, Ónýtavatn, Snjóölduvatn, Ampapoll, Breiðavatn og við Kvíslarvatn. Oftast helgar varppar sér heilt vatn og ver það grimmilega fyrir öðrum himbrimum.

Við stór vötn eins og Litlasjó og Snjóölduvatn hafa stundum orpið tvö pör. Árin 1995 og 1997 fundust tvö hreiður við

3. mynd. Himbrimar *Gavia immer* á Litlasjó 14. júlí 1995. – *Örn Óskarsson.*

Litlasjó og árin 1996, 1998 og 1999 urpu tvö pör við Snjóölduvatn. Í þessum tilfellum var langt á milli hreiðra og ekki sjónlína. Himbrimar velja sér hreiðurstæði i eyjum eða hólmum þar sem þá er að finna en annars við vatnsbakka. Víðast eru hreiðrin í mosa eða lágvöxnu grasi en við Litlasjó, Ónýtavatn og Langavatn hafa fundist hreiður í sandfjöru. Hreiðrin eru yfirleitt 1-2 metra frá vatnsborðinu. Oftast verpa himbrimarnir í Veiðivötnum tveimur eggjum. Hreiður misfarast oft hjá fuglum sem verpa í sandfjöru eins og við Litlasjó og Ónýtavatn sennilega vegna öldugangs. Stundum liggur þá fugl lengi á eggjunum án árangurs. Árið 1995 lágu fuglar á tveimur hreiðrum við Litlasjó langt fram eftir sumri. Annar fuglinn lá á tveimur eggjum til 20. júlí en þá var hann rændur en hinn lá á einu eggi til a.m.k. 20. ágúst. Þar er ekki vitað um örlög fugls eða eggs. Í venjulegu árferði klekjast ungar úr eggjum nálægt mánaðarmótum júní/júlí. Flest pör virðast ekki koma upp nema einum unga í venjulegu sumri. Sumarið 1996 var sérlega hagstætt fuglalífi í Veiðivötnum. Þá sáust fyrstu himbrimaungarnir um 23. júní. Pör bæði í Rauðagíg og á Stóra-Fossvatni komu þá upp tveimur ungum. Sumarið 1998 var ennþá betra. Þá voru flest himbrimapörin með 2 unga.

Stundum hópast margir himbrimar saman á einstök vötn. Á Litla-Breiðavatni hef ég séð allt að 20 fugla i hóp, 17 fugla á Tjaldvatni og allt að 12 fugla á Eskivatni. Þessari hópamyndun fylgir að jafnaði mikil háreysti en sjaldnast átök. Mjög líklega eru þetta geldfuglar og jafnvel fuglar af öðrum vatnasvæðum sem hópast saman þar sem fæðuframboð er mikið. Himbrimar halda sig á vötnunum allt þar til þau leggur i október eða byrjun nóvember. Á mildum haustum sjást himbrimar út október (BM, RH).

Veiðimenn virðast lítið raska ró þessara glæsilegu fugla. Ef til vill eru þeir fyrir löngu orðnir aðlagaðir að veiðimönnum. Oft eru himbrimarnir ekki síður forvitnir en maðurinn og synda þá í nokkurra metra fjarlægð oft að því er virðist eingöngu til þess skoða gestinn. Stundum eru þeir þó að sníkja æti og dæmi eru um að þeir éti bita af síld eða makríl sem kastað er til þeirra úr beituboxum veiðimanna.

Oft er stórkostlegt að fylgjast með atferli himbrimanna á Veiðivötnum (4. mynd). Óvíða er aðstaðan betri en á Bátseyrinni við Stóra-Fossvatn. Þar er alltaf eitt par með hreiður i hólma. Eitt fagurt sumarkvöld sá ég óðalsherrann kafa niður kvíslina milli Stóra-Fossvatns og Kerlingalagnar og ráðast úr kafi upp undir grandalausa hávellu sem þar var nýlent. Hávellan slapp en himbriminn kafaði sömu leið til baka móti þungum straumi allt til maka og unga. Í þetta skipti var fjöldi veiðimanna við silungsveiðar við kvíslina en það virtist ekki hindra fuglinn i því að kafa nánast á milli fótanna á þeim og reka burtu boðflennu. Í annað skipti sá ég himbrimana ráðast á og flæma á brott álftapar sem settist á vatnið.

Sumarið 1997 urðu veiðimenn við Litlasjó vitni að því þegar himbrimi drap stálpaðan heiðargæsaunga skömmu eftir að hann synti út á vatnið. Himbriminn kafaði undir ungann og stakk hann á hol með gogginum (BM, RH). Einnig hafa menn horft upp á himbrima ráðast á og drepa annan himbrima. Þetta gerðist á Kvíslarvatnsgíg fyrir nokkrum árum (BM, RH). Þetta er merkilegt fyrir þær sakir að ekki er þarna um óðal að ræða.

Nokkuð virðist vera um að himbrimar lendi í silunganetum á haustin og drepist. Ekki er vitað um fjölda fugla sem ferst á þennan hátt. Oft tekst að bjarga fuglunum ósærðum úr netunum. Haustið 1997 flæktust þrír ungfuglar i netum. Öllum tókst að bjarga (BM, RH).

Álft *Cygnus cygnus* er áberandi i fuglafánu Veiðivatna enda stór fugl sem vekur athygli hvar sem hún er. Varppör eru ekki ýkja mörg. Flest sumur verpa aðeins 7-9 pör á vatnasvæðinu. Fastir varpstaðir eru við Stóra-Skálavatn, Kvíslar neðan Grænavatns, við kvíslina úr Snjóölduvatni, við Ampapoll, i Breiðaveri, við kvíslina neðan Kvíslarvatns, við Langavatn, i hólma í



4. mynd. Dansandi himbrimi *Gavia immer* á Litlasjó 10. júlí 1997. Himbrimar dansa oft á þennan hátt ef þeir eru fældir af hreiðri. – *Örn Óskarsson*.

Stóra-Fossvatni og ef til vill í Hraunvötnum. Flestar unga út i júnílok. Álftir hef ég séð með allt að 5 unga. Sumarið 1997 var erfitt hjá álftunum. Aðeins 3 pör komu upp ungum það sumarið. Talsvert er um geldfugla á svæðinu. Þeir halda sig oft i hóp í Breiðaveri eða við Litla-Breiðavatn. Í lok júni 1996 sá ég 14 álftir í hóp efst í Breiðaveri.

Heiðagæs *Anser brachyrhynchus* er algengur varpfugl. Hreiður hafa fundist i hólmum i Stóra-Fossvatni, við Kerlingalögn, við Fossvatnakvísl, Snjóöldupoll, Snjóölduvatn, Langavatn, Ampapoll, Stóra-Skálavatn, Tjaldvatn, nyrsta Hraunvatnið og kvíslar neðan Grænavatns (BM, RH, Kristinn H. Skarphéðinsson og Einar Þorleifsson; fangamörk þessara heimildarmanna (EÞ, KHS) verða notuð héðan i frá). Á þessum svæðum verpa nokkur pör. Þéttasta byggðin er líklega við suðvestanvert Stóra-Fossvatn og Kerlingalögn. Þar eru að jafnaði 10-13 pör og eru 5-7 þeirra í hólma. Í verunum meðfram Vatnakvísl, svo sem við Ampapoll er sömuleiðis allþétt varp. Varpstofninn i Veiðivötnum er óþekktur en þar verpa e.t.v. 50-100 pör.

Eins og víðast á hálendinu verpir heiðagæsin mjög snemma og flestar ná að unga út áður en umferð veiðimanna byrjar um 20. júní. Þess eru dæmi að útungun sé ekki lokið fyrir upphaf veiðitimans og hefur hún þá afrækt hreiðrin. Flestar forða sér strax með ungana niður á Vatnakvísl og i Breiðaver. Þar sjást gæsirnar i tugatali með ungahópa. Í júlí og fram eftir ágúst verður lítið vart við gæsirnar en þegar haustar sjást þær víða í hópum.

Stokkönd *Anas platyrhynchos* hefur fjölgað mikið á Veiðivatnasvæðinu síðustu árin (5. mynd). Um miðjan júní 1980 sáust aðeins 10 stokkendur á svæðinu (1. viðauki) en nú er hún algeng um allt vatnasvæðið. Í júlí árin 1996 og 1997 sáust t.d. 60-70 stokkendur í Veiðivötnum (2. og 3. viðauki). Breiðaver og verin við Nýjavatn og Ampapoll eru helstu heimkynni stokkanda i Veiðivötnum. Í Breiðaveri hafa sést 20-26 stokkendur, einkum steggir, undanfarin sumur en færri á hinum svæðunum. Við

5. mynd. Stokkandafjölskylda *Anas platyrhynchos* á Kvíslinni neðan Eskivatns 20. ágúst 1999. – *Örn Óskarsson.*

Ónefndavatn fann ég hreiður með 8 eggjum 18. júní 1994, en það fór á kaf í vatn nokkrum dögum síðar og misfórst. Hreiður hafa fundist við Fossvatnakvísl, Nýjavatn og við tjaldstæðin hjá Tjaldvatni. Árin 1996-1999 sá ég árlega stokkandakollur með 6-8 unga á Tjaldvatni og Eskivatni. Stokkendur sjást stundum langt fram á haust og snemma á vorin þar sem vakir eru á ám og vötnum. Um miðjan nóvember 1999 sáust 2 stokkendur á svæðinu (BM, RH). Þann 3. apríl 1997 sáust 7 stokkendur á Fossvatnakvísl (Arnþór Garðarsson munnl. uppl.) sem var þá eina auða vatnið á svæðinu. Sennilega verpa tugir stokkandarpara (20-40?) í Veiðivötnum.

Duggönd *Aythya marila.* Breiðaver og Ampapollur eru meginbúsvæði dugganda i Veiðivötnum. Á hvorum stað sjást að jafnaði 3-6 pör. Duggendur sjást einnig reglulega á Tjaldvatni og þar hefur fundist hreiður. Á Nýjavatni sá ég þrjár duggandarkollur með ungahópa 23. ágúst 1996. Tvær voru með 6 unga hvor og ein með 7 unga. Ungarnir voru litlir, sennilega ekki nema 2-3 vikna gamlir. Stórir fellihópar sjást árlega á Grænavatni. Þar eru duggendur oft í hóp með hávellum. Sumarið 1992 (12. júlí) töldust þar 160 duggendur, þar af 152 steggir (KHS). Árin 1995-1997 voru 180-200 duggendur i hóp á norðausturenda Grænavatns i júlí. Yfir sumartimann eru þar nánast eingöngu steggir. Síðsumars fjölgar mikið i hópnum. Þá sést talsvert af kollum og ungfuglum en steggirnir eru áfram yfirgnæfandi. Þann 21. september 1997 voru 512 fuglar i Grænavatnshópnum (talið eftir ljósmynd). Annar duggandahópur er yfirleitt á vatni suðvestur af Rauðagíg i Hraunvötnum og er hann að jafnaði 20-40 fuglar. Nokkrar **skúfendur** sáust árin 1996 og 1997 í báðum duggandahópunum. Erfitt er að meta hversu margar duggendur verpa í Veiðivötnum, því þangað safnast greinilega fuglar af öðrum svæðum en hugsanlega eru það fáeinir tugir para (?20-30).

Straumönd *Histrionicus histrionicus* er algengust á Fossvatnakvísl neðan við Litla-Fossvatn og sést þar oft í hópum. Þann 18. júní 1994 sá ég þar 7 straumandapör og tvö pör að auki á kvíslinni milli Kerlingalagnar og Litla-Fossvatns. Að jafnaði eru þó karlfuglar þar i miklum meirihluta. Til dæmis voru 15 straumendur á Fossvatnakvísl 27. júní 1996, þar af voru 12 karlfuglar. Flestar voru straumendurnar hinn 28. maí 1998, alls 22 pör og 4 karlfuglar í Veiðivötnum, þar af 17 pör og 4 karlfuglar á Fossvatnakvísl (EÞ, JÓH; 4. viðauki). Straumendur sjást mun víðar á vatnasvæðinu, til dæmis á kvíslum neðan við Snjóölduvatn og Eskivatn og í Slýdrætti. Hreiður straumanda hafa ekki fundist í

Veiðivötnum, en 25. júlí 1992 sá ég straumönd með ungahóp í Slýdrætti. Þrátt fyrir að straumendur sjáist í tugatali i Veiðivötnum á vorin og snemmsumars, virðast fáar þeirra verpa og koma upp ungum. Hugsanlega er stór hluti þeirra fuglar sem hafa viðdvöl í vötnunum i skamma hríð eða þá geldfuglar.

Hávella *Clangula hyemalis* er algeng um allt vatnasvæðið. Flestar sjást á Breiðaveri og öðrum verum við Vatnakvísl. Hinn 3.-4. júlí 1996 sáust alls 93 fuglar á svæðinu (59 karlfuglar og 34 kvenfuglar) (EÞ, KHS). Hreiður hafa fundist við Langavatn (1996), Litla-Fossvatn (1992) og Snjóölduvatn og Ampapoll (1996; EÞ, KHS). Um miðjan júlí 1994 fannst kolla liggjandi á hreiðri rétt við einn veiðikofann. Sumarið 1998 fundust hávelluhreiður bæði við Tjaldvatn og við Hellavatn i Hraunvötnum. Kolla með fjóra nýklakta unga sást á Slýdrætti 27. júlí 1998. Hávella verpur örugglega mjög víða en erfitt er að finna hreiðrin. Kollan er mjög samlit dökkum sverðinum og hreyfir sig ekki af hreiðri fyrr en nánast gengið er á hana. Hreiðrin sem ég hef fundið hafa öll verið langt frá vatnsbökkum, milli þúfna i mosa eða fjallavíðikræðu. Liklega verpa tugir para i Veiðivötnum (?40-60).

Hávellur sjást i stórum fellihópum á Grænavatni og á Litlasjó á sumrin og fram i október. Þessir hópa hafa aldrei verið taldir nákvæmlega enda erfitt um vik, einkum á Litlasjó þar sem fuglarnir halda sig langt frá landi. Sum árin eru tugir fugla á hvorum stað en stundum mun fleiri, e.t.v. 150-200 á hvoru vatni.

Toppönd *Mergus serrator* er frekar sjaldgæf á vötnunum. Nokkrir fuglar sjást árlega, einkum i Hraunvötnum og við Eskivatn. Toppendur hafa einnig sést á Kvíslarvatni (kvenfugl, 25. júlí 1999; JÓH), á Ampapolli (par og karlfugl, 28. maí 1998; EÞ, JÓH) og á Breiðavatni (kvenfugl 4. júlí 1996; EÞ, KHS). Við Stóra-Hraunvatn virðast toppendur verpa reglulega; kollur með unga sáust þar á hverju ári 1995 - 1999. Í júlí 1998 sáust þar þrjár kollur með 15 unga og tvær kollur með 20 unga sumarið 1999. Sama ár sást kolla með 5 unga á Snjóölduvatni (BM, RH). Í júní 1980 fannst hreiður við Kerlingalögn sem ef til vill var toppandarhreiður.

Fálki *Falco rusticolus.* Í Hamrafelli norðaustur af Litlasjó varp fálki a.m.k. þrisvar og sást þar einu sinni með unga á árunum 1981-1984 (SG). Eftir það hefur fálkavarp ekki verið staðfest en fálki sést af og til á Veiðivatnasvæðinu. Árið 1989 sást fálki bera bráð í klónum í átt að Hamrafelli (Erling Ólafsson munnl. uppl.). Árin 1996-1998 sást fálki öðru hvoru á veiðum á vatnasvæðinu.

Rjúpa *Lagopus mutus* er strjáll en sennilega árviss varpfugl í Veiðivötnum (6. mynd). Árin 1992-1996 sá ég stakar rjúpur með ungahópa i Pyttlum (Skeifupyttla). Þar er óðalið í úfnu hrauni vaxið þykkum grámosa og lynggróðri. Um miðjan ágúst 1993 sá ég rjúpu með nýklakta unga í Pyttlunni. Þarna hefur varp sennilega misfarist í hreti um 25. júní og parið orpið aftur. Í ágústbyrjun 1995 sá ég rjúpu með 4 unga við Eskivatn og 24. ágúst 1996 sá ég rjúpu með 10 stóra unga á sama stað. Rjúpa með ungahóp hefur einnig sést við Tjaldvatn og við Rauðagíg í Hraunvötnum (1997; BM, RH). Á sumrin sjást mjög víða gamlir drithaugar eftir rjúpur sem benda til þess að rjúpur hafi vetrardvöl við vötnin.

Sandlóa *Charadrius hiaticula* er algeng á neðanverðu vatnasvæðinu en sjaldgæfari ofar. Kjörlendi hennar er uppi á hálfgrónum vikuröldum þar sem mosakræða, holurt og geldingahnappur mynda skellótta gróðurhulu. Algengust er hún á öldunum niður með Vatnakvísl frá Fossvatnakvísl að Snjóölduvatni. Einnig sést hún á varptíma við Skálavötnin, i Pyttlum og sumarið 1996 fannst hreiður á öldunum vestan við Ónýtavatn (EÞ, KHS). Sandlóur hef ég séð með varpatferli við sunnanverðan Litlasjó og við Skeifuna i Hraunvötnum. Liklega verpa fáeinir tugir para í Veiðivötnum (?20-30).

Heiðlóa *Pluvialis apricaria* er strjáll en árviss varpfugl í Veiðivötnum (7. mynd), e.t.v. verpa þar 5-10 pör. Hún er algengust við Kvíslarvatn, Langavatn og Tjaldvatn.

6. mynd. Rjúpukarri *Lagopus mutus* við Stóra-Hraunvatn 22. júlí 1999. – *Örn Óskarsson.*

Erfitt hefur verið að finna hreiðrin. Árin 1996 og 1997 fundust hreiður með fjórum eggjum við tjaldstæðið við Tjaldvatn. Hreiður hefur einnig fundist við Langavatn (1996) og 14. júlí 1995 sá ég heiðlóu með tvo unga við Kvíslarvatn. Stundum sjást litlir lóuhópar í brekkunum við Kvíslarvatn í júní og júlí.

Sendlingur *Calidris maritima* er algengur varpfugl á öllu vatnasvæðinu (tugir para). Árlega finnast hreiður eða fuglar sjást með unga. Kjörlendi hans er uppi á hálfgrónum vikuröldum á svipuðum slóðum og sandlóan heldur sig. Síðla sumars sjást sendlingar oft í litlum hópum (10-15 fuglar) í ætisleit í fjöruborði vatnanna.

Lóuþræll *Calidris alpina* er árviss varpfugl í Breiðuverum, við Ampapoll, Tjaldvatn og víðar á velgrónum votlendissvæðum. Suðandi vell þeirra heyrist víða á varptímanum en hreiðrin eru vandfundin. E.t.v. verpa 10-20 pör í Veiðivötnum.

Stelkur *Tringa totanus* hefur sést flest ár við Tjaldvatn. Þar hefur hann orpið og komið upp ungum oftar en einu sinni. Er það einn af fáum varpstöðum stelks í hálendinu. Einnig hafa stelkar sést við gamla útfallið úr Snjóölduvatni og Ampapoll en ekki er vitað um varp þar.

Óðinshani *Phalaropus lobatus* er algengur meðfram velgrónum vatnsbökkum, á tjörnum og votlendissvæðum á Veiðivatnasvæðinu. Algengastur er hann í Breiðaveri og við Ampapoll og öðrum verum meðfram Vatnakvísl og umhverfis Tjaldvatn. Um miðjan júní 1980 fannst hreiður með fjórum eggjum í Kvíum við Stóra-Skálavatn og í júnílok 1996 sást óðinshani með ungahóp við Tjaldvatn. Hinn 3. júlí 1996 voru 15-20 varplegir fuglar við Tjaldvatn; eitt hreiður fannst og þrír karlfuglar sáust með unga (EÞ, KHS). Hreiður hafa einnig fundist við Ampapoll. Ég fann þar 3 hreiður, hvert með fjórum eggjum 9. júlí 1997. Hreiðrin voru í sinubrúskum og fjallavíði með u.þ.b. 100 m millibili. Oft sjást stórir hópar saman á tjörnum eða vötnum. Hinn 4. júlí 1996 var gengið vítt og breitt um Ampaver; þá sáust þar tugir varplegra fugla (e.t.v. 30-40) og einn stálpaður ungi fannst og nokkur tóm hreiður (EÞ, KHS). Sama dag voru 19 varplegir fuglar í mýrinni sunnan við Grænavatn og 2 litlir ungar (EÞ, KHS). Alls sáust um 80 fuglar í varpi í Veiðivötnum hinn 4. júlí 1996, svo líklega verpa 50-100 pör á svæðinu. Síðsumars sjást stundum litlir hópar, t.d. voru 30 fuglar á Tjaldvatni 27. júní 1996.

Kría *Sterna paradisaea* verpur á nokkrum stöðum á vatnasvæðinu. Stærstu vörpin eru að jafnaði í Pyttlum, við Eskivatn, Snjóölduvatn og í Breiðaveri. Á hverju svæði hafa sést 10-15 pör. Minni vörp hafa fundist við Litla-Fossvatn (1994 og 1997)

og í Hraunvötnum (1996 og 1997). Varpsvæðin virðast flytjast talsvert til á milli ára. Sumarið 1997 voru ungar að skríða úr eggjum 9. júlí. Það sumar virtist varpárangur góður og víða mátti sjá kríur með tvo unga. Mikil áraskipti eru í fjölda kríupara i vörpunum en gróflega má áætla að 50-100 kríupör verpi á Veiðivatnasvæðinu. Í júlí 1996 sáust alls um 60 kríur á svæðinu (EÞ, KHS). Varpárangur er einnig mjög breytilegur á milli ára. Sumarið 1993 gerði hret í lok varptíma, með snjó og frosti. Sennilega misfórst varp hjá kríum algjörlega það árið. Hvergi sá ég unga þetta ár og fullorðnar kríur sátu í hópum við Litlasjó í júlíbyrjun.

Þúfutittlingur *Anthus pratensis* er algengur síðsumars, en sést einnig á varptíma og er sennilega strjáll varpfugl á gróðursælum svæðum. Í Kvíum við Stóra-Skálavatn sá ég tvö pör 18. júní 1994 sem greinilega höfðu helgað sér óðal og 1. ágúst 1995 sá ég nýfleygan þúfutittlingsunga á sama svæði. Hinn 14. júlí 1996 sást fugl fóðra unga við Tjaldvatn (EÞ, KHS). Ég hef einnig séð syngjandi karlfugl við Litla-Breiðavatn. Sumarið 1998 voru óvenjumargir þúfutittlingar við Tjaldvatn og 27. júlí sá ég a.m.k. tvö pör með unga við Slýdrátt.

Maríuerla *Motacilla alba* verpur flest sumur í Vatnsgíg við Tjaldvatn og kemur upp ungum. Vatnsgígur er gíghola 4-5 m í þvermál og 15 m niður á vatnsborð. Hreiðurstæðið er í holu í gígveggnum i góðu skjóli fyrir veðri og vindum. Maríuerlur sjást víðar á Veiðivatnasvæðinu á varptíma til dæmis við Fossvötnin en hreiður hafa ekki fundist nema i Vatnsgíg. Síðsumars eru maríuerlur algengar.

Steindepill *Oenanthe oenanthe* er sennilega óreglulegur varpfugl á Veiðivatnasvæðinu. Þeir hafa oft sést á varptíma en hreiður ekki fundist fyrr en sumarið 1998. Þá varp par í hraunhól við Tjaldvatn og ungar fóru úr hreiðri 12. júlí. Nýfleygir ungar hafa nokkrum sinnum áður sést við Tjaldvatn i ágústbyrjun. Síðsumars eru steindeplar algengir á vatnasvæðinu.

Hrafn *Corvus corax* sést oft síðsumars, oftast tveir fuglar saman. Einnig sjást þeir yfir vetrarmánuðina. Ekki er vitað með vissu að hrafnar hafi orpið i Veiðivötnum en óljósar heimildir eru um varp í grennd við Pyttlur. Hins vegar hafa pör með hálffleyga unga sést þrisvar sinnum i Veiðivötnum, svo sennilega eru hrafnar óreglulegir varpfuglar á svæðinu. Um 1980 sást par með nýfleyga unga við Tjaldvatn (SG). Par með 2 stálpaða unga sá ég 9. júní 1997 í Fossvatnahrauni. Ungarnir héldu sig við klett i hrauninu á meðan foreldrarnir flugu í átt að Breiðaveri og sóttu þangað æti handa ungunum. Á u.þ.b. 30 mínútum komu foreldrarnir tvisvar með æti (unga) i kjaftinum og færðu ungunum. Umhverfis klettinn í Fossvatnahrauninu var talsvert af eggjaskurn, einkum rjúpu- og andaegg, en einnig gæsaegg. Liklega hafa ungarnir dvalið þar i nokkurn tíma. Ekkert hreiður fannst þrátt fyrir mikla leit. Nokkrum dögum síðar var fjölskyldan komin i Breiðaver. Sumarið 1998 sáust hrafnar bera æti norður i Fossvatnahraun i júnílok og um 10. júlí sáust nýlega fleygir ungar i Kvíslum (BM, RH). Í ágúst 1999 fannst hrafnslaupur nærri Hreysinu við Tungnaá, austur af Litlasjó (BM, RH). Hrafnar sáust þetta sumar víða á Veiðivatnasvæðinu og ég sá þá nokkrum sinnum með æti í gogginum við Litlasjó.

Snjótittlingur *Plectrophenax nivalis* er algengasti varpfuglinn á vatnasvæðinu og verpa þar liklega fáein hundruð para (a.m.k. 200). Á varptíma sjást syngjandi karlfuglar í hverjum kletti og gígbarmi. Í hraununum er hann þó algengastur. Hreiðrin eru í klettagjótum og sjást yfirleitt ekki en heyra má tíst í ungum inn á milli steinanna. Fyrsta varpi líkur oftast í lok júní en þá fara hálffleygir ungar að sjást. Í góðu árferði virðast sumir verpa aftur. Í ágústbyrjun 1996 sá ég snjótittling til dæmis bera æti í hreiður við Tjaldvatn. Þar hafa mjög líklega verið ungar úr síðara varpi.

Aðrir líklegir og fyrrum varpfuglar

Ásamt árvissum varpfuglum sjást 11 tegundir reglulega þó ekki hafi tekist að

7. mynd. Heiðlóa *Pluvialis apricaria* á hreiðri við Tjaldvatn 21. júlí 1997. – *Örn Óskarsson.*

staðfesta varp hin síðari ár (1. tafla). Hegðun fuglanna þykir þó í mörgum tilfellum gefa óðalshelgun eða annað varpatferli til kynna. Ef til vill verpa þessar tegundir stöku sinnum þegar sérlega vel árar. Fjórar af tegundunum i þessum hópi, haförn, lómur, gulönd og húsönd urpu liklega á svæðinu á síðustu öld. Hér á eftir er umfjöllun um þessar tegundir fyrrverandi varpfugla og óvissra varpfugla á Veiðivatnasvæðinu.

Lómur *Gavia stellata* hefur sést á varptíma á seinni árum, bæði í Breiðaveri og á Vatnakvísl. Lómar virðast hafa verið algengari i Veiðivötnum i lok 19. aldar. Peter Nielsen, sem kom þangað í ágúst 1884, sagði þá „ekki eins algenga og himbrima" og Þorvaldur Thoroddsen (1959) sem var þar 5 árum seinna taldi lóma mjög algenga í Veiðivötnum. Engar heimildir eru um lómavarp i Veiðivötnum siðustu áratugina en þeir verpa við Tungná hjá Kýlingum (KHS).

Grágæs *Anser anser* sést af og til í Veiðivötnum. Um miðjan júní 1980 sáust 8 grágæsir á beit við Ampapoll, sex við Breiðavatn og tvær við Stóra-Skálavatn. Engar upplýsingar eru um varp grágæsa á svæðinu en hugsanlegt er að þær verpi í Breiðaveri. Þar sáust 2 fuglar í lok júní 1996 og aftur 14. júlí sama ár (EÞ, KHS). Stakur fugl sást þar 28. maí 1998, hugsanlega karlfugl á verði við hreiður (EÞ, JÓH).

Urtönd *Anas crecca.* Síðan 1994 hafa urtendur sést á varptíma i Breiðaveri og við Ampapoll og sennilega verpa þar í sumum árum 5-10 pör. Einn karlfugl sást á hvorum stað 18. júní 1994, kvenfugl sást við Ampapoll 3. júlí 1996 (EÞ, KHS) og par 28. maí 1998 (EÞ, JÓH). Sumarið 1997 sá ég fleiri urtendur en nokkru sinni áður. Dagana 9. og 10. júlí 1997 sá ég 20 urtendur (17 karlfuglar og 3 kvenfuglar) i verinu við Ampapoll, 7 (6 karlfuglar og 1 kvenfugl) i Fossvatnahrauni og við Tjaldvatn var eitt par. Á göngu minni um verið við Ampapoll fældi ég upp 2 urtandarkollur. Þær flugu smá spöl en settust strax aftur og ýmist skriðu á jörðinni eða syntu liggjandi með höfuðið teygt fram í vatnið. Bendir þetta atferli ótvírætt til þess að þarna hafi verið varpfuglar. Í Fossvatnahrauni fældi ég einnig upp kollu sem hegðaði sér eins. Ekkert hreiður fann ég þrátt fyrir mikla leit. Loks sást kolla við Tjaldvatn 25. júlí 1999 og hegðaði hún sér líkt og hún væri með unga (JÓH). Eina heimildin um urtendur i Veiðivötnum fyrr á tímum er ótilgreindur fjöldi fugla sem sást þar i ágúst 1884 (Peter Nielsen; sbr. Þorvald Thoroddsen 1959).

Grafönd *Anas acuta.* Breiðaver og verin við Ampapoll eru helstu aðsetur grafanda. Grafendur hafa einnig sést á Snjóölduvatni,

Stóra-Skálavatni, Tjaldvatni og Grænavatni. Flestar grafendur hef ég séð við Ampapoll. Þar voru 13 grafendur (4 pör og 5 stakir karlfuglar) 9. júlí 1997 og 14 fuglar (4 kvenfuglar og 10 karlfuglar) 1. júlí 1998. Tíu fuglar sáust þar 3. júlí 1996 og eitt par og 10 karlfuglar sáust á Breiðaveri á sama tima (EÞ, KHS). Grafendurnar eru að jafnaði mjög styggar og erfitt að nálgast þær. Ekki hef ég ennþá fundið grafandarhreiður eða séð þær með unga á Veiðivatnasvæðinu en hugsanlega gætu orpið allt að 5 pör á svæðinu.

Skúfönd *Aythya fuligula* er árviss en sjaldséður fugl á Veiðivötnum. Dagana 3.-4. júlí 1996 sáust 14 skúfendur í Hraunvötnum (12 karlfuglar og 2 kvenfuglar) og 3 karlfuglar við Grænavatn. Við Nýjavatn sást stakur steggur tvö æst skúfandapör sem eftir atferli að dæma gætu hafa verið með hreiður. Þar fannst hreiður sem frekar er talið hafa verið hreiður skúfandar en duggandar (EÞ, KHS). Þann 28. maí 1998 sást par og 3 karlfuglar í Breiðaveri (EÞ, JÓH).

Húsönd *Bucephala islandica* er algengur vetrargestur á vötnunum. Ég sá eina húsönd á Stóra-Fossvatni 21. september 1997 en oftast koma þær fyrstu í byrjun september (BM, RH). Arnþór Garðarsson sá 24 húsendur á Stóra-Fossvatni og 3 á Tjaldvatni 29. mars 1976. Aftur kannaði hann Veiðivatnasvæðið úr lofti 2. febrúar 1977. Þá sást 41 húsönd á Stóra-Fossvatni, 9 á Tjaldvatni og 8 á nyrsta Hraunvatninu (Arnþór Garðarsson 1978). Engin húsönd sást í Veiðivötnum 3. apríl 1997 enda voru öll vötn þá lögð (Arnþór Garðarsson munnl. uppl.). Húsendur sáust á Skálavatni i lok júní 1894, 9 karlfuglar ásamt einum kvenfugli og sáust þær ekki annarsstaðar á vatnasvæðinu (Pearson & Pearson 1895). Húsendur hafa sést einu sinni að vorlagi hin síðari ár: tveir ungir karlfuglar og einn kvenfugl á Litla-Fossvatni 28. maí 1998 (EÞ, JÓH).

Gulönd *Mergus merganser* sést af og til í Veiðivötnum og fullorðnir karlfuglar hafa stundum haldið sig þar sumarlangt. Þann 29. mars 1976 sáust 9 gulendur á svæðinu (Arnþór Garðarsson 1978). Í júní 1980 sáust þrjár gulendur (2 kvenfuglar og 1 karlfugl) á Litla-Skálavatni. Stakur kvenfugl sást við Ampapoll 4 júlí 1996 (EÞ, KHS). Í júnílok árið 1894 sást gulönd á Skálavatni og hreiður með 15 eggjum fannst þar i grennd 21. júní (Pearson & Pearson 1895).

Haförn *Haliaeetus albicilla* varp i Arnarsetri við Stóra-Skálavatn fram yfir aldamótin 1900. Nielsen (1921) fann örn þar í varpi árið 1884 og hafði heimildir um varp þar 1899 og 1901. Hann taldi að ernir hefðu orpið, eða haldið til á svæðinu til 1907 eða 1908. Á fyrstu áratugum þessarar aldar sást haförn oft við vötnin (Guðmundur Árnason 1940) en hann hefur ekki sést þar síðustu áratugina. Hafarnarpar var með unga í Arnarsetri bæði sumarið 1889 og 1894 (Þorvaldur Thoroddsen 1959, Pearson & Pearson 1895).

Kjói *Stercorarius parasiticus*. Fram til 1990 höfðu flestir veiðimenn i Veiðivötnum þann sið að gera að fiski á vatnsbökkunum og hentu þá gjarnan innyflum út i vatnið. Kjói var þá algengur i Veiðivötnum og sá ég hann oft stinga sér á bólakaf á eftir gómsætum innyflum. Einnig eru þess dæmi að hann hafi gripið á lofti agn á öngli hjá veiðimönnum. Sjálfur hef ég einu sinni fengið kjóa á þann hátt á færi. Ekki er vitað um kjóavarp á vatnasvæðinu á þessum tíma. Síðust árin hafa kjóar verið sjaldséðari enda eru veiðimenn hættir að gera að á vatnsbökkunum og fæðuframboð því minna fyrir kjóann. Helst verður hans nú vart sveimandi yfir varplöndunum i Breiðaveri og meðfram Vatnakvísl.

Sílamáfur *Larus fuscus* er nýlegur gestur í Veiðivötnum. Í rannsóknarferð um Veiðivötn um miðjan júní 1980 sást enginn sílamáfur. Á nýunda áratugnum fjölgaði sílamáf ár frá ári og skiptu þeir stundum hundruðum. Ef einhversstaðar var ætisvon hjá veiðimönnum voru sílamáfarnir ætíð mættir, stundum í tugatali. Þróunin hjá sílamáf hefur verið svipuð og hjá kjóanum, þeim hefur síðari árin stórfækkað á svæðinu samhliða minnkuðu fæðuframboði. Undanfarin sumur hafa sílamáfar verið algengastir

í grennd við verin meðfram Vatnakvísl. Þar biða þeir eftir tækifæri til að góma egg eða unga. Undanfarin ár hafa nokkrir sílamáfar verið skotnir á Veiðivatnasvæðinu. Þeir hafa allir reynst vera með varpblett á kvið (BM, RH). Þetta bendir til þess að einhversstaðar í grennd við Veiðivatnasvæðið sé sílamáfsvarp. Næstu þekktu varpstaðir eru 30-40 km frá Veiðivötnum, við Skaftárdal og Sultartanga (EÞ, KHS).

Svartbakur *Larus marinus*. Guðmundur Árnason (1940) nefnir að svartbakur hafi sest að í Veiðivötnum rétt fyrir 1940. Finnur Guðmundsson (1954) getur þess að hans verði talsvert vart á Veiðivatnasvæðinu en að hreiður hafi ekki fundist. Sumarið 1952 fannst svartbakshreiður i hólma í Tungnaá við Hófsvað, sem er skammt frá vötnunum (Finnur Guðmundsson 1954). Um miðjan júní 1980 sáust 120 svartbakar, þar af voru 110 í hóp við Langavatn. Þá sáust 2 gaggandi svartbakar við Ampapoll, svo sennilega hafa þeir orpið þar. Í rannsóknarferðum sem farnar voru árin 1994-1997 sáust svartbakar aðeins árið 1994. Þá sá ég 5 svartbaka, þar af sátu 3 við Vatnakvísl framan við Breiðaver skammt frá heiðagæsum með ungahóp.

Fargestir og flækingar

Á fartíma á haustin sést **skógarþröstur** *Turdus iliacus* stöku sinnum (BM, RH) t.d. sá ég einn á flugi i Hraunvötnum i september 1995. **Smyrill** *Falco columbarius* sést af og til einkum á haustin. Kvenfugl sást við Tjaldvatn 1. júlí 1998 og í september 1997 var fullorðinn karlfugl i að minnsta kosti vikutíma á svæðinu, smáfuglum til mikils ama. **Skúm** *Stercorarius skua* hef ég einu sinni séð á flugi við Hraunvötn. **Hettumáfur** *Larus ridibundus* er mjög sjaldgæfur i Veiðivötnum. Ég sá einn fugl á flugi yfir Breiðaveri 28. júní 1996 og 25. ágúst sama ár sá ég 13 hettumáfa í hóp í Hraunvötnum. Að sögn veiðivarða var hópurinn þá búinn að vera í Hraunvötnum í nokkra daga (BM, RH). **Spóar** *Numenius phaeopus* og **hrossagaukar** *Gallinago gallinago* sjást á fartíma í júlí, ágúst og fram í september. Oftast eru þeir í litlum hópum á flugi. Ég sá spóa leita sér að æti á gróðursnauðum gjallhól við Hraunvötn 20. september 1997. **Jaðrakan** *Limosa limosa* sást við Stóra-Hraunvatn 3. september 1998 (BM, RH).

Rauðhöfðaönd *Anas penelope* hefur sést nokkrum sinnum á Slýdrætti að sumarlagi (SG) og ég sá fimm steggi við Ampapoll 1. júlí 1998. Þá sá Peter Nielsen rauðhöfðaendur i Veiðivötnum i ágúst 1884 (Þorvaldur Thoroddsen 1959). **Hrafnsönd** *Melanitta nigra* hefur einu sinni sést i Veiðivötnum (SG). **Helsingi** *Branta leucopsis* hefur sést í Hraunvatnahrauni (BM, RH, SG). **Kanadagæs** *Branta canadensis* sást á Snjóölduvatni frá 14. júlí til 4. ágúst 1999 (BM, RH). Ég sá fuglinn 20. júlí. Þá var hann í fjaðrafelli og hélt sig með nokkrum álftum sem einnig voru í felli.

Nokkrir sjófuglar hafa sést á Veiðivötnum. **Lundi** *Fratercula arctica* hefur þrisvar sinnum sést á vötnunum. Í ágústbyrjun 1983 sá ég lunda á Litlasjó. Fuglinn var skammt frá landi i miklu öldróti og kafaði án afláts. Nokkru síðar fréttist af lunda á Snjóölduvatni og i júnílok 1995 var lundi á Ónýtavatni. Hann lifði aðeins i fáeina daga (BM, RH). **Dílaskarfur** *Phalacrocorax carbo* sést stöku sinnum. Haustið 1998 sáust tveir fuglar. Annar festist i silunganeti i Litlasjó og drapst 29. ágúst en hinn sat á kletti við Nýjavatn 5. september (BM, RH). **Langvía** *Uria aalge* og ógreind sæsvölutegund hafa sést einu sinni á Veiðivötnum (SG). Ósjálfbjarga **fýlar** *Fulmarus glacialis* hafa fundist oftar en einu sinni á söndunum vestan við vötnin eftir suðaustan rok. Þann 6. september 1998 sást fýll á flugi við Litlasjó (BM, RH).

Gráhegri *Ardea cinerea* hefur sést tvisvar við gamla útfallið úr Snjóölduvatni. Í bæði skiptin voru þetta stakir fuglar sem komu í lok september og dvöldu í 1-2 vikur (SG). **Snæugla** *Nyctea scandiaca* hélt til á Veiðivatnasvæðinu í ágúst 1995 og sást við Snjóölduvatn og Arnarpoll en einu sinni i Hraunvötnum (BM, RH). **Bréfdúfa** *Columba livia „domestica"* heimsótti veiði-

8. mynd. Kerlingalögn og Stóra-Fossvatn 8. ágúst 1991. Eyjarnar í Stóra-Fossvatni eru varpstaður heiðagæsa og himbrima. – *Örn Óskarsson.*

verði i Veiðivötnum 26. ágúst 1996. Hún var merkt og reyndist hafa villst af leið úr Öræfasveit til Akranes. Henni var komið til réttra eigenda. Önnur dúfa fannst dauð í Hraunvötnum i júní 1997 (BM, RH).

Breytingar á fuglalífi

Engar rannsóknir hafa farið fram á fuglalífi í Veiðivötnum sem ótvírætt gefa til kynna að breytingar hafi átt sér stað í tegundasamsetningu, stærð varpstofna eða staðsetningu varpsvæða. Nokkrar vísbendingar koma þó fram ef gerður er samanburður á þeim fáu heimildum sem til eru frá lokum siðustu aldar og þeim upplýsingum sem safnað hefur verið siðustu árin.

Það er ljóst út frá þessum heimildum að hafarnarvarp var sennilega árvisst að minnsta kosti fram til ársins 1902. Einnig gæti lómur, gulönd og jafnvel húsönd hafa orpið í Veiðivötnum i lok síðustu aldar. Á meðan arnarvarpið var í Arnarsetri virðist sem stórt andavarp hafi verið i hólmum i Skálavatni i næsta nágrenni arnarhreiðursins. Þorvaldur Thoroddsen (1959) getur þess eftir Veiðivatnaferðina 1889 að í hólmanum í Skálavatni hafi verið mikið andavarp og „varla hægt að þverfóta fyrir hreiðrum". Þetta svæði er nú í næsta nágrenni skála og tjaldstæðis. Þar er að jafnaði mikil umferð gangandi fólks yfir sumartimann. Nú finnast örfá hreiður á svæðinu. Í Breiðaver og i verin við Ampapoll þar sem fuglalífið er núna hvað gróskulegast kemur varla nokkur maður.

Guðmundur Árnason (1940) telur að öndum í Veiðivötnum hafi fækkað mikið á fyrri hluta aldarinnar frá því sem áður var. Jón Árnason (1952) i Lækjarbotnum getur þess í ritgerð að á Andapolli (smávatni sunnan við Litla-Fossvatn) hafi haldið sig ellefu andartegundir til 1918 að Katla gaus en enginn fugl hafi sést þar síðan.

Tilkoma minks i Veiðivötnum hefur örugglega haft í för með sér truflun á fuglalífi svipað og þekkt er úr öðrum landshlutum. Hversu mikil þau áhrif voru veit enginn. Það gerir einnig málið flóknara að á sama tíma og minkurinn nam land jókst umferð veiðimanna i Veiðivötnum.

Áður komu menn einkum til netaveiða á haustin en eftir 1965 var stöðug umferð veiðimanna frá 20. júní fram á haust. Veiðimenn fóru víða um vatnsbakka og viðkvæmur gróður lét fljótt á sjá. Á þessum árum voru veiðar fyrst og fremst stundaðar i neðri vötnunum t.d. við Fossvötn (8. mynd), Skálavötnin, Langavatn, Eskivatn, Nýjavatn og Snjóölduvatn. Umferð manna hefur örugglega áhrif á varp og varphætti fugla við vinsælustu vötnin. Það var mikið lán fyrir lífríki Veiðivatna að veiði tók að glæðast í Litlasjó um 1980. Það varð til þess að stór hluti stangveiðimanna hélt sig þar og önnur svæði nutu meiri friðunar. Litlisjór er mjög stórt vatn sem rúmar mikinn fjölda veiðimanna. Við vatnið er lítill gróður til að traðka á og enn færri varplönd við bakkana.

Ég tel að nokkrar breytingar hafi orðið á fuglalífi síðustu 15-20 árin. Svartbak hefur fækkað mikið og hann telst nú mjög sjaldgæfur. Sílamáfur er hins vegar nýr í Veiðivötnum. Enginn fugl sást árið 1980 en hann var orðinn mjög algengur laust fyrir 1990. Honum fór að fækka eftir að veiðimenn hættu að gera að fiski á vatnsbökkum en sá siður var smám saman tekinn upp á árunum 1985-1990 og eftir hefur 1993 öll aðgerð farið fram við þar til gerð borð hjá skálunum. Svipað gerðist með kjóa eins og áður hefur komið fram. Á sama tíma virðist mér sem heiðagæs og stokkönd hafi fjölgað umtalsvert. Svipuð þróun gæti hafa átt sér stað meðal annarra andfugla t.d. urtönd. Fyrstu urtendurnar sáust 1994 og hafa þær sést árlega síðan. Óvenju margar urtendur sáust sumurin 1997 og 1998 og þá mun víðar en áður.

Niðurlag

Veiðivatnasvæðið hefur upp á margt að bjóða bæði almennum ferðamönnum og veiðimönnum. Lélegar vegasamgöngur hafa hingað til haldið aftur af almennum ferðamönnum að heimsækja staðinn. Flestir veiðimenn einbeita sér að fiskum og vatnsbökkum. Almennir ferðamenn fara víðar og gætu mögulega stuðlað að annarskonar truflun á lífríkinu.

Í Veiðivötnum gæti síaukinn straumur ferðamanna á jeppum eða vélsleðum að vorlagi skapað mikla hættu. Í apríl eru ýmsir varpfuglar, t.d. álft, heiðagæs og snjótittlingur mættir á sín gömlu óðul. Truflun á viðkvæmum tíma gæti leitt til lélegri varpárangurs en ella og fækkunar i varpstofnum sumra tegunda. Ýmsir telja að nú þegar sé álag á Veiðivatnasvæðið orðið meira en það þolir.

Undanfarin ár hefur átt sér stað mikil uppbygging í aðstöðu fyrir veiðimenn og aðra ferðamenn. Veiðiverðir hafa jafnframt staðið sig með prýði, jafnt í því að sinna hagsmunum veiðifélagsins og náttúrunnar. Með góðu skipulagi og markvissri gæslu tel ég að draga megi úr vandamálum vegna umferðar þó svo ferðamönnum fjölgi eitthvað á næstu árum.

Mikil áraskipti eru í afkomu fugla á Veiðivatnasvæðinu. Kuldi og snjór á varptíma gera varpfuglum erfitt fyrir. Þá koma sárafáir fuglar upp ungum. Þetta gerðist árið 1993. Þess á milli eru góðæri þar sem sjá má ungahópa um allt vatnasvæðið. Þetta telst eðlilegt í íslenskri náttúru og lífríkið er fyrir löngu aðlagað að slíkum umhleypingum í veðurfari.

Á síðustu 30 árum hefur átt sér stað innrás manna og ökutækja sem trufla fugla og raska búsvæðum þeirra á annan hátt. Lífverur eiga fá svör við slíkri innrás. Sérhæfing í fæðuvali eða vali á hreiðurstæði gera margar fuglategundir háðar ákveðnum búsvæðum, á ákveðnum stað og á ákveðnum tíma. Ef búsvæðið er ekki tiltækt þegar þess er þörf bíður viðkomandi tegund fátt annað en útdauði á viðkomandi svæði.

Vegabætur á hálendinu leiða til aukinnar umferðar, t.d. að vorlagi. Áform um miðlunarlón og jafnvel virkjun í Tungnaá austan við Snjóölduf jallgarð kalla óhjákvæmilega á veg sem yrði ökufær allt árið. Sá vegur mundi liggja þvert yfir Veiðivatnasvæðið. Þar með yrði lífríki Veiðivatna i mikilli hættu.

Það hlýtur að vera von allra sem unna íslenskri náttúru að Veiðivötn, konungsríki himbrimans verði um ókomin ár náttúru-

perla á hálendi Íslands. Okkur ber að umgangast þessa vin i auðnum hálendisins með nærgætni og virðingu og varðveita sem mest og best.

ÞAKKIR

Sérstakar þakkir færi ég núverandi veiðivörðum í Veiðivötnum þeim Rúnari Haukssyni og Bryndísi Magnúsdóttur fyrir ómetanlega aðstoð við gagnaöflun. Gunnari Guðmundssyni og Sæmundi Guðmundssyni fyrrverandi veiðivörðum í Veiðivötnum eru þakkaðar upplýsingar. Kristínu Runólfsdóttur þakka ég fyrir yfirlestur handrits og aðstoð við samningu á enskum úrdrætti og Kristni Hauk Skarphéðinssyni og Guðmundi A. Guðmundssyni fyrir margar góðar ábendingar og yfirlestur á handriti.

HEIMILDIR

Arnþór Garðarsson 1978. Íslenski húsandarstofninn. – Náttúrufræðingurinn 48: 162-191.

Árni Magnússon & Páll Vídalín 1913. Jarðabók. – Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.

Einar Þorleifsson & Jóhann Óli Hilmarsson 1998. – Óbirt gögn úr dagbók.

Finnur Guðmundsson 1954. Íslenskir fuglar X. Svartbakur (*Larus marinus*). – Náttúrufræðingurinn 24: 177-183.

Guðmundur Árnason 1937. Ampi. – Fálkinn 1937 (13): 3 og 7.

Guðmundur Árnason 1940. Veiðivötn á Landmannaafrétti. –Ferðafélag Íslands, Árbók 1940: 5-22.

Gunnar Guðmundsson 1991. Veiðivötn á Landmannaafrétti. – Sportveiðiblaðið 1991 (1): 51-55.

Guðrún Larsen 1988. Veiðivötn og Veiðivatnagos á 15. öld. – Ferðafélag Íslands, Árbók 1988: 149-163.

Guttormur Sigurbjarnarson 1972. Vatnafræði Þórisvatnssvæðisins. – Orkustofnun, OS-ROD.

Hákon Aðalsteinsson 1987. Veiðivötn. – Náttúrufræðingurinn 57: 185-205.

Jón Árnason 1952. Örnefni við Veiðivötn. – Goðasteinn 1952 (2): 61-70.

Karl Skírnisson & Ævar Petersen 1980. Minkur. – Rit Landverndar 4: 80-94.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson & Einar Þorleifsson 1996. – Óbirt gögn úr dagbók.

Magnús Jóhannsson 1986. Rannsóknir á fiskistofnum Veiðivatna sumarið 1985. – Veiðimálastofnun, VMST-SUÐ, 86001.

Magnús Jóhannsson 1993a. Vötnin eru einstök og urriðinn einnig. – Morgunblaðið, 15. maí, bls. 8D.

Magnús Jóhannsson 1993b. Fiskirannsóknir á Veiðivötnum 1990, 1991 og 1992. – Veiðimálastofnun. VMST-S/93001x.

Nielsen, P. 1921. Havørnens (*Haliaeetus albicilla*) udbredelse på Island, de sidste 30 år. – Dansk orn. fore. Tidsskr. 15: 69-83.

Pearson, J. & C.E. Pearson 1895. On birds observed in Iceland in 1894, with a list of the species hithereto recorded therefrom. – Ibis 7th Series, Vol.1: 237-249.

Sigurjón Rist 1975. Stöðuvötn. – Orkustofnun, OS-ROD 7519.

Sveinn Pálsson 1945. Ferðin til Fiskivatna. – Bls. 649-659 í: Ferðabók Sveins Pálssonar. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797, Reykjavík.

Þorvaldur Thoroddsen 1959. Ferð til Veiðivatna sumarið 1889. – Bls. 256-275 í: Ferðabók II bindi, Reykjavík.

SUMMARY

The Veiðivötn Lakes

The Veiðivötn Lakes is a cluster of 50 lakes located west of the Vatnajökull glacier in the highland plateau of Iceland, at an altitude of about 600 m (Fig. 1). The area is within the active volcanic zone and the lakes' present basins were formed during the latest volcanic eruption in 1480 AD. Trout *Salmon trutta* can be found in most of the Veiðivötn and the lakes are popular among anglers.

The Veiðivötn Lakes are an ideal place for bird watching. A total of 52 bird species have been recorded in this highland paradise, whereof 33 species have probably bred and of these 22 are regular breeding birds (Table 1). The most conspicuous species are Whopper Swan *Cygnus cygnus* (7-12 pairs) and Great Northern Diver *Gavia immer* (10-12 pairs). Other common breeding birds in the area are Pink-footed Goose *Anser brachyrhynchus* (estimated 100-200 pairs), Mallard *Anas platyrhynchos*, Scaup *Aythya marila*, Long-tailed Duck *Clangula hyemalis* (dozen pairs each), Snow Bunting *Plectrophenax nivalis* (a few hundred pairs), Arctic Tern *Sterna paradisaea* (50-100 pairs), Purple Sandpiper *Calidris maritima* and Ringed Plover *Charadrius hiaticula*. Estimated population sizes of all the breeding birds of Veiðivötn are given in Table 1. The main nesting areas for ducks are the wetlands Breiðaver and Ampapollur. Details of four recent waterbird censuses from the area are listed in Appendices 1-4.

Örn Óskarsson, Fagurgerði 4, 800 Selfoss.

Viðauki 1. Talningar á vatnafuglum í Veiðivötnum 15.-16. júní 1980 - Erling Ólafsson, Ólafur K. Nielsen og Örn Óskarsson. Farið um svæðið sunnanvert og talið af vegi.

Svæði	Athugasemd	Himbrimi	Álft	Heiðagæs	Stokkönd	Grafönd	Skúfönd	Duggönd	Hávella	Kría	Annað
Fellsendavatn	*(ekki talið)*										
Vað á Vatnakvísl			1								
Vað á Fossvatnakvísl											
Tjaldvatn				p/hr		2♂,1♀	1♂	p,8♂	p	margar	
Slýdráttur	*(ekki talið)*										
Langavatn		4						p	1♂	margar	(1)
Skálavatn		4	p/hr	4p/hr		2♂			3	margar	(2)
Litla-Fossvatn og kvísl neðan								p	2p		(3)
Stóra-Fossvatn		1	p/hr	13p,2							(4)
Hraunvötn	*(ekki talið)*										
Litlisjór	*(ekki talið)*										
Grænavatn		p							2♂,1♀		
Litla-Skálavatn			p/hr								(5)
Ónýtavatn			p		p					2	(6)
Ónýtavatn fremra	*(ekki talið)*										
Arnarpollur		5	p								
Snjóölduvatn, -pollur og -kvísl		1/hr	p/hr,1	3	p,2♀	p,1♀		1 ♂	4p,1♀	20-30p+	(7)
Ampapollur			2p/hr	14	3♂,1♀			3p,1♂	p		(8)
Nýjavatn		1	1						1♀	40	(9)
Ónefndavatn	*(ekki talið)*										
Breiðavatn og nágrenni		p,1	p/hr,4	3p,6				6p,6♂	3p	margar	(10)
Litla-Breiðavatn	með Breiðavatni										
Pyttlur									p		
Eskivatn, Kvíslarvatn og Kvíslin		1	1/hr,1						p,1♂	1	
Samtals:		22	27	67	10	8	1	40	36	mjög margar	

Aðrir vatnafuglar og nánar um talningu:

(1) svartbakur 110, (2) grágæs 1p, (3) straumönd 8p, svartbakur 1 á flugi, (4) cf. *Mergus* 1, (5) gulönd 1♂ & 2♀, (6) *Mergus* 2, svartbakur 1 á flugi; endurnar og álftin voru á kvíslinni milli Græna- og Ónýtavatns, (7) Snjóölduvatn aðeins talið að hluta, straumönd 1p & 1♀, svartbakur 1 á flugi, (8) svartbakur 3 og þ.a. 2 líklega í varpi, grágæs 6, (9) svartbakur 3 á flugi, (10) *Anas* sp. 1, grágæs 7.

Viðauki 2. Talningar á vatnafuglum í Veiðivötnum 3.-4. júlí 1996 - Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Einar Þorleifsson. Farið um allt svæðið og flest ver gengin.

Svæði	Himbrimi	Álft	Heiðagæs	Stokkönd	Grafönd	Skúfönd	Duggönd	Hávella	Kría	Annað
Fellsendavatn						1♂	18♂	8♂,2♀		
Vað á Vatnakvísl				p						
Vað á Fossvatnakvísl										
Tjaldvatn		gamalt hr.	útl. hr	1♂			p	p,1♂	1	(1)
Slýdráttur										(2)
Langavatn		p/3u						p,1♂	4	
Skálavatn		1	2 útl. hr	p				1♂	2	
Litla-Fossvatn og kvísl neðan				2♂					2	
Stóra-Fossvatn	p/1u									(3)
Hraunvötn	p/1u,p/2u,1	p	2p/u,3	p,4♂		12♂,2♀	23♂,2♀	4♂,6♀	12	(4)
Litlisjór sunnanv. og Litlasjóver				10♂				p		
Grænavatn og mýri sunnan við	1	p/u	ummerki	2p,3♂	1♂	3♂	194♂,3♀	4p,13♂	1	(5)
Litla-Skálavatn og kvíslar austan	1									
Ónýtavatn	2	2							3	
Ónýtavatn fremra		8								
Arnarpollur								1♂		
Snjóölduvatn -pollur og -kvísl	2	p/3u		p,1♂				2p	11	(6)
Ampapollur og nágrenni + ver áfram.	p/1u	p/2u,p/5u	hr	10♂,4	7♂,3♀	2p,1♂	6p,3♂,1hr	8p	hr,7	(7)
Nýjavatn og ver vestan	1			8♂			2p	3p	3	
Ónefndavatn										
Breiðavatn og nágrenni	1/hr	3p/u,2p		2p,12♂	p,10♂		6p	2p,5♂	hr,12	(8)
Litla-Breiðavatn	2									
Pyttlur	2									
Eskivatn og Kvíslarvatn	p/1u			1♂			p,1♂	2♂	2	(9)
Samtals:	23ad	33ad	7ad	72	23	23	276	88	60	

Aðrir vatnafuglar og nánar um talningu:

(1) Gengið umhverfis og farið út í hólma við Slýdrátt, (2) straumönd 1♀, (3) sílamáfur 1, (4) Farið að öllum vötnum og gengið að mörgum þeirra; sílamáfur 1, (5) Gengið um verið að kvíslarmótum 1 km sunnan Grænavatns, (6) Gengið umhverfis Snjóöldupoll , (7) Farið vítt og breitt um verið; urtönd 1♀, gulönd 1♀, *Mergus* sp. 2, ógr. önd 9 hr , kjói 1, sílamáfur 1, (8) grágæs 2, toppönd 1♂, cf. *Mergus* sp. 2, *Anas* sp. 2, (9) kjói 1.

Viðauki 3. Talningar á vatnafuglum í Veiðivötnum 9.-10. júlí 1997 - Örn Óskarsson. Sunnanvert svæðið talið af vegi.

Svæði	Athugasemd	Himbrimi	Álft	Heiðagæs	Stokkönd	Grafönd	Skúfönd	Duggönd	Hávella	Kría	Annað
Fellsendavatn	*(ekki talið)*										
Vað á Vatnakvísl											
Vað á Fossvatnakvísl											
Tjaldvatn		4			p			p	p	1	(1)
Slýdráttur											
Langavatn			p/hr								
Skálavatn		p/1u	p/1u		2♂,1♀						
Litla-Fossvatn og kvísl neðan		1								hr	
Stóra-Fossvatn og Fossvatnahraun		p/2u			p						(2)
Hraunvötn		p/hr,p	p		3♂		7♂	30♂,1♀	2p	13+	(3)
Litlisjór sunnanverður		p/hr,1	p		2♂,1♀				p	2	(4)
Grænavatn og mýri sunnan við		3	p/3u		p,3♂		2	180	12		
Litla-Skálavatn og kvíslar austan	*(ekki talið)*										
Ónýtavatn	*(ekki talið)*										
Ónýtavatn fremra	*(ekki talið)*										
Arnarpollur	*(ekki talið)*										
Snjóölduvatn, - pollur og -kvísl			p,4		7p,1♂			8♂,7♀	p,1♂	10,3hr	
Ampapollur og nágrenni + ver áfram.		1	p		1♂	13	2p,1♂	4p			(5)
Nýjavatn og ver vestan		1	2p					1♂	3p	10,2hr	(6)
Ónefndavatn	*(ekki talið)*										
Breiðavatn og nágrenni		p/1u	2p	4/u	24♂,2♀	1♀		3p,1♂	2p	30,6hr	
Litla-Breiðavatn			p		2p,1♂						
Pyttlur	*(ekki talið)*										
Eskivatn og Kvíslarvatn		p/1u	p		1♂				1♂	5	(7)
Samtals:		23ad	30ad	4ad	66	14	14	244	34	71+	

Aðrir vatnafuglar og nánar um talningu:

(1) Gengið umhverfis vatnið; urtönd 1p, sílamáfur 4, (2) Gengið um hraunið; urtönd 6♂ & 1♀, (3) Ekki talið á tveimur vestustu vötnunum og Eystra-Hraunvatni, (4) sílamáfur 2, (5) urtönd 17♂ & 3♀, ógr. önd hr/2e, (6) ógr. önd hr/11e, (7) sílamáfur 3.

Viðauki 4. Talningar á vatnafuglum í Veiðivötnum 28. maí 1998 - Einar Þorleifsson og Jóhann Óli Hilmarsson. Sunnanvert svæðið talið af vegi

Svæði	Athugasemd	Himbrimi	Álft	Heiðagæs	Stokkönd	Grafönd	Skúfönd	Duggönd	Hávella	Kría	Annað
Fellsendavatn	mikið lagt										
Vað á Vatnakvísl				p/hr	p						
Vað á Fossvatnakvísl				1♂							
Tjaldvatn	autt		p	5p, p/hr				p, 1♂	p		
Slýdráttur	*(ekki talið)*										
Langavatn	autt										(1)
Skálavatn	mikið lagt	p	p/hr	3p/hr						7	
Litla-Fossvatn og kvísl neðan	autt			p, 5					2p, 1♂		(2)
Stóra-Fossvatn og Fossvatnahraun	autt			p							
Hraunvötn	*(ekki talið)*										
Litlisjór sunnanverður	nær allagður	1									
Grænavatn og mýri sunnan	mikið lagt	1	p/hr	8							
Litla-Skálavatn og kvíslar austan	*(ekki talið)*										
Ónýtavatn	töluv. lagt		p								
Ónýtavatn fremra	*(ekki talið)*										
Arnarpollur	*(ekki talið)*										
Snjóölduvatn, -pollur og -kvísl		p									
Ampapollur og nágrenni + ver áfram.		p	p, p/hr,3	4p,15p/hr,10	6p,1♂	p		5p	7p, 1♂	11	(3)
Nýjavatn og ver vestan			(1 dauð)	10					p	2	
Ónefndavatn	*(ekki talið)*										
Breiðavatn og nágrenni	autt	1	2p, p/hr	6p/hr,7p	3p		p, 3♂	p	p	5	(4)
Litla-Breiðavatn	*(ekki talið)*										
Pyttlur	*(ekki talið)*										
Eskivatn og Kvíslarvatn		p	p/hr, 1	2p/hr					p	17	
Samtals:		11	24	126	21	2	5	15	28	42	

Aðrir vatnafuglar og nánar um talningu:

(1) toppönd 1♂, (2) urtönd 1♂, húsönd 2♂ uf. & 1♀, straumönd 18p & 4 ♂, (3) urtönd 1p, straumönd 4p, toppönd 1p & 1♂, sílamáfur 3, (4) grágæs 1, e.t.v. gassi við hreiður.

Tómas Grétar Gunnarsson

Fuglalíf á uppgræddu landi

Reykjasandur á Skeiðum er elsta sandgræðslusvæði landsins. Í byrjun þessarar aldar var þar örfoka land en hefur nú verið grætt upp að miklu leyti. Þéttleiki varpfugla við Reyki var metinn sumarið 1997. Sex tegundir urpu á svæðinu og voru þúfutittlingur og heiðóa algengust.

Inngangur

Reykjasandur í landi Reykja á Skeiðum er elsta sandgræðslusvæði landsins. Í byrjun aldarinnar var sandfok frá Reykjasandi mikið vandamál og ógnaði mörgum jörðum í efri hluta Skeiðahrepps. Lög um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands voru samþykkt á Alþingi 1905 að tilstuðlan Hannesar Hafstein. Vorið 1907 kom Gunnlaugur Kristmundsson frá námi í sandgræðslu á Jótlandi og var fyrsta verkefni hans að græða upp Reykjasandinn. Í byrjun voru girtir 265 ha lands og höfðu menn náð valdi á sandfokinu þegar sumarið 1913 (Jón Guðmundsson 1980).

Vorið 1997 fór ég að svipast um eftir hugsanlegum svæðum til að rannsaka spóa *Numenius phaeopus*. Í sandgræðslu Reykja var allmikið af spóum (áætlað um 15 pör á km^2) fyrri hluta maí sem sýndu óðalsatferli og svæðið því álitlegt. Þegar leið á varptímann reyndust aðeins 2 pör verpa innan svæðis og var því hætt við frekari spóarannsóknir þar. Fjöldi spóa sem sýnir óðalsatferli fyrir varptíma er sennilega lakur mælikvarði á endanlegan varpþéttleika. Nokkuð var þó af öðrum tegundum varpfugla í sandgræðslunni og voru varplegir fuglar og hreiður þeirra merktir inn á kort á ferðum um svæðið. Þar sem að svæðið var áður örfoka þá gefa þessar talningar hugmynd um hvernig fuglalíf getur tekið við sér á landi sem grætt er upp.

Athugunarsvæðið

Sandgræðslan við Reyki (64°03'N 20°28'V) er i um 50 m hæð yfir sjó og er 83 ha að stærð. Landið er nær alveg gróið en sandur nær þó upp úr á stöku stað. Melgresi *Leymus arenarius* er áberandi og hefur liklega verið notað lengi til að hefta sandfok. Rúllubaggar hafa eitthvað verið settir i sandflekki nú síðustu ár, en þeir mynda skjól og er þeir brotna niður einnig jarðveg og áburð. Í norðurhluta svæðis eru gulvíðir *Salix phylicifolia*, gamburmosi *Racomitrium* spp. og krækilyng *Empetrum nigrum* ríkjandi en annarsstaðar á svæðinu eru ýmsar grastegundir aðalgróðurinn. Gróðurhula er nær samfelld og jarðvegsrof liklega hverfandi.

Síðsumars 1997 var hafist handa við lagningu háspennulínu frá Búrfellsvirkjun yfir suðurhluta sandgræðslunnar með tilheyrandi vegagerð og raski og er því búið að skerða svæðið frá því sem var vorið 1997.

Aðferðir

Við mat á varpþéttleika var beitt kortlagningu óðala (Bibby o.fl. 1993). Athugunarsvæði var heimsótt tólf sinnum frá 14. maí til 20. júní 1997 og fuglar sem sýndu óðalsatferli og/eða hreiður þeirra voru merkt inn á kort í mælikvarðanum 1:10.000. Flestar heimsóknir voru á tímabilinu frá kl. níu á morgnana fram að hádegi. Í mörkinni voru allar tegundir merktar inn á sama kortið. Hegðun fugla var táknuð með ákveðnum skammstöfunum (t.d. Sv = spói vellandi, Lb = lóa að barma sér) og hreyfing fugla með örvum (t.d. Sv——Sv = vellispói flýgur upp og heldur áfram að vella þar sem hann lendir). Við úrvinnslu útikorta voru gerð ný kort, eitt fyrir hverja tegund. Þá voru upplýsingar um einstakar tegundir frá hverri heimsókn merktar á kort

Bliki 20: 60-62 – febrúar 2000

1. tafla. Varpfuglar í sandgræðslu Reykja og Reykhóls á Skeiðum sumarið 1997. – *Densities of breeding birds at Reykir, S Iceland in 1997.*

Tegund *Species*	Fjöldi para *No. of pairs*	Þéttleiki (pör/km²) *Density (pairs/km²)*
Heiðlóa *Pluvialis apricaria*	15	18,1
Hrossagaukur *Gallinago gallinago*	2	2,4
Lóuþræll *Calidris alpina*	1	1,2
Stelkur *Tringa totanus*	1	1,2
Spói *Numenius phaeopus*	2	2,4
Þúfutittlingur *Anthus pratensis*	26	31,3
Alls – *Total*	47	56,6

og þá sáust klasar af merkingum þar sem óðul fugla voru. Til að klasi teldist fullgildur var miðað við að fugl hefði sést á blettinum i það minnsta fjórum sinnum.

Kortlagning sem þessi gefur góða mynd af þéttleika fugla á varpstöðvum. Þó er galli hve tímafrek aðferðin er. Aðrar aðferðir eins og sniðtalningar eru ekki eins nákvæmar en henta betur ef meta á þéttleika á stærri svæðum á skemmri tíma. Sniðkortun, þar sem gengið er skipulega um svæði einu sinni til tvisvar og óðul kortlögð hefur reynst ágætlega (Kirby og Guðmundsson 1987, Kristinn H. Skarphéðinsson og Guðmundur A. Guðmundsson 1990). Sniðkortun er ekki eins nákvæm og aðferðin sem hér var beitt en mun fljótlegri.

Hér að neðan er gerð örstutt grein fyrir fjölda og talningareiningum einstakra tegunda mófugla sem sáust á svæðinu (1. tafla).

Heiðlóa *Pluvialis apricaria* varp um allt svæðið, sérstaklega þó í norðurhluta þess, þar sem gamburmosi og krækilyng eru meira áberandi. Taldir voru fuglar sem flugu og sungu yfir óðali, eða fuglar sem hlupu undan í flæmingi og börmuðu sér. Alls urpu 15 pör innan svæðis.

Hrossagaukur *Gallinago gallinago*. Talningareining fyrir hrossagauk var hneggjandi fugl. Hrossagaukurinn hneggjar yfir óðali sinu og talning á fuglum sem sína slíkt atferli er talin nokkuð góður mælikvarði á þéttleika varppara (Bibby o.fl. 1993). Tvö pör urpu í sandgræðslunni sumarið 1997.

Lóuþræll *Calidris alpina* syngur eins og flestir vaðfuglar yfir óðali sínu um varptímann og er þá nokkuð auðtalinn. Eitt par varp.

Spói var mjög algengur á svæðinu í upphafi varptíma en er á leið kusu fáir fuglar að verpa þar. Taldir voru vellandi og laumulegir fuglar. Tvö pör urpu innan sandgræðslugirðingar.

Stelkur *Tringa totanus* var nokkuð algengur á svæðinu en aðeins eitt par varp. Líklegt er að varpfuglar úr nágrenninu hafi sótt inn á svæðið.

Þúfutittlingur *Anthus pratensis* var algengasti fuglinn á svæðinu sumarið 1997. Taldir voru syngjandi karlfuglar. Samkvæmt kortlagningu urpu 26 pör.

Jaðrakan *Limosa limosa* sást stundum á vappi við poll i SV-horni svæðis. Hann var ekki varplegur og líklega aðkominn i ætisleit.

Umræða

Þegar varpþéttleiki er metinn á þennan hátt er i raun verið að meta fjölda óðala á km². Hér hefur mælieiningin verið pör á km² og er gert ráð fyrir að á bak við hvert óðal standi eitt par en svo þarf ekki endilega að vera. Heildarfjöldi óðala á athugunarsvæðinu var 57 á km². Enginn íslenskur samanburður er til fyrir uppgrædd svæði af þessu tagi. Ólafur K. Nielsen (1980) mældi þéttleika mófugla á nokkrum svæðum sumurin 1978-79. Skoðaði hann meðal annars graslendissvæði en e.t.v. má helst

líkja sandgræðslunni við þau. Í Geirastaðalandi við Mývatn (23 ha svæði, 280 m.y.s.) voru 261 óðul á km² og við Tannanes í Önundarfirði (19 ha svæði, 10-35 m.y.s.) voru 122 pör á km². Á báðum þessum svæðum var þúfutittlingur algengasta tegundin. Hár þéttleiki á Geirastaðalandi miðað við hin svæðin er m.a. vegna þess að svæðið er grýtt og þess vegna kjörlendi tegunda eins og steindepils *Oenanthe oenanthe*, snjótittlings *Plectrophenax nivalis* og maríuerlu *Motacilla alba*.

Á sandi fjarri sjó verpa fáir fuglar. Helst er að stöku sandlóa *Charadrius hiaticula*, tjaldur *Haematopus ostralegus* og strjálir fuglar máfaættar verpi á sliku landi. Það fuglalíf sem nú þrífst í sandgræðslunni má því að öllum likindum þakka uppgræðslunni. Fjölbreytileiki í gróðri og dýralífi (að fuglalífi meðtöldu) helst yfirleitt í hendur (Krebs 1994). Uppgræðslujurtir eins og melgresi gefa landi einsleitan svip en ef gróðurframvinda verður með því móti að slíkar jurtir hörfa og fjölbreytni gróðurs eykst er líklegt að fuglalíf svæðisins aukist enn. Erfitt er að spá fyrir um hvernig framvinda gróðurs verður en líklegt má telja að í framtíðinni aukist fjölbreytni blómplantna. Ef sú verður raunin er ekki ósennilegt að svæðið verði enn fýsilegra búsvæði fyrir fugla.

HEIMILDIR

Bibby, C.J., N.D. Burgess & D.A. Hill 1993. Bird Census Techniques. – Academic Press.

Jón Guðmundsson 1980. Sunnlenskar byggðir I: Tungur, Hreppar, Skeið. – Búnaðarsamband Suðurlands 1980.

Kirby, J.S. & Guðmundur A. Guðmundsson 1987. Densities of breeding waders in Heidmörk City Park, south-west Iceland. – Wader Study Group Bulletin 50: 20-24.

Kristinn H. Skarphéðinsson & Guðmundur A. Guðmundsson 1990. Fuglalíf í Skógum, Skagafirði, og nágrenni, 1987. – Bliki 9: 49-66.

Krebs, C. J. 1994. Ecology: The Experimental Analysis of Distribution and Abundance, 4. útg. – Harper Collins. New York.

Ólafur K. Nielsen 1980. Rannsóknir á þéttleika mófugla í Mývatnssveit 1978 og við Önundarfjörð og Dýrafjörð 1979. – Prófritgerð í líffræði við Háskóla Íslands.

SUMMARY

Breeding densities of birds in a soil-reclamation plot at Reykir in Skeiðar, S Iceland

Densities of breeding birds at Reykir in Skeiðar (64°03'N 20°28'W), S Iceland were estimated during summer of 1997 by mapping territories. In the beginning of the 20th century the study area was barren and unvegatated due to erosion. Vegetation constituting mostly of grasses and shrubs now covers the area. Since few bird species choose to breed on barren areas in Iceland the counts give an idea of how birdlife can increase as a result of vegetation improvements. The area was visited twelve times between 14 May and 20 June from nine in the morning until noon. The locations of all territorial birds or nests found were plotted in the field on a map in the scale 1:10,000. Later, all records were combined on a single map for each species. Clusters with four or more records of a species on the same spot were considered a territory or a pair. The most abundant species were Meadow Pipit *Anthus pratensis* (31,1 pairs/km²) and Golden Plover *Pluvialis apricaria* (18,1 pairs/km²). Other breeding species had densities of less than 5 pairs/km². They were Snipe *Gallinago gallinago*, Whimbrel *Numenius phaeopus*, Dunlin *Calidris alpina* and Redshank *Tringa totanus*.

Tómas Grétar Gunnarsson, Líffræðistofnun Háskólans / Institute of Biology, University of Iceland, Grensásvegi 12, IS-108 Reykjavík.

Fuglshamir skreppa saman í geymslu

Mælingar á 57 spóum *Numenius phaeopus* sem veiddir voru á hreiðrum 1997-1999 voru bornar saman við mælingar á 55 spóahömum í vörslu Náttúrufræðistofnunar Íslands (1. tafla). Einkennin sem borin voru saman voru nef (culmen) frá broddi að mótum fiðurs og nefs, vængur frá hnúa út á ystu handflugfjaðrir, haus frá hnakka fram á nefbrodd og rist (tarsus). Spóahamirnir frá NÍ voru að meðaltali 38 ára gamlir, þeir elstu frá 1945. Fimm fuglum var safnað frá 1945-1950, 29 fuglum frá 1950-1960, ellefu fuglum frá 1960-1970, níu fuglum frá 1970-1980 og einum fugli 1985. Kvenkyns spóar eru heldur stærri en karlkyns og gætu ójöfn kynjahlutföll bjagað niðurstöður ef kvenfuglar hafa verið hluftallslega fleiri í sýni lifandi spóa. Af kyngreindum spóum (42) frá NÍ eru 86% kvenfuglar. Af tvítoppa þyngdardreifingu lifandi spóa að dæma hafa kynjahlutföll þar verið nálægt því að vera jöfn.

Hamirnir höfðu rýrnað við geymslu um 3,3% að meðaltali fyrir mæld einkenni. Munurinn var marktækur fyrir öll mæld einkenni (t-próf, 1. tafla). Ef miðað er við meðalaldur hama (38 ár) og meðalrýrnun (3,3%) má sjá að hamur í geymslu rýrnar um 0,0868% á ári að meðaltali. Ef þessi rýrnun er stöðug tekur það meðalspóaham um 1152 ár að verða að engu! Þá þarf að endurnýja spóasafn NÍ ekki síðar en árið 3151.

Þessi rýrnun á sér væntanlega stað þegar hamirnir þorna og mjúkir vefir skreppa saman. Slíka vefi má t.d. finna utan á nefbeininu. Að fuglshamir skreppi saman við geymslu er velþekkt fyrirbæri og hefur m.a. verið skoðað hjá spóa (Skeel 1982).

HEIMILD

Skeel, M.A. 1992. Sex determination of adult Whimbrels. – J. Field Ornithol. 52: 414-416.

Tómas Grétar Gunnarsson, Líffræðistofnun Háskólans, Grensásvegi 12, 108 Reykjavík.

1. tafla. Samanburður mælinga á lifandi spóum af varpstöðvum á Suðurlandi og hömum spóa í vörslu Náttúrfræðistofnunar Íslands. Niðurstöður t-prófs eru sýndar ásamt hlutfallslegri rýrnun.

Einkenni	n	Meðaltal	Staðal-frávik	Bil	t	p	rýrnun í %
Rist (lifandi)	57	63,4	2,78	56,2-69,3	-4,617	<0,001	3,8
Rist (hamir)	55	61,0	2,73	57,4-67,4			
Vængur (lifandi)	47	262,2	7,20	248,0-278,0	7,008	<0,001	4,2
Vængur (hamir)	55	251,2	8,39	231,0-271,0			
Haus (lifandi)	57	126,3	5,43	114,3-138,7	2,481	0,015	2,1
Haus (hamir)	55	123,6	5,72	112,7-140,0			
Nef (lifandi)	57	84,6	4,62	75,9-95,5	3,061	0,003	3,2
Nef (hamir)	55	81,9	4,92	73,2-93,6			

Tveir himbrimar

Himbrimi *Gavia immer* er fagur og tilkomumikill varpfugl í náttúru Íslands. Varpheimkynni hans eru í norðanverðri Norður Ameríku, en utan þess svæðis hefur hann, auk þess að verpa á Íslandi, orpið á Grænlandi og Bjarnarey (Hjálmar R. Bárðarson 1986).

Himbrimar velja sér varpstað við góð veiðivötn, bæði í byggð og á heiðum uppi. Þeir eru ófélagslyndir og að jafnaði verpir aðeins eitt par við hvert vatn. Undantekningar eru helst fyrir hendi við stærri vötn. Komi óboðnir gestir í heimsókn á óðal er viðkomandi þegar í stað vísað á brott og þá með harðri hendi ef ekki vill betur til.

Sumarlandið

Á Fljótsheiði og Mývatnsheiði eru himbrimar á flestum vötnum og tjörnum. Á láglendi fyrir botni Skjálfandaflóa og á heiðum uppi, þar með talið Mývatn, verpa árlega um 22-24 himbrimapör. Að auki eru þarna viðloða geldfuglar, allt að því svipaður fjöldi og varpfuglarnir eru. Ætla má, að á svæðinu haldi til um 80-90 himbrimar yfir sumarið (Sverrir Thorstensen, munnl. uppl.).

Vorkoma himbrima að Laxárósi í Aðaldal og á Mýrarvatn við Laxamýri er a.m.k. í sumum tilfellum nokkuð snemma. Sé litið til 10 síðustu ára, þá er skráður komutími himbrima um miðjan apríl, en árið 1992 sáust þeir fyrst 28. mars (Sigurður Gunnarsson, dagbækur).

Frá Laxárósi er auðvelt fyrir himbrimana að fylgjast með ástandi og vorkomu á vötnunum, þar sem þeir munu helga sér óðal. En hætt er við, að í köldum vorum verði biðin eftir auðri vök orðin löng.

Vorið 1995

Veturinn 1995 var afburða snjóþungur og man sá er þetta ritar ekki eftir svo snjóþungum vetri. Vorkoma var nánast engin og land að mestu þakið snjó um miðjan maí. Daglega var veður nokkuð gott, hægviðri, en engin hlýindi. Þann 31. maí kom loks hláka og sumarið þá á næsta leiti (Sigurður Gunnarsson, dagbók). Það er því ekki að undra þó sumir fjallabúarnir í himbrimahópnum hafi þurft að þrauka lengi eftir auðri vök.

Vorið 1995 var ég um tíma við þorskveiðar í net á Saltvík, um eina til eina og hálfa sjómílu frá Laxárósi. Á Saltvík hef ég aldrei séð himbrima, en að vori eru þeir tiltölulega algengir við Laxárós. Tvisvar hafa himbrimar sést við Laxárós í jólatalningu, árið 1984 sáust þrír fuglar og 1996 sást einn fugl (Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn).

Helgi Héðinsson, sjómaður á Húsavík, hefur stundað þorsk- og hrognkelsaveiðar á Saltvíkinni í 39 vor og aldrei séð þar himbrima né fengið þá í veiðarfæri (Helgi Héðinsson, munnl. uppl.).

„Slys" á Saltvík

Sunnudaginn 14. maí 1995 var ég ásamt félaga mínum, Heimi Bessasyni á bát okkar, vb. Sólveigu ÞH 226, að draga þorskanet á Saltvík. Suðvestan gola var og lofthiti vel ofan frostmarks. Afli af þorski *Gadus morhua* var nokkuð góður. Líka í síðustu trossuna af fimm, en í henni voru 7 net.

Við vorum að draga miðnet trossunnar, þegar yfir netarúlluna valt himbrimi í fullum vorskrúða. Fiður fuglsins var gegnblautt, sem benti til þess að hann hefði verið nokkuð lengi í netinu, þó aldrei lengur en í um 20 klst. Sjávardýpi á miðri trossu var 7 faðmar og frá botni og upp að flotteini á neti um 2 faðmar, svo fuglinn hefur kafað nokkuð djúpt, þegar hann lenti í netinu. Lítið var um fugl á Saltvíkinni, en þó voru fáeinir æðarfuglar *Somateria mollissima* og nokkrar hávellur *Clangula hyemalis* upp við fjöru.

Netatrossuna lögðum við aftur á sama stað og hún var dregin og grunndrekinn ekki hreyfður úr botni. Daginn eftir, þann 15. maí, drógum við sömu trossu og í sama neti, þ.e. miðneti trossunnar, kom annar himbrimi í fullum vorskrúða. Þannig skiluðu þessir tveir fuglar sér í sömu trossu og sama net með sólarhrings bili (Dagbók vb. Sólveigar ÞH 226). Himbrimarnir voru kyngreindir hjá Náttúrufræðistofnun Íslands og kom í ljós að báðir voru karlfuglar (Ævar Petersen, munnl. uppl.).

Hugleiðing

Ljóst er að himbrimar eru afar fáséðir á Saltvík og ekki hafa þeir heldur áður komið þar í net, það ég best veit. Einhverra hluta vegna hafa þessir tveir komið þarna við, hvort þeir voru bara að hvíla sig eða í ætisleit, sem ekki er ótrúlegt, en þarna var loðna *Mallotus villosus* í litlum mæli. Mjög er ótrúlegt, að tilviljun ein hafi ráðið því, að þessir tveir fuglar komu í

sama net með sólarhrings bili. Hitt er öllu líklegast, að eftirlifandi fuglinn hafi þekkt nákvæmlega hvar félagi hans hvarf deginum fyrr og hafi farið að leita hans á sama stað og fest sig í sama netinu.

Til að staðsetja á opnu hafi blett, sem spannar lengd á einu þorskaneti, þurfum við mennirnir að nota krossmið á landi, ratsjá eða GPS gervihnattastaðsetningartæki. Það leiðir svo hugan að því hvort fuglar og fleiri dýr búi yfir meðfæddri staðsetningartækni.

ÞAKKIR

Fyrst af öllu þakka ég skipstjóralærðum vinum mínum fyrir að hafa hvatt mig til að festa þessar línur á blað. Ævari Petersen þakka ég fyrir upplýsingarnar um kyngreiningu fuglanna. Helga Héðinssyni þakka ég fyrir upplýsingar um fuglalíf á Saltvík, og Sverri Thorstensen þakka ég upplýsingar um varpstöðvar himbrima.

HEIMILD

Hjálmar R. Bárðarson 1986. Fuglar Íslands, i máli og myndum. – HRB, Reykjavik.

Sigurður Gunnarsson, Skálabrekku 1, 640 Húsavík.

Höfuðlausir kríuungar

Í Flatey á Skjálfanda var föst búseta til ársins 1967, að síðustu íbúarnir fluttu til Húsavíkur. Í eynni er mikið fuglalíf og varp verulegt. Algengustu tegundir eru kría *Sterna paradisaea* og æðarfugl *Somateria mollissima*.

Á meðan byggð hélst í eynni var varpið á norðurhluta eyjarinnar, en nú orðið dreifir varpfuglinn sér um alla ey. Á síðustu árum byggðarinnar var búsmali, kýr og sauðfé, á beit í eynni allt sumarið og þá á aðalvarpsvæði fuglanna.

Það mun hafa verið árið 1964, að hjónin Gunnar Guðmundsson og Hólmdís Jóhannesdóttir voru ásamt sonum sínum tveimur, Gunnari og Guðmundi, að hirða æðardún í varpi. Kríuungar voru þá litlir og á að giska 7-10 daga gamlir að jafnaði. Þá gerðist það, að þau fóru að sjá höfuðlausa kríuunga í varpinu. Virtist sem höfuð hefði verið bitið eða slitið af.

Næstu daga var unnið að dúnsöfnun og allsstaðar lágu höfuðlausir kríuungar. Áður en yfir lauk höfðu fundist nokkrir tugir, sem höfuð var bitið af. Þar kom, þegar ungarnir voru orðnir töluvert stálpaðir, að dúntekjufólkið kom að lambá, sem var að bíta höfuð af kríuunga og hékk bolurinn enn við höfuðið. Þegar ærin styggðist og sleppti bráð sinni, en þá var unginn dauður. Sáust á honum sömu ummerki og þeim höfuðlausu, sem áður voru fundnir (Gunnar Gunnarsson frá Flatey, munnl. uppl.).

Í Flatey er gróður nokkuð einhæfur, plöntutegundir fáar, en vegna mikils fuglalífs er þar vel grösugt og voru lömb í góðu standi hvað vænleika snerti að hausti og aðrar dýraafurðir ágætar (Hallur Jóhannesson frá Flatey, munnl. uppl.).

Hvað hefur fengið þessa einu á til að bíta höfuð af kríuungum er ekki gott að segja. Hugsanlega er þarna um efnaskort að ræða, sem þó var ekki þekktur á skepnum í Flatey.

Sigurður Gunnarsson, Skálabrekku 1, 640 Húsavík.

Jólaskraut á húsi skotveiðimanna

Nokkrir Íslendingar skreyta hús sín fyrir jólahátíð með kippum af rjúpum. Þeir virðast ekki geta notið íslenskrar náttúru nema með því að búast sérstökum skotveiðimannabúningi, aka um með alvæpni utan vega á heiðum á sérhönnuðum ófærubílum, leita þar uppi með aðstoð sérþjálfaðra hunda og skjóta vetrarrjúpur, sem einar upp til fjalla reyna að þrauka íslensk vetrarveður. Þessar aðfarir nefna sumir menn sportveiðar, en öðrum virðist vera um að ræða dráp að ástæðulausu, enda nægur annar jólamatur í alsnægtarsamfélagi nútímans. Þegar heim kemur hengja veiðimenn kippur af rjúpum upp utan á hús sín til þess að nágrannar geti notið þessa „skrauts" og dáðst að karlmennsku og skotfimi þeirra. – ***En sumir nágrannar kunna ekki að meta þetta jólaskraut.***

Þessi hugleiðing ásamt meðfylgjandi mynd barst BLIKA nýverið. Tekið skal fram að BLIKI stendur öllum lesendum sínum opinn og hvetur til umræðna um skotveiðar og hvaðeina um fugla sem lesendum kann að vera hugleikið. – Ritstjóri.

Rjúpukarrar í Höllum við Úlfarsfell 21. janúar 1999. – *Ptarmigan cocks on Hallar at Úlfarsfell, Reykjavík 21 January 1999.* – Jóhann Óli Hilmarsson.

SMÆLKI

Enn setja Gaukur og félagar met

Gaukur Hjartarson hefur enn einu sinni sett Íslandsmet í fuglaskoðun ásamt meðreiðarsveinum sínum. Hann segir í bréfi, dagsettu 14. október 1997, að hann hafi ásamt þeim Brynjúlfi Brynjólfssyni og Yann Kolbeinssyni séð **70 tegundir** fugla á einum degi, þann **18. maí 1997** (sjá einnig Blika 17: 70). „Við byrjuðum athuganir snemma morguns í Mývatnssveit, ókum austur öræfi og niður í Vopnafjörð og þaðan ströndina til Húsavíkur. Markmiðið var að sjá grænfinku á Þorvaldsstöðum og einnig að setja dagsmet tegunda. Þegar upp var staðið sáum við 70 tegundir af fuglum. Framsætismenn, þ.e. GH og BB sáu auk þess auðnutittling fljúga fyrir framan bílinn, en þrátt fyrir ítarlega leit tókst ekki að finna tegundina fyrir YK. GH heyrði alloft í eſjutítu í Hólsmýri, en YK varð ekki var við neitt þó hann væri í miðri mýrinni. BB var ekki skóaður til að vaða mýrina. Ég tel því að ég hafi orðið var við **72 tegundir** þennan daginn".

Í framhaldi af bréfi Gauks sendi Yann tölvusteyti til mín og gerði athugasemd við fjölda fugla í ofangreindri ferð: „Opinbera talan verður sennilega að vera **69 tegundir** (ef við fylgjum breskum reglum, en 70 ef finnskum reglum er fylgt). Ekki má bæta tegundum við á daglista, sem hafa verið geymdar í haldi þar til hópurinn kemur á staðinn, þó svo fuglinn sé búinn að vera í búri minna en 24 stundir. Þess vegna á ekki að telja grænfinkuna með í svona ferð. Ekki var hugsað út í þessar reglur þarna um vorið".

Á Bretlandseyjum og víðar keppa menn reglulega í fuglaskoðun, þar sem hvert lið reynir að sjá sem flestar tegundir á fyrirfram ákveðnum tíma (t.d. 12 eða 24 klukkustundum). Þar gilda þær reglur að tegund telst ekki með, nema allir í viðkomandi liði sjái hana. Í Frakklandi gilda sömu reglur, en í Finnlandi nægir að **yfir** helmingur þátttakenda sjái tegundina (t.d. 2 af 2, 2 af 3, 3 af 4). Hér hefur slík keppni ekki verið haldin enn, og því engar fastmótaðar reglur í gildi. Ég geri þó ráð fyrir að reglur að erlendri fyrirmynd yrðu notaðar.

Gaukur hefur bent á að finnsku reglurnar séu réttlátari en þær ensku og frönsku, enda þarf ekki nema einn „hálfsofandi" eða illa skóaðan fuglaskoðara til að draga töluna niður. Þetta finnst mér réttmæt athugasemd. Ég er einnig sammála Yann að tegundir sem geymdar eru í haldi og ganga má að sem vísum eigi ekki að telja með. Annars geta menn bara safnað tegundum í hald dagana á undan og tínt þær svo upp daginn sem keppnin fer fram. Ef við beitum þessum tveimur reglum á ferð þeirra Brynjúlfs, Gauks og Yanns 18. maí 1997 (þ.e. sleppum grænfinkunni), fáum við samt út **70 tegundir**, vegna þess að GH og BB sáu auðnutittling, sem ekki var talinn með í heildartölu þeirra, vegna þess að YK sá hann ekki. – *Gunnlaugur Pétursson.*

Kamböndin var frá Hollandi

Í júní 1988 fannst kambönd á Heimaey. Hún bar lokaðan hring með áletuninni „AOF 770 86 G 05732" (sjá *Blika* 8: 57-58 og 10: 24). Það var því ljóst að fuglinn var úr andagarði austanhafs eða vestan, en þrátt fyrir nokkra eftirgrennslan var ekki unnt að komast að því hvaðan fuglinn var. Í maí 1998 sendi ég fyrirspurn um hringinn á evrópska fuglanetið EBN (gegnum tölvupóst). Og viti menn, lausnin fannst.

Fyrst fékk ég reyndar skeyti frá Mike Rogerson í Lunada í Angóla. Í júní 1988 var hann í fríi og á ferð í bíl á Heimey í afleitu veðri. Hann sá „útataða kambönd vaða í drullunni eftir veginum". Þetta var ágætt fyrir mig, en ekki eins stórkostlegt fyrir vesalings fuglinn, segir hann í skeytinu. Hann átti ekki von á að sjá neinn fugl í þessu veðri, allra síst kambönd.

Næst fékk ég skeyti frá Gerrit Speek, sem er umsjónarmaður upplýsingamiðstöðvar merkinga í Hollandi (*Dutch Ringing Centre*). Hann segir að í Hollandi og Belgíu séu aðilar sem haldi fiskiendur (*Mergus*) og noti merki með áletruninni AO, sem sé skammstöfun á „Aviornis", félagi þeirra fuglahaldsmanna. Hann vildi fá nánari lýsingu á merkinu, en hana fékk ég hjá Þorvaldi Björnssyni (það er gulleitt álmerki og letrið er ýmist lóðrétt eða lárétt). Gerrit skýrði út áletrunina: á eftir AOF kemur númer merkingarmanns (770), síðan árið (86), svo stærð hringsins (G) og hlaupandi númer að lokum. Hann var svo vinsamlegur að hafa samband við merkjanda númer 770 (H. M. van der Velden, Lactariaweg 15, NL-5844 AH Stevensbeek, Hollandi (51°36'N, 05°55'E)), sem einmitt kvaðst hafa alið upp kambendur á árunum 1986-1988 og merkt þær með gulum hringjum (hann var

reyndar ekki viss um F-ið á eftir AO og hafði ekki lengur nákvæmar upplýsingar um merkingar frá þessum árum). Og meira að segja sluppu nokkrir fuglanna úr haldi á þessum árum. Það er því næsta ljóst hvaðan umrædd kambönd er.

Að lokum fékk ég skeyti frá Jim Barton (Cambridge, MA, USA), en hann hafði einmitt sent upphaflegt skeyti mitt til EBN áfram til „Birdchat", þar sem Mike Rogersson las það. Hann er mjög hrifinn af mætti „fuglanetanna", sem ná um heim allan, þar sem fyrirspurn frá Íslandi leiðir til svara frá Angóla, Ameríku og Hollandi! Hann telur þetta góða dæmisögu um það að menn eigi alltaf að skrifa hjá sér og geyma upplýsingar og hafa augu og eyru opin fyrir fyrirspurnum á þessum rafrænu miðlum. – *Gunnlaugur Pétursson.*

Gráhegrar éta keldusvín

Í desemberhefti *Birdwatching* árið 1996 segir frá því að spáð sé mikilli fækkun í vetrarstofni keldusvína í Dee Marshes í Cheshire í Englandi. Fuglafræðingar hafa nefnilega komist að því að gráhegrar éta mikið af keldusvínum. Þeir ná í keldusvínin, þar sem þau eru í felum í fljótandi jurtagróðri, fara með þau á grynnra vatn, drekkja þeim og gleypa. Má kannski einnig kenna gráhegrum (þeir eru vetrargestir hér) um fækkun og útrýmingu keldusvína hér á landi? – *Gunnlaugur Pétursson.*

Blindur er bóklaus fuglaskoðari

„Blindur er bóklaus maður" segir máltækið. Þetta á einnig við um fuglaskoðara þegar fuglabækur eiga í hlut. Á síðari árum hafa nokkur útgáfufyrirtæki gefið úr allmargar greiningarbækur um heilar ættir eða hópa fugla („monographs"). Þessa bækur hafa notið mikilla vinsælda erlendis. Þeir sem hafa sérstakan áhuga á einskökum hópum (t.d. öndum, vaðfuglum, uglum o.s.frv.) ættu að kynna sér hvað hér er á boðstólum.

Útgáfufyrirtækið *Helm* hefur gefið út eftirfarandi bækur: Sjófuglar; Endur; Vaðfuglar; Svölur; Þyrlar, svelgir og hranar; Finkur og spörvar, Krákur og skaðar; Meisur, igður og fetar; Skríkjur; Starar og mænar; Söngvarar í Evrópu og Asíu; Þernur í Evrópu og N-Ameríku. Væntanlega er bók um tána og önnur um kraka í Ameríku.

Útgáfufyrirtækið *Pica Press* hefur gefið út eftirfarandi bækur: Tittlingar og amerískir spörvar; Svarrar; Skúmar og kjóar; Spætur; Páfagaukar; Náttfarar; Rellur; Pjátrur og skyldir fuglar; Nunnur (Munias, Mannakins). Væntanlegar bækur eru: Albatrosar; Uglur; Svölungar; Þernur og skarar; Sólfuglar og skyldir fuglar; Dúfur.

Útgáfufyrirtækið *Oxford University Press* hefur gefið út eftirfarandi bækur: Paradísarfuglar; Svartfuglar; Rindilsöngvarar (Maluridae); Háleggjahænsn (Megapodidae); Mörgæsir. Væntanlegar bækur eru: Andfuglar; Pelíkanar, skarfar og ættingjar; Náttfarar; Túkanar, skeggjar og vísar.

Útgáfufyrirtækin *Poyser* og *Academic Press* hafa gefið út fjölmargar bækur um einstakar tegundir (t.d. um hrafna, skúma og kjóa, förufálka, turnfálka og rúkraga) eða tegundahópa (s.s. um svartfugla í Atlantshafi, hegra í Evrópu og greiningu máfa). Væntanleg er greiningarbók um ránfugla í Evrópu. – *Gunnlaugur Pétursson.*

Fjöldi bjartmáfa að vetrarlagi

Fyrir um einu og hálfu ári fékk ég bréf frá Svía nokkrum sem spurði um fjölda bjartmáfa við Ísland að vetrarlagi. Ég tjáði honum að ég hefði hvergi rekist á neinar tölur um fjölda þeirra. Í framhaldi af þessu reyndi ég að reikna út heildarfjöldann út frá þeim fjölda bjartmáfa sem sést hafði í Vetrarfuglatalningum ("Jólatalningum") undanfarinna ára, en þær fara fram víða um land eins og kunnugt er.

Fyrst reyndi ég að finna út hve mikinn hluta af heildarfjölda hvítmáfa, svartbaka og silfurmáfa menn sæju í Vetrarfuglatalningunum. Til þess notaði ég tölur úr talningum 1987 til 1994 (8 ár), sem ég fékk hjá Guðmundi A. Guðmundssyni. Einnig þurfti ég ágiskaðan varpfuglafjölda, sem hefur birst í a.m.k. tveimur heimildum. Ég gaf mér einnig að þessar tegundir væru staðfuglar. Svo og gaf ég mér að jafn mikið væri af ungfuglum og fullorðnum um áramót. Þetta eru allt grófar ágiskanir, sérstaklega sú síðasta, og niðurstöðurnar eftir því. Útreikningarnir voru gerðir á eftirfarandi hátt:

Hvítmáfur: Varpstofn er áætlaður 10000-15000 pör. Þannig ættu að vera 20000-30000 fullorðnir fuglar hér við land að vetrarlagi, að viðbættu öðru eins af ungfuglum, eða samtals 40000-60000 fuglar. Á árunum 1987 til 1994 sáust að meðaltali 7894 fuglar í talningu (frá 5783 til 10690), eða 13,2-19,7% af þessum áætlaða heildarfjölda.

Svartbakur: Varpstofn er áætlaður 15000-30000 pör. Þannig ættu að vera 30000-60000 fullorðnir fuglar hér við land að vetrarlagi, að

viðbættu öðru eins af ungfuglum, eða samtals 60000-120000 fuglar. Á árunum 1987 til 1994 sáust að meðaltali 7802 fuglar í talningu (frá 3346 til 12554), eða 6,5-13,0% af þessum áætlaða heildarfjölda.

Silfurmáfur: Varpstofn er áætlaður 5000-10000 pör. Þannig ættu að vera 10000-20000 fullorðnir fuglar hér við land að vetrarlagi, að viðbættu öðru eins af ungfuglum, eða samtals 20000-40000 fuglar. Á árunum 1987 til 1994 sáust að meðaltali 7052 fuglar í talningu (frá 3022 til 10994), eða 17,6-35,3% af þessum áætlaða heildarfjölda. Miðað við varppör finnst mér ótrúlega hátt hlutfall sem sést í talningunum.

Bjartmáfur: Þá getum við reiknað út fjölda bjartmáfa sem ættu að vera hér við land. Í talningunum 1987 til 1994 sáust að meðaltali 1649 fuglar í talningu (frá 1115 til 2252). Nú reiknum við fjöldann miðað við hinar þrjár tegundirnar:

Miðað við hvítmáf: 13,2-19,7% heildarstofnsins sést. Þá ættu að vera hér 8400-12500 bjartmáfar.

Miðað við svartbak: 6,5-13,0% heildarstofnsins sést. Þá ættu að vera hér 12700-25400 bjartmáfar.

Miðað við silfurmáf: 17,6-35,3% heildarstofnsins sést. Þá ættu að vera hér 4700-9400 bjartmáfar.

Skoðum þessar tölur aðeins nánar. Mig grunar að greining stórra máfa hafi ekki verið sterkasta hlið vetrarfuglatalningarmanna fram að þessu, sérstaklega greining bjartmáfa frá hvítmáfum, og er fjöldi bjartmáfa sennilega vanmetinn á kostnað hvítmáfa. Það þýðir að hækka ætti hlutfall bjartmáfa (og lækka hlutfall hvítmáfa). Þá gætum við fengið svipaða tölur og viðmiðunin við svartbak gefur eða 13-25 þúsund fugla. Ég vil þó aðeins draga úr vægi svartbaks og telja fjölda bjartmáfa hér við land að vetrarlagi (innan kíkisfæris) 15-20 þúsund fugla, eða að meðaltali **17500**. Viðmiðun við silfurmáf sker sig verulega úr og gefur að mér finnst of lága tölu. Hvernig á þessu stendur er ekki gott að segja. Ef til vill er varpstofn silfurmáfa vanmetinn.

Í framhaldi af útreikningum mínum sendi ég fyrirspurn til þeirra sem tengdir eru „fuglanetinu“ (fugl@ni.is, svokölluðum „þrönga hóp“), og bað þá að giska á fjölda bjartmáfa að vetrarlagi hér við land (innan kíkisfæris). Ég fékk 13 svör, allt frá 2000 til 68000 fugla. Aðeins tveir giskuðu á fjölda fyrir ofan 18500, en helmingur mat fjöldann lægri en 10200. Þessi 13 svör (ásamt ágiskun minni) gáfu að meðaltali 16585 fugla. Athygli vekur þó hvað matið er lágt (geómetrískt meðaltal um 11800), enda held ég að útreikningar mínir séu fremur vanmat en ofmat.

Það væri fróðlegt að nota aðrar viðmiðanir. Hettumáfur er sennilega ónothæfur, nema hægt sé að gera sér grein fyrir hlutfalli farfugla miðað við staðfugla. Stormmáfur er sennilega einnig ónothæfur vegna smæðar stofnsins og óvissu um hlutfall farfugla (vetrarendurheimtur eru of fáar). Allavega þarf viðmiðunin að vera staðfugl, með vel þekktan varpstofn og helst að vera máfur. Ef nota á svona viðmiðanir þurfa betri upplýsingar að liggja fyrir um hlutfall ungfugla og fullorðinna að vetrarlagi (þetta er einmitt verkefni fyrir talningamenn). Ágiskun mín hér að ofan varðandi svartbak, hvítmáf og silfurmáf var bara „út í loftið“.

Sjálfsagt má einnig meta varpfuglafjölda einhverra tegunda út frá tölum úr vetrarfuglatalningum eða finna óeðlileg frávik (eins og til dæmis varðandi silfurmáf). Einnig má nota talningarnar til að skoða hvort tegundum sé að fjölga eða fækka. En til þess að þetta sé hægt þarf að birta niðurstöður talninga reglulega. – *Gunnlaugur Pétursson*.

Hvað er undirtegund?

Ýmsum fuglategundum er skipt í undirtegundir (oft kallaðar deilitegundir). Þetta er gert þegar einhver teljandi munur er á útliti eða öðrum einkennum sömu tegundar innan útbreiðslusvæðis hennar. Oft er um litar- eða stærðarmun að ræða, eða jafnvel mismunandi rödd. Sumar tegundir eru svo líkar allsstaðar að ekki er ástæða til þess að skipta þeim í undirtegundir, en öðrum er skipt í fjölmargar undirtegundir (jafnvel tugi). Músarrindli er t.d. skipt í 40 undirtegundir og er ein þeirra bundin við Ísland (*Troglodytes troglodytes islandicus*). Langvarandi einangrun einstakra fuglastofna veldur því oft að þeir verða eitthvað frábrugðnir frændum sínum annars staðar. Þetta getur t.d. gerst á eyjum, sérstaklega meðal staðfugla þar, og eftir nokkur hundruð þúsund eða milljón ár verða til nýjar tegundir. Ísland er eyja og má því búast við ýmsum staðbundnum undirtegundum hér, þótt landið sé ekki svo jarðfræðilega gamalt að hér hafi myndast sérstakar tegundir fugla. Sem dæmi um undirtegundir hér, sem ekki finnast annars staðar (nema þá í Færeyjum), má nefna rjúpu (*L. m. islandorum*),

hrossagauk (*G. g. faroeensis*; einnig í Færeyjum), músarrindil (*T. t. islandicus*), skógarþröst (*T. i. coburni*; einnig í Færeyjum), hrafn (*C. c. varius*; einnig í Færeyjum), auðnutittling (*A. f. islandica*) og snjótittling (*P. n. insulae*). Skipting í undirtegundir er oft umdeild, og má nefna að stelkar og jaðrakanar hér á landi eru stundum taldir til sérstakra undirtegunda.

Yfirleitt er ekki hægt að greina fugl með vissu til undirtegundar nema hafa hann í höndunum, þannig að hægt sé að mæla hann eða skoða lit fjaðra, og getur þátt fyrir það verið erfitt að ákvarða undirtegund. Sumar undirtegundir eru þó auðgreinanlegar frá öðrum, jafnvel úti í náttúrunni. Hingað til lands flækjast án efa fuglar að ýmsum „ógreinanlegum" eða misvel greinanlegum undirtegundum fugla sem verpa annars hér á landi eða eru hér umferðarfuglar eða vetrargestir. Suma er þó hægt að greina til undirtegundar úti náttúrunni. Þar má nefna austræna blesgæs (*A. a. albifrons*; 5 tilvik), austræna margæs (*B. b. bernicla*; 19 tilvik), vestræna margæs (*B. b. nigricans*; 4 tilvik), ameríska urtönd (*A. c. carolinensis*; 59 tilvik) og bretaerlu (*M. a. yarrellii*; 5 tilvik). – *Gunnlaugur Pétursson.*

RITFREGNIR

The Bird Collectors
Höfundar: Barbara & Richard Mearns
Útgefandi: Academic Press Ltd., 1998
ISBN 0-12-487440-1
Brot: 177x252 mm, 472 bls.
Skráð verð: £34.95 (ca 4100+VSK)

Bliki hefur fengið þessa bók senda til umsagnar. Hún er mikil að vöxtum og fjallar ítarlega um fuglasöfnun allt frá upphafi sautjándu aldar. Ýmsum stórtækum fuglasöfnurum eru gerð góð skil, einkum þó breskum. Rætt er um hvernig einkasöfn breyttust í þjóðar- og vísindasöfn með tímanum. Þar sem fuglasöfnun hefur minnkað verulega á síðustu áratugum er bókin fyrst og fremst sögulegt yfirlit yfir þennan þátt fuglafræðinnar.

Bókinni er skipt í 17 kafla. Í fyrstu köflunum er ritað um veiðar fugla til mataröflunar og upphafi söfnunar í þágu vísinda og afleiðingar hennar, svo sem útrýmingu tegunda, dauðsföll safnenda, aukna þekkingu á fuglafræði og hvata til að koma upplýsingum á framfæri í bókum og nýjum tímaritum. Í næstu köflum bókarinnar er fjallað um aðferðir við fuglasöfnun, orsakir verulegrar aukningar hennar á nítjándu öld og áhrif kaupmanna og viðskipta á þessu sviði. Síðan er rætt um fyrstu leiðangrana til skipulegrar söfnunar fugla og verslun með hami. Þá er kafli um þátt fuglamálara og annar um safnara á vegum breska ríkisins. Sérstakur kafli er um hershöfðingja og lækna í breska hernum, sem höfðu greinilega ekkert annað að gera milli stríða en að safna fuglum. Heill kafli er og helgaður trúboðum og prestum, sem hneigðust til fuglasöfnunar hér og þar um heiminn.

Í síðari köflum bókarinnar eru frásagnir af „hinum miklu söfnurum" nítjandu aldarinnar. Sumir þeirra höfðu fjölda manns á sínum snærum um álfur allar. Mestur þeirra var Rothschild lávarður sem safnaði 280 þúsund fuglum af 3000 tegundum. A.m.k. 40 safnarar áttu meira en 10000 hami hver. Mörg þessi söfn urðu síðar uppistaða þjóðarsafna (til samanburðar eru nú um 12000 hamir í safni Náttúrufræðistofnunar Íslands). Sérstakur kafli er um konur, bæði safnara og málara. Undir lok bókarinnar er rætt um helstu frumkvöðla á sviði fuglaverndar, en flestir þeirra eru fæddir eftir miðja síðustu öld. Síðasti kaflinn fjallar um fuglasöfn og þýðingu þeirra í nútíma fuglafræði, kennslu og vísindum. Rætt er um umdeilda hluti, svo sem lagalegar og siðferðislegar hliðar fuglasöfnunar og hvort söfn eigi að halda sér við og þá hvernig. Í viðauka er getið allra safna sem geyma meira en 20000 hami.

Þetta er að sjálfsögðu ómissandi bók fyrir þá sem hafa áhuga á sögu fuglafræðinnar og þá sem hafa gaman af frásögum af veiðferðum og svaðilförum.

Gunnlaugur Pétursson

Birdwatching
Höfundar: Helgi Guðmundsson og Jón Baldur Hlíðberg
Útgefandi: Ritsmiðjan, Reykjavík, 1997.
ISBN 9979-9296-1-8
Brot: 135x200 mm, 64 bls.
Skráð verð: um 900 kr.

Á undanförnum árum hefur undirritaður fengið nokkur bréf frá erlendum fuglaskoðurum þar sem þeir spyrja hvar sé hægt að finna hinar og þessar tegundir fugla hér á landi. Þeir eiga hér leið um eða ætla að dvelja hér skamman tíma og þá langar til að sjá straumönd, himbrima, húsönd og ýmsar fleiri fugla. Þessum bréfum hefur verið svarað af bestu getu, en hingað til hefur vantað bækling eða bók, þar sem sagt er frá helstu fuglaskoðunarstöðum og hvar best og fljótlegast er að finna fugla á mismunandi tímum ársins.

Nýlega kom úr lítil vasabók á ensku sem nefnist *Birdwatching*. Hún var einnig gefin út á þýsku. Höfundarnir eru vel þekktir fuglaskoðarar og fararstjórar og hefur þeim áreiðanlega fundist vanta svona bók fyrir erlenda ferðamenn og fuglaskoðara sem hingað koma, og það með réttu eins og að ofan greinir.

Bók þeirra Helga og Jóns er ágæt svo langt sem hún nær, en svarar þó ekki öllum þeim nákvæmu spurningum sem undirritaður er iðulega spurður um, t.d. hvar sjá megi straumönd tiltekinn dag eða í tiltekinni viku eða hvert eigi að fara til að sjá stuttnefju á sem skemmstum tíma.

Þrátt fyrir nokkrar villur í ensku útgáfu bókarinnar, nýtist hún erlendum ferðamönnum áreiðanlega vel, og verðið er ekki hátt.

Gunnlaugur Pétursson

Stórvirki lokið:
Handbuch der Vögel Mitteleuropas

Árið 1997 lauk útgáfu miðevrópsku fuglahandbókarinnar: Handbuch der Vögel Mitteleuropas. Í þessu riti, sem hér á eftir verður nefnt Handbókin, er fjallað um alla fugla sem sést hafa í Mið-Evrópu, þ.e. Lúxemborg, Belgíu, Hollandi, Þýskalandi, Tékklandi, Slóvakíu, Austurríki, Sviss og Ungverjalandi. Allir fuglar, hvort heldur varptegundir, vetrar- og fargestir eða flökkufuglar á svæðinu, fá ítarlega umfjöllun.

Handbókin hefur verið lengi í smíðum og ætti að vera kunnug flestum fuglaáhugamönnum sem komnir eru til vits og ára. Alls komu út 14 bindi þessa mikla ritverks, í 22 hlutum, nærri 1 hillumetri og alls 15.332 blaðsíður! Að útgáfunni stóðu Urs N. Glutz von Blotsheim og Kurt M. Bauer, auk Einhart Bezzel um tíma, en fjölmargir höfundar koma einnig við sögu. Fyrsta bindið kom út árið 1966 og útgáfan stóð samfellt í nærri þriðjung aldar, enda er hér um stórvirki að ræða.

Í Handbókinni er fjallað um 540 tegundir fugla. Sérstakir kaflar eru um hverja tegund þar sem tekið er á flestu er þær varða: nöfn, útbreiðsla á heimsvísu, deilitegundir og stofnar, útlitseinkenni, nákvæm útlitslýsing, helstu mælingar, búningar, rödd, varpútbreiðsla, stofnstærð og stofnþróun, farleiðir og tímasetning fars, búsvæði, varp og viðkoma, stofnþættir s.s. kynþroskaaldur og lífslíkur, hegðun, fæða og loks heimildaskrá.

Myndefni er fjölbreytt, allt frá útbreiðslu- og endurheimtukortum, myndum af atferli og samanburði á útlitseinkennum og búningum tegunda og aldurshópa. Yfirleitt eru þetta skýrar svarthvítar pennateikningar, en oft hefði litur gert mikið gagn. Fáeinar litmyndasíður er að finna í bókunum, þar sem bornar eru saman mjög líkar tegundir.

Styrkur þessa verks umfram önnur nýrri er upplýsingamagn í formi margskonar gagna og ítarlegrar heimildanotkunar. Umfjöllun um einstakar tegundir spannar oftast tugi blaðsíðna, sem eru ríkulega myndskreyttar. Eftir því sem á útgáfu Handbókarinnar leið lengdist umfjöllun um einstakar tegundir. Það er eðlilegt, því nýjar upplýsingar og rannsóknir bætast stöðugt við. Sem dæmi má nefna að fjallað var um lóm og himbrima á 8 og 9 blaðsíðum í fyrsta bindi Handbókarinnar, en um snjótittling og auðnutittling á 50 og 87 blaðsíðum í hinu síðasta.

Handbuch der Vögel Mitteleuropas er sannkölluð biblía fuglafræðinnar í okkar heimshluta, upplýsingabrunnur og ómissandi heimild fyrir alla sem geta lesið þýsku. Ýmis hliðstæð ritverk um fugla, sem spanna sama eða stærra svæði, hafa komið út á síðari árum og eru þau mörg hver nútímalegri, en upplýsingamagnið er ekki sambærilegt - þar skjóta Glutz og félagar öllum ref fyrir rass.

Guðmundur A. Guðmundsson

Fuglagáta

Síðasta fuglagáta var með auðveldara móti, þó ekki sæist nema hálfur fugl á myndinni. Fuglinn stendur á haus eða er hálfur á kafi í vatni. Það bendir til að þetta sé andfugl af ættkvísl buslanda eða gráanda (*Anas*). Önnur einkenni sem sjást eru, að bak og yfirvængir eru grá, axlarfjaðrir með brúnum jöðrum, vængbroddar dökkir eða svartir, stél svart með ljósari jöðrum og fætur gulleitir eða rauðgulir. Einnig vottar fyrir hvítum vængspeglum. Ef einhver hefur verið að velkjast í vafa um hvaða önd þetta er, ætti síðastnefnda einkennið að skera úr um það. Eina buslöndin með hvítan vængspegil er gargönd *A. strepera*. Grái liturinn á baki og yfirvængjum, ásamt svörtu stélinu, bendir til að þetta sé steggur. Einkenni sem sjást ekki á myndinni eru m.a. grár búkur, brúnt höfuð, dökkgrár goggur, svartyrjótt bringa og svartur afturendi.

Myndin var tekin við Reykjavíkurtjörn 19. október 1998. Fáein gargandapör verpa árlega við Tjörnina og á haustin safnast þar saman gargendur úr nágrenninu, stundum í tugatali. Gargendur verpa einnig á Álftanesi, Seltjarnarnesi og e.t.v. víðar á Innnesjum. Gargönd er algengust við Mývatn og Laxá. Hún verpur annars strjált í lífríkum votlendum í Skagafirði, við Skjálfanda, Öxarfjörð, á Héraði, í Ölfusi og á Mýrum. Stofnstærðin er áætluð 200-300 pör. Gargöndin er farfugl, en fáeinar sjást á Innnesjum á veturna. – *Jóhann Óli Hilmarsson.*

Gargönd *Anas strepera*. Reykjavíkurtjörn, 19. október 1998. – Jóhann Óli Hilmarsson.

Alls bárust ritstjórn 7 úrlausnir frá lesendum Blika og voru þjórar þeirra réttar. Myndin var af gargandarstegg, en ekki var spurt um kyn. Aðrir nefndu bleshænu, stokkönd og rauðhöfðaönd. Dregið var úr réttum úrlausnum og er vinningshafi að þessu sinni Haraldur Ólason, Túngötu 3, Eyrarbakka. Hann fær eintak af Blika 20 sent án endurgjalds.

Við viljum hvetja lesendur Blika að taka þátt í þessum leik og greina tegundina á myndinni hér fyrir neðan. Aðeins þarf að skrifa nafn tegundarinnar, nafn þátttakanda og heimilisfang á blað og senda til Blika, Náttúrufræðistofnun Íslands, pósthólf 5320, 125 Reykjavík, merkt „Fuglagáta 9". – *Ritstjóri.*

Fuglagáta nr. 9. Greinið tegundina. – *Mystery photograph no. 9. Identify the species.*

Bliki

No. 20 – February 2000



CONTENTS

Árni Einarsson:
The Slavonian Grebe *Podiceps auritus* at Lake Myvatn 1

Anthony D. Fox, Ólafur Einarsson, Jóhann Óli Hilmarsson, Hugh Boyd & Carl Mitchell:
Spring staging by Pink-footed Geese in southern Iceland 11

Gaukur Hjartarson & Yann Kolbeinsson:
A Greenfinch in Iceland 21

Hólmfríður Sigþórsdóttir, Ester Rut Unnsteinsdóttir & Páll Hersteinsson:
The birdlife of Hlöðuvík (NW Iceland) in the summer of 1998 23

Kristján Lilliendahl & Jón Sólmundsson:
Observations at sea of passerines in a centre of a cyclone 33

Örn Óskarsson:
The Veiðivötn Lakes 37

Tómas Grétar Gunnarsson:
Breeding densities of birds in a soil-reclamation plot at Reykir in Skeiðar, S Iceland 60

Miscellaneous 63
Book reviews 70
Mystery photograph 72

ISSN 0256-4181

Bliki

TÍMARIT UM FUGLA
Nr. 20 – febrúar 2000

EFNI

Árni Einarsson:
Flórgoðavarpið í Mývatnssveit 1

Anthony D. Fox, Ólafur Einarsson, Jóhann Óli Hilmarsson, Hugh Boyd og Carl Mitchell:
Viðdvöl heiðagæsa á Suðurlandi að vori 11

Gaukur Hjartarson og Yann Kolbeinsson:
Grænfinka á Íslandi 21

Hólmfríður Sigþórsdóttir, Ester Rut Unnsteinsdóttir og Páll Hersteinsson:
Fuglalíf í Hlöðuvík á Hornströndum sumarið 1998 23

Kristján Lilliendahl og Jón Sólmundsson:
Í lægðarmiðju á hafi úti 33

Örn Óskarsson:
Veiðivötn - Konungsríki himbrimans 37

Tómas Grétar Gunnarsson:
Fuglalíf á uppgræddu landi 60

Fuglshamir skreppa saman í geymslu 63
Tveir himbrimar 64
Höfuðlausir kríuungar 65
Jólaskraut á húsi skotveiðimanna 66
Smælki 67
Ritfregnir 70
Fuglagáta 72

ISSN 0256-4181

Contents in English on Inside Back Cover